# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

139. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ 2017




Tugir komu saman og báðu og kveiktu á kertum fyrir utan Notting Hill Methodist kirkjuna í Vestur-London í gær í kjölfar stórbruna í íbúðarhúsnæði í borginni. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu 12 látið lífið og enn var verið að slökkva eld. Kristín Ólafsdóttir athafnakona var meðal fjölda Lundúnabúa sem aðstoðuðu íbúa hússins í athvarfi í gær. Sjá síðu 10 NORDICPHOTOS/GETTY

# Hlutabréfaeign almennings aldrei minni

**Bein hlutabréfaeign íslenskra heimila nemur aðeins um fjórum prósentum af markaðsvirði skráðra fyrirtækja. Hlutfallið ekki verið lægra í fimmtán ár. Forstjóri Kauphallarinnar segir þetta „áhyggjuefni“ og til marks um að ekki hafi tekist að byggja upp traust.**

**VIÐSKIPTI** Bein hlutabréfaeign íslenskra heimila í skráðum félögum nemur samtals um 49 milljörðum króna, eða aðeins um fjórum prósentum af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni, og hefur hlutfallið ekki verið lægra í að minnsta kosti fimmtán ár.

Þannig hefur hlutafjáreign heimila farið hlutfallslega lækkandi á undanförnum árum samhliða endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar en á árunum fyrir fall fjármálakerfisins átti almenningur að jafnaði á bilinu samanlagt um 12 til 17 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa, að því er fram kemur í gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Fréttablaðið.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir það vera „ákveðið heilbrigðismerki“ að almenningur sé virkur í fjárfestingum á hlutabréfamarkaði og því sé þessi þróun „áhyggjuefni“. Hann telur þetta til marks um að „við séum ennþá á þeim stað að þurfa að byggja upp traust gagnvart markaðnum“ auk þess sem almenningur hafi á síðustu árum hugsanlega fremur kosið að ráðstafa sparnaði sínum til fjárfestinga í fasteignum í stað hlutabréfa.

Páll segist hins vegar hafa væntingar um að með aukinni velmegun og minni verðhækkunum á fasteignamarkaði munum við sjá meiri áhuga almennings á því að fjárfesta í hlutabréfum, einkum og sér í lagi þegar stóru viðskiptabankarnir verði skráðir á markað. Hann telur engu að síður ólíklegt að eignarhald almennings á skráðum hlutabréfum verði í líkingu við það sem þekktist frá aldamótum og fram að hruni.

Lífeyrissjóðir áttu í maí um 40 prósent allra skráðra hlutabréfa í Kauphöllinni. Hlutabréfaeign einkafjárfesta í gegnum eignarhaldsfélög nemur tæplega 20 prósentum af markaðsvirði skráðra fyrirtækja á meðan hlutdeild erlendra fjárfesta er um 18 prósent. **– hae**

**49**

**milljörðum nemur hlutabréfaeign almennings í skráðum félögum en heildarmarkaðsvirði þeirra er um 1.200 milljarðar króna.**

## Framlegð IKEA aukist um 85%

**VIÐSKIPTI** Framlegð IKEA hefur aukist um 85 prósent á síðustu sex árum. Hún nam tæpum 4,3 milljörðum króna á síðasta rekstrarári, frá september 2015 til ágúst 2016, en var 2,3 milljarðar árið 2012. Á sama tíma hefur hagnaður verslunarinnar aukist um 222 prósent.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, segir hagnaðinn fullmikinn. Unnið hafi verið markvisst að því að „vinda ofan af“ stöðunni með því að lækka vöruverð. **– kij /** **sjá síðu 14**

> Ég er þeirrar skoðunar að hagnaðurinn sé fullmikill.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Pálmi Gunnarsson spyr: Er sjókvíaeldi umhverfisvænt? 18

**SPORT** Von íslenska karlalandsliðsins í handbolta um að komast á tíunda Evrópumótið í röð er orðin ansi veik. 32

**MENNING** Tríóið Aftanblik í Listasafni Íslands. 38

**LÍFIÐ** Rapparinn Herra Hnetusmjör fékk sér risavaxið húðflúr yfir magann. 56




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● HÖFÐINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Austan og norðaustan 5-13, hvassast á Vestfjörðum. Skýjað og dálítil rigning eða súld, en þurrt að kalla norðan- og norðvestanlands. SJÁ SÍÐU 36



**Húsnæðisverð hefur farið hratt hækkandi hér á landi undanfarin misseri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Húsnæðisverð hækkaði hvergi meira en hér

**EFNAHAGSMÁL** Húsnæðisverð hækkaði hvergi meira í heiminum en á Íslandi á fyrstu þremur mánuðum ársins, að því er fram kemur í nýrri skýrslu breska ráðgjafafyrirtækisins Knight Frank.

Alls hækkaði verð á húsnæði hér á landi um 17,8 prósent á tímabilinu, en sérfræðingar fyrirtækisins segja að ástæðuna megi rekja til viðvarandi framboðsskorts.

„Íbúðalánasjóður hefur gefið til kynna að níu þúsund íbúðir vanti á markaðinn á næstu þremur árum í Reykjavík til þess að anna eftirspurn,“ segir Kate Everett-Allen, greinandi hjá Knight Frank.

Í skýrslu Knight Frank kemur meðal annars fram að fasteignaverð á Íslandi hafi hækkað hraðar á undanförnum mánuðum heldur en í Hong Kong, Kanada og á Nýja-Sjálandi, en í öllum þessum ríkjum hefur fasteignaverð hækkað verulega og óttast greinendur jafnvel að bóla sé farin að myndast á fasteignamörkuðum þar. – **kij**

**17,8%**

**hækkun varð á húsnæðisverði á síðasta ári.**

# Vill bæta stíginn út í Geldinganes



**Jóhann Walderhaug, húsasmiður til 50 ára, er ekki sáttur við stíginn út í Geldinganes. „Ég fór í aðgerð fyrir ári og það mega engar misfellur vera því annars dett ég. Mig langar að komast á þennan sælureit en stígurinn er svo grófur og stórgrýttur að það er engin leið fyrir mig að komast þangað einn. Ég hef einu sinni farið aleinn og þá datt ég. Okkur gamla fólkið langar að komast út í þessa paradís,“ segir Jóhann.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Uber áfram til vandræða

**BANDARÍKIN** David Bonderman, stjórnarmaður í Uber, sagði að fleiri konur í stjórn myndi eingöngu verða til þess að það yrði „meiri kjaftagangur“ í fyrirtækinu. Þetta sagði hann á stjórnarfundi Uber, þar sem umræðuefnið var meðal annars bætt vinnustaðamenning. Hljóðupptaka af athugasemdum Bondermans lak í fjölmiðla. Í kjölfarið sagði hann sig úr stjórninni og sagði athugasemdirnar hafa verið „kæruleysislegar, óviðeigandi og óafsakanlegar“.

Málefni leigubílaþjónustunnar hafa verið mikið til umræðu síðustu misseri eftir að Susan Fowler, fyrrverandi starfsmaður Uber, sakaði yfirmenn sína um kynferðislega áreitni. Þá tilkynnti Travis Kalanick, forstjóri og einn stofnenda Uber, á þriðjudag að hann hygðist taka sér leyfi frá störfum. Þrjátíu starfsmönnum var vikið frá störfum á dögunum vegna rannsóknar á kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins. – **ósk**

# Listaverkin sem enginn hefur ánægju af lengur

**Útilistaverk í Reykjavík eru mörg hver að grotna niður vegna skemmda og sum þeirra jafnvel farin að rifna af undirstöðunum og orðin hættuleg vegfarendum. Listasafn Reykjavíkur fær eina milljón á ári til að halda við 148 verkum.**

**BORGARMÁL** „Ljóst er að ástand útilistaverka í borginni er orðið mjög slæmt og reglubundnu viðhaldi hefur ekki verið sinnt sem skyldi um árabil. Mörg þessara verka eru hreinlega að grotna niður og sum þeirra jafnvel farin að rifna af undirstöðunum og orðin hættuleg vegfarendum. Nauðsynlegt er að ráðist verði sem fyrst í viðgerðir á þessum verkum,“ segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði á fundi ráðsins í vikunni.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, sat fundinn og kynnti ástandið fyrir ráðinu. „Listin er til gleði og ánægju en staðan er sú að við höfum ekki nægt fjármagn til að sinna æskilegu viðhaldi. Það eru ákveðin verk sem, eðli máls samkvæmt, þurfa viðhald. Það var skorið niður fjármagn til viðhalds í hagræðingu árið 2010 og það hefur ekki komið til baka. Það hefur því safnast upp töluverður vandi,“ segir hún.

Ólöf og Listasafnið hafa kortlagt bráðavandann og segir hún að ein milljón króna á ári nægi ekki til að sinna viðhaldi á þeim 148 verkum sem eru á ábyrgð Reykjavíkurborgar. „Við höfum reynt að nýta þessa peninga vel en við náum ekki utan um allt. Við erum tilbúin með áætlun og vonandi fáum við meiri pening til að sinna þessu viðhaldi,“ segir hún. Meðal annars fer þessi eina milljón í að þrífa eftir skemmdarverk og þá hefur megnið farið í garðinn við Ásmundarsafn undanfarin tvö ár.

Þau verk sem þurfa á andlitslyftingu að halda eru meðal annars verkið Hyrningar eftir Hallstein Sigurðsson og stendur á horni Langholtsvegs og Álfheima. Málmskúlptúrinn Sólaraugað eftir Jón Gunnar Árnason sem stendur við Mjódd, Íslandsmerki eftir Sigurjón Ólafsson og stendur við Hagatorg og fleiri. Bronsverk í borginni þarf að þrífa og bóna og viðhalda. Það er því að ýmsu að hyggja. „Við erum að vona að við fáum frekara fjármagn og menningar- og ferðamálaráð hefur sýnt þessu mikinn áhuga.“ **benediktboas@365.is**



**Verkið Hyrningar VI eftir Hallstein Sigurðsson er um þrír metrar á hæð og um 2,3 metrar á breidd. Verkið stendur á horni Langholtsvegs og Álfheima. Það er eitt þeirra fjölmörgu verka sem þarfnast viðhalds.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Staðan er sú að við höfum ekki nægt fjármagn til að sinna æskilegu viðhaldi.**

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri



Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

HÚSASMIÐJAN blómaval

# TILBOÐSVEISLA

## Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI



STÓR í 17 cm potti

SÚPER TILBOÐ
Stór Hortensía
í 17 cm potti
íslensk ræktun
**3.490 kr**
~~4.990 kr~~

SÚPER TILBOÐ
Stjúpur, 10 stk.
íslensk ræktun
**990 kr**
~~1.790 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



SÚPER TILBOÐ
Gljámispill,
30-40 cm
íslensk ræktun
**990 kr**
~~1.490 kr~~

SÚPER TILBOÐ
Sýpris,
80-100 cm
**990 kr**
~~1.990 kr~~



SÚPER TILBOÐ
Hansarós
**1.990 kr**
~~2.990 kr~~

33% afsláttur

### Garðplöntuveisla í Blómavali:

Runnamura
**1.990 kr** ~~2.990 kr~~

Dornrós
**2.290 kr** ~~3.390 kr~~

Einir
**2.990 kr** ~~3.390 kr~~

**Sláttuvélar**
20-30% afsláttur



**Háþrýstidælur**
20-25% afsláttur



**Garðhúsgögn**
25% afsláttur



**Claber garðvörur**
25% afsláttur



**Hjálmur fylgir öllum hjólum**
Kaupauki



**Black&Decker**
30% afsláttur
Rafmagnshandverkfæri



**Ferðavörur**
20% afsláttur



**Hillurekkar**
20% afsláttur



**Byggjum á betra verði**

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Ekkert hlé í kvennadeildum á meðan landsliðið spilar í Hollandi

**ÍÞRÓTTIR** „Við gáfum út til félaganna að við myndum gera hlé hjá öllum þeim sem eftir því myndu leita,“ segir Birkir Sveinsson, mótastjóri hjá KSÍ, en Facebook-færsla Vilborgar Júlíu Pétursdóttur hefur vakið töluverða athygli en þar gagnrýnir hún að það sé ekki sérstakt EM-frí líkt og var gert þegar karlalandsliðið fór á EM. Kvennalandsliðið hefur leik í Hollandi á EM þann 18. júlí.

Birkir segir að þetta sé ekki alveg rétt og það sé frí í flestum mótum eftir miðjan júlí hjá yngstu iðkendunum. Fjórði og fimmti flokkur verður nánast alveg í fríi á meðan riðlakeppnin er leikin. Þá eru eftir elstu flokkarnir og meistaraflokkur en samkvæmt óformlegri könnun fara um 172 leikir fram á meðan EM kvenna stendur á móti 30 leikjum í 5. flokki og upp úr þegar karlarnir léku í fyrra. „Það voru mörg lið í fyrstu og annarri deild kvenna sem óskuðu eftir fríi á meðan EM stendur og í ýmsum öðrum flokkum á meðan einhver hluti liðsins ætlar að fara. Við vissum ekki alveg hvernig þetta yrði þannig að við gáfum út til félaganna að við myndum gera hlé og það var gert hjá þeim sem eftir því óskuðu,“ segir Birkir.

Hann bendir á að KSÍ hafi þurft að bregðast við á síðasta sumri vegna óvænts gengis íslenska landsliðsins og muni teygja sig eins langt og hægt er ef iðkendur vilja fara til Hollands. **– bb**



**KSÍ mun aðstoða eftir fremsta megni þurfi liðin á frestun að halda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## 60 íbúðir fyrir eldri borgara

**SKIPULAGSMÁL** Samkvæmt viljayfirlýsingu sem undirrituð var í gær mun Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra byggja 60 íbúðir fyrir eldri borgara á reit Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð.

Fram kemur í tilkynningu að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Magnús B. Brynjólfsson, formaður Samtaka aldraðra, undirrituðu viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og samtakanna um að þau fái úthlutað lóð á skipulagsreitnum við Stakkahlíð fyrir fjölbýlishús með 60 íbúðum fyrir eldri borgara.

Úthlutunin er í samræmi við markmið húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar og aðalskipulags Reykjavíkur 2010 til 2030 þar sem kveðið er á um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta, aukið framboð húsnæðis fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa og vilyrði Reykjavíkurborgar til Samtaka aldraðra frá apríl 2014.

Íbúðirnar verða litlar eða 40 til 60 fermetrar að stærð. Samtök aldraðra skuldbinda sig til að leita hagkvæmustu leiða í samningum við verktaka um byggingarframkvæmdir.

Verð byggingarréttar er 40 þúsund krónur á hvern byggðan fermetra ofanjarðar. Að auki greiðir félagið gatnagerðargjöld í samræmi við gjaldskrá Reykjavíkurborgar.

Hönnun íbúðarhúsnæðisins verður í samræmi við markmið húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða fyrir alla félagshópa.

Gildistími viljayfirlýsingarinnar er tvö ár frá undirritun hennar. **– sg**

**40**

**þúsund krónur eru greiddar fyrir hvern byggðan fermetra.**

# Glænýtt vopn sérsveitar þegar verið notað í lögregluaðgerð

Höggbyssu sem skýtur boltum var fyrir nokkru beitt á mann sem ógnaði lögreglu með búrhnífum. Það var í fyrsta og eina skiptið sem byssunni hefur verið beitt af sérsveit Ríkislögreglustjóra. Vopnið er kallað gula byssan enda fagurgult á lit. Lögreglan telur að notkun vopnsins jafngildi notkun á lögreglukylfu.

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra hefur einu sinni beitt svokallaðri höggboltabyssu, tiltölulega nýju vopni hjá sveitinni, með það að markmiði að yfirbuga mann. Guðmundur Ómar Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir vopnið vera flokkað sem „less lethal“ og vera jafnsett notkun á lögreglukylfu. Sérsveitin fékk vopnið til afnota í september á síðasta ári.

Höggboltabyssa skýtur gúmmíbolta á stærð við golfkúlu af miklum krafti í þann sem vopnið er beitt á. „Boltinn dugar til þess að stöðva hættulegan aðila á allt að 45 metra færi með mikilli nákvæmni og er alla jafnan notaður á styttra færi,“ segir Guðmundur Ómar. Hann segir vopnið yfirleitt notað á eins til tíu metra færi en byssan getur valdið sári á líkama ef henni er beitt af mjög stuttu færi.

„Vopnið hefur eitt sinn verið notað gegn mjög hættulegum einstaklingi sem ekki hlýddi skipun lögreglu um að leggja frá sér hnífa og hótaði að beita gegn lögreglu,“ segir Guðmundur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í umrætt sinn hafi Neyðarlínu borist símtal þar sem aðstoðar lögreglu var óskað en ekki gefnar nákvæmar upplýsingar um hvert neyðartilvikið væri. Tveir lögregluþjónar af almennri deild hugðust fara í útkallið en vegna óvissu um þær aðstæður sem lögregluþjónarnir voru að fara í bauðst aðstoð tveggja sérsveitarmanna sem komu með í útkallið.

Lögregla fékk þær upplýsingar að hafa þyrfti afskipti af fjölskylduföður sem hefði í nokkra daga verið í mikilli neyslu og var ástand hans þannig að aðstandendur höfðu tilefni til að óttast um hann og nánustu fjölskyldu mannsins. Þegar lögregla kom á vettvang hafi maðurinn aftur á móti gert sig líklegan til að ráðast á lögregluþjónana, vopnaður búrhníf í hvorri hönd, og þá hafi annar sérsveitarmaðurinn brugðist skjótt við með því að beita höggboltabyssunni á manninn. Við það hafi maðurinn misst hnífana og lögreglu gefist tími til að yfirbuga manninn. Það er mat lögreglunnar að þarna hafi mikið hættuástand skapast.

Sérsveit Ríkislögreglustjóra er vopnuð í öllum verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur, jafnan með Glock skammbyssur í hulstri. Hún hefur þó einnig yfir öðrum vopnum að ráða, bæði annars konar skotvopnum á borð við MP5 hríðskotabyssur og vopnum á borð við höggbyssuna. Guðmundur segir að höggbyssan sé ekki með í öllum verkefnum sérsveitarinnar heldur sé það mat hverju sinni hvort aðstæður gætu skapast þar sem byssunnar gæti verið þörf.

Í maí fór sérsveitin í fimmtán vopnuð útköll á þrettán dögum. Vopnuð útköll sérsveitarinnar fyrstu fimm mánuði ársins voru jafn mörg og síðastliðin tvö ár samanlagt. Útköllum sérsveitar í verkefni með almenni óvopnaðri lögreglu hefur fjölgað mikið.

**snaeros@frettabladid.is**




**Gula byssan sést hér í aðgerðum sérsveitarinnar í miðbæ Reykjavíkur. Byssan getur stöðvað hættulegan einstakling í 45 metra fjarlægð með nokkurri nákvæmni og hefur henni einu sinni verið beitt.** MYND/AÐSEND




RENAULT
Passion for life
NÝR MEGANE
Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.
MEGANE
MEGANE
NÝR RENAULT MEGANE ZEN
1,5 DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*
Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.
VERÐ: 2.890.000 KR.
ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðuþurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
ENNEMM / SÍA / NM82585
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## Lífsýni gæti leyst 33 ára morðmál

**FRAKKLAND** Par á áttræðisaldri og kona hafa verið yfirheyrð af lögreglu, tæpum 33 árum eftir glæp sem skók Frakkland. Tækniframfarir í DNA-rannsóknum varpa nýju ljósi á málið.

Málið á rætur að rekja til 1984, þegar lík hins fjögurra ára gamla Grégory Villemin fannst í á í Austur-Frakklandi. Morðinginn fannst aldrei. Klukkustundum áður en líkið fannst greindi frændi drengsins lögreglu frá símtali þar sem sagt var að honum hefði verið rænt. Daginn eftir fengu foreldrar drengsins bréf þar sem stóð að hann hefði verið myrtur og að morðinginn hefði loksins náð fram hefndum.

Málið skók frönsku þjóðina. Nokkru síðar var frændi drengsins, Bernard Laroche, handtekinn fyrir morðið. Honum var sleppt ári síðar því vitni dró framburð sinn tilbaka. Eftir að hafa verið látinn laus úr fangelsi var Laroche hins vegar skotinn til bana, af föður drengsins. Faðirinn var dæmdur í fangelsi fyrir morðið á Laroche og sat inni í fjölda ára. Þá var móðir hins fjögurra ára Christine Villemin dæmd í fangelsi fyrir morðið á syni sínum, en síðar sleppt. Hún fékk greiddar miskabætur frá franska ríkinu.

Málið hefur nokkrum sinnum verið tekið upp aftur, árið 2000 og 2008, en í bæði skiptin var vonast til að DNA-próf gætu varpað nýju ljósi á málið. Svo var ekki – þar til í gær, þegar par á áttræðisaldri var yfirheyrt vegna málsins. Samkvæmt BBC var þriðja manneskja einnig yfirheyrð og sögð tengjast Villemin-fjölskyldunni. Þá var amma drengsins sem myrtur var kölluð til sem vitni. **– ós**

**›› Málið á rætur að rekja til 1984, þegar lík hins fjögurra ára gamla Grégory Villemin fannst í á í Frakklandi.**



**Ferðmönnum heldur áfram að fjölga hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Kortavelta ferðamanna jókst um 28%

**VIÐSKIPTI** Kortavelta erlendra ferðamanna í íslenskum krónum jókst um tæp 28 prósent í aprílmánuði miðað við sama mánuð í fyrra. Á sama tíma var fjölgun ferðamanna um 62 prósent. Var þetta fimmti mánuðurinn í röð sem fjölgun ferðamanna reyndist meiri en vöxtur í kortaveltu þeirra, samkvæmt nýrri samantekt fjármálaráðuneytisins.

Fyrstu fjóra mánuði þessa árs fjölgaði erlendum ferðamönnum sem heimsækja Ísland um 56 prósent miðað við sama tímabil í fyrra og virðist því, enn sem komið er, gengisstyrking krónunnar hafa haft óveruleg áhrif á fjölgun erlendra ferðamanna, að sögn ráðuneytisins.

Ráðuneytið tekur fram að leiða megi að því líkur að þó að gengissveiflur hafi ekki veruleg áhrif á fjölda ferðamanna, þá hafi þær áhrif á neyslu þeirra í krónum. **– kij**

**›› Fyrstu fjóra mánuði þessa árs fjölgaði erlendum ferðamönnum sem heimsækja Ísland um 56%.**

## Bandarískur þingmaður skotinn




**Fulltrúar bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) á vettvangi í Alexandríu í Virginíu-ríki í Bandaríkjunum í gær eftir að fulltrúadeildarþingmaðurinn Steve Scalise var skotinn á hafnaboltaæfingu. Hann var við æfingar ásamt fleiri þingmönnum Repúblikanaflokksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Brexit gæti leitt til greiðari markaðsaðgangs fyrir Ísland

Bæði tækifæri og áskoranir fyrir Ísland og Íslendinga fylgja útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu segir Breta vilja vinna áfram að traustu viðskiptasambandi við Ísland.

**UTANRÍKISMÁL** „Í þeim skilaboðum sem ég hef séð frá breskum stjórnvöldum og af þeim fundum sem ég hef setið þá er ríkur vilji af hálfu Breta að halda áfram að vinna að traustu viðskiptasambandi við Ísland. Við höfum séð jákvæð merki um það og finnum ekki fyrir öðru,“ segir Ingólfur Friðriksson, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu.

Ingólfur heldur erindi á morgunverðarfundi sem fer fram á Grand Hóteli í dag undir yfirskriftinni Brexit – tækifæri og áskoranir til sjós og lands.

„Þetta er stórt og mikið hagsmunamál, þetta er nágrannaríki okkar og 11 prósent af þjónustu- og vöruviðskiptum fara þangað, það er mikilvægt að tryggja íslenska hagsmuni,“ segir Ingólfur.

Fram kemur í hagsmunagreiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins frá því í lok maí að tryggja megi áframhaldandi greiðan markaðsaðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir til Bretlands með gerð hagfellds fríverslunarsamnings, tvíhliða eða með hinum EFTA-ríkjunum. Slíkur samningur gæti skapað tækifæri fyrir enn greiðari aðgang en nú er með því að tollar féllu einnig niður af afurðum sem í dag bera toll inn til ESB.



**Brexit gæti haft í för tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ingólfur bendir á að margar af okkar helstu útflutningsvörum til Bretlands njóti fríverslunar í dag. Ef ekki væri fyrir EES-samninginn myndu vörur okkar mæta allt að 18 prósenta tollum. Ingólfur telur þó tækifæri í að endursemja við Breta. „Það sem við þurfum að horfast í augu við er að EES-samningurinn og þeir samningar sem við höfum verið að styðjast við eru orðnir dálítið gamlir. Við erum enn að byggja ákveðin viðskiptakjör á samningum frá 1972 og 1992, þó að þessir samningar gefi okkur mikinn aðgang inn á Evrópu þá taka þeir mið af viðskiptamynstri sem var þá. Í dag er til dæmis meiri eftirspurn eftir ferskum fiski sem þetta endurspeglar ekki.

Þarna eru vissulega sóknartækifæri í samningum við Bretana og hina á Evrópumarkaði,“ segir Ingólfur.

Að hans mati munu nýliðnar kosningar í Bretlandi koma til með að hafa áhrif á samninga. „Óvissan er núna um hvort stefnubreytingu verði, um hvað Brexit muni þýða og hvað muni taka við, hvort það verði „hart“ eða „mjúkt“ Brexit.“

Verið er að vinna hagsmunagreiningu með þátttöku allra ráðuneyta. Þegar hún liggur fyrir verður farið í víðtækt samráð við hagsmunaaðila til að undirbúa Ísland áfram fyrir viðræðurnar. **saeunn@frettabladid.is**

# Ástráður og Jóhannes með sama lögmann

**DÓMSMÁL** Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu vegna embættisfærslu dómsmálaráðherra þegar ákveðið var að fara á svig við tillögu dómnefndar um hæfi dómara í Landsrétt og velja þess í stað fjóra úr hópi þeirra sem síður þóttu hæfir. Jóhannes Rúnar var metinn tólfti hæfastur af dómnefndinni en var einn fjögurra í tillögunni sem ekki var í endanlegri tillögu dómsmálaráðherra.

Áður hafði Ástráður Haraldsson, sem dómnefnd mat fjórtánda hæfastan, stefnt íslenska ríkinu vegna embættisfærslunnar. Þingfesting var í málinu í gær en það hefur hlotið flýtimeðferð hjá dómstólum. Þá var ákveðið að íslenska ríkið hefði frest til 3. júlí til að skila inn greinargerð vegna stefnunnar. Héraðsdómari í málinu er Kjartan Bjarni Björgvinsson, sem nýverið lauk störfum sem formaður og eini nefndarmaður rannsóknarnefndar Alþingis í rannsókninni á einkavæðingu Búnaðarbankans.

Ástráður og Jóhannes Rúnar eru með sama lögmann, Jóhannes Karl Sveinsson. Jóhannes Karl sendi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd umsögn um ákvörðun dómsmálaráðherra þar sem hann var harðlega gagnrýndur. Þá sagði hann í umsögninni að í uppsiglingu væri hneyksli sem kæmi til með að skapa ríkinu bótaábyrgð.



**Ástráður Haraldsson**



**Jóhannes Rúnar Jóhannsson**

Jóhannes Rúnar segist í samtali við Fréttablaðið sömuleiðis hafa óskað eftir flýtimeðferð. Ekki sé búið að ákveða hvort stefnur lögmannanna verði eftir til vill sameinaðar í eitt mál. „Þetta var alls ekki erfið ákvörðun. Hún hefur legið fyrir í lengri tíma en það er ágætt að segja frá henni núna,“ segir hann.

Í tilkynningu Jóhannesar vegna málshöfðunarinnar segir meðal annars: „Það er valdníðsla þegar stjórnvald misnotar opinbert vald með þeim hætti að ólögmæt og ómálefnaleg sjónarmið, svo sem vinátta, flokkshagsmunir, eða óvild, ráða ákvörðun þess.“ **– snæ**



# CEDAR´S HUMMUS

Gegnsæi og heiðarleiki einkennir Cedar´s Hummus. Hráefnin eru vel valin og uppskriftirnar ósviknar. Úr verður gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana. Góður í t.d. vefjuna, með Cedar´s Pita chips, salatinu, pastanu, súrdeigsbrauðinu, grænmetinu og snakkinu.




BALSAMIC CARAMELIZED ONION




449 KR/STK

SUNDRIED TOMATO BASIL




GARLIC




AVOCADO




SRIRACHA




499 KR/STK

CEDAR´S SALSA




549 KR/STK

CEDAR´S SPINAT DIP


24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Framlegð IKEA hefur snaraukist

**Þrátt fyrir miklar verðlækkanir hefur hagnaður IKEA aukist um 222 prósent á síðustu sex árum. Framkvæmdastjórinn segir að hagnaður verslunarinnar hafi verið „fullmikill“.**




Framkvæmdastjóri IKEA segir verð á öllum vörum hafa lækkað þrívegis síðan í september. Verðlækkunin nemur samtals um 25% á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**VIÐSKIPTI** Framlegð af vörusölu IKEA á Íslandi hefur aukist úr 40,1 prósenti í 47,9 prósent af veltu verslunarinnar á síðustu sex árum. Framlegð verslunarinnar nam tæpum 4,3 milljörðum króna á síðasta rekstrarári, frá september 2015 til ágúst 2016, en hún var 2,3 milljarðar króna árið 2012. Þannig hefur hún aukist um 85 prósent á sex árum.

Á sama tíma hefur hagnaður verslunarinnar margfaldast og farið úr 235 milljónum króna á rekstrarárinu 2012 í 759 milljónir á síðasta rekstrarári. Það er aukning upp á 222 prósent. Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, segir að hagnaðurinn sé „fullmikill“. Unnið hafi verið markvisst að því að „vinda ofan af“ stöðunni með því að lækka vöruverð.

Þórarinn hefur látið til sín taka í umræðum um álagningu og verðlagningu á smásölumarkaði, sér í lagi eftir komu Costco hingað til lands. Hann sagði til að mynda í síðasta mánuði að íslensk verslun ætti mjög lítið inni hjá neytendum. Margir verslunarmenn hefðu farið fram með „truntuskap og okri mjög lengi“.

Þórarinn segir í samtali við blaðið að framlegð IKEA hafi aukist eftir því sem krónan hafi styrkst á undanförnum árum, þrátt fyrir að vöruverð hafi lækkað talsvert meira heldur en sem styrkingunni nemur.

Ástæðan sé að stórum hluta til sú að fólk kaupi nú í auknum mæli betri og vandaðri vörur sem eru í eðli sínu með hærri framlegð en ódýrari vörur. Þessar vörur hafi lækkað mikið í verði og eins hafi fólk meira á milli handanna en áður.

Þórarinn segist hafa lækkað verð á öllum vörum þrisvar á yfirstandandi rekstrarári, alls um 25 prósent á milli ára. „Það er allt að lækka hjá okkur. Það er bara tilkomið vegna þess að framlegðin er orðin of mikil miðað við það sem við viljum standa fyrir. En það sem gerist við þessar aðstæður er að fólk fer að kaupa vandaðri og betri hluti, til dæmis dýrari týpuna af dýnu. Dýnan sem kostaði 40 þúsund krónur hefur kannski lækkað niður í 30 þúsund en dýrari týpan, 60 þúsund króna dýnan sem þig langaði í, er komin niður í 45 þúsund. Þú kaupir hana þá í staðinn. Fólk er að leyfa sér meira, því það hefur efni á meiru, og það skilar sér í því að fólk fær betri vörur og framlegðin eykst hjá okkur. Allir græða í sjálfu sér,“ útskýrir hann.

> Fólk er að leyfa sér meira, því það hefur efni á meiru, og það skilar sér í því að fólk fær betri vörur og framlegðin eykst hjá okkur.
>
> Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi



**759**
**milljónir var hagnaður IKEA á síðasta rekstrarári.**

„Við erum að reyna eins og við getum að skila styrkingu krónunnar til baka með lækkunum. Ég er þeirrar skoðunar að hagnaðurinn sé fullmikill og við erum að reyna að vinda ofan af því eins og við getum.“

Hann bendir jafnframt á að kakan sé að stækka „gríðarlega mikið“ á meðan fasti kostnaðurinn, til dæmis húsaleigan, standi nokkurn veginn í stað. Það hafi áhrif á afkomuna.

Verslunin reynir að taka hagnaðinn inn á magni í sölu fremur en háu verði. „Við reynum að selja eins mikið af stykkjum og við getum með tiltölulega lágri framlegð í stað þess að selja færri stykki og fá hærri framlegð. Salan hjá okkur hefur aukist verulega og kakan er alltaf að stækka. Við metum selt magn í rúmmetrum og aukningin þar er 29 prósent á milli ára. Það er alvöru aukning. Ekki krónuaukning sem kemur bara til vegna þess að við lækkum eða hækkum verð.“ kristinningi@frettabladid.is




## Aukaársfundur 2017

Stjórn Birtu boðar til aukaársfundar fimmtudaginn 22. júní kl. 17 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar rétt til setu á fundinum.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins varða innleiðingu á tilgreindri séreign samkvæmt ákvæðum kjarasamninga en tillögurnar má sjá á heimasíðu sjóðsins, **birta.is**.

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is


# Ótryggð verk Magnúsar í Grafarvogskirkju

**MENNING** Verk eftir Magnús Kjartansson myndlistarmann sem hanga í Grafarvogskirkju eru ótryggð. Eftirlifandi eiginkona Magnúsar, leirlistamaðurinn Kolbrún Björgólfsdóttir eða Kogga, vill að kirkjan tryggi verkin en kirkjan hefur ekki svarað erindum hennar. Verkin hafa hangið í kirkjunni í áratug.

„Ég er ekki í neinum útistöðum við kirkjuna en mér finnst eðlilegt að verkin séu tryggð. Það pirrar mig stundum að það hafi ekki verið gert,“ segir Kogga. Fyrst áttu verk Magnúsar að hanga í kirkjunni í tilefni af myndlistarsýningu sem var þar haldin árið 2007. En þar eru þau enn. „Verkin eru þarna bara í láni en það er ekki neitt þras eða neitt slíkt og ég hef ekkert verið að jagast í þeim enda eru verkin stór og ég hef ekki pláss fyrir þau. En þau áttu að vera þarna í kringum þessa sýningu og það pirrar mig stundum að þau hafi hangið þar síðan,“ segir hún. Kogga bendir á að tvennt sé í stöðunni. Annaðhvort sæki hún verkin og komi þeim fyrir eða kirkjan tryggi þau og þau fái að vera í kirkjunni og gleðja gesti hennar eins og þau hafa gert undanfarin tíu ár. – bb



Kolbrún Björgólfsdóttir, Kogga.



Ein mynda Magnúsar í Grafarvogskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Magnús Kjartansson

Magnús var fæddur 4. ágúst 1949 í Reykjavík og lést árið 2006. Hann stundaði nám í listmálun við Konunglegu dönsku listaakademíuna 1972-1975. Magnús var einn af stofnfélögum Nýlistasafnsins og Gallerís Sólon Íslandus. Hann var kennari og prófdómari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands til margra ára. Magnús fékk margar viðurkenningar og verðlaun sem myndlistarmaður. Meðal annars fékk hann verðlaun í alþjóðlegri samkeppni myndlistarmanna í Lúxemborg 1972, Menningarverðlaun DV 1986 og starfslaun listamanna: 1980, 1984, 1988, 1990, 1994, 1998 og 2002.

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

得

5
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU




Pajero Instyle 7 sæta 4x4
**7.990.000**
Verðlistaverð: 9.390.000




GENGUR BÆÐI FYRIR RAFMAGNI OG BENSÍNI

Outlander Sport PHEV 4x4
**3.990.000**
Verðlistaverð: 4.590.000



L200 Double Cab 4x4
**4.750.000**
Verðlistaverð: 5.750.000




ASX Instyle 4x4
**4.190.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAÐ ÁRA FRESTI

Í tilefni af 100 ára afmælinu býður Mitsubishi ótrúlegt verð á 2017 línunni. Komdu og gerðu kaup aldarinnar á japönsku gæðabílunum frá Mitsubishi. Þeir koma með fimm ára ábyrgð og eru til afhendingar strax.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Fjöldi fréttamanna mætti í hverfið til að greina frá brunanum. Hann var að mati reyndra slökkviliðsmanna afar mikill og enn er óvíst hvað verður um rústir byggingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



# Að minnsta kosti tólf létu lífið í Lundúnum

**Stórbruni í 24 hæða fjölbýlishúsi í Lundúnum kostaði fjölda manna lífið og margir eru á bráðadeild á spítala. Kristín Ólafsdóttir hefur tekið þátt í að aðstoða þá sem misstu heimili sín og segir mikinn samhug vera í samfélaginu.**

Að minnsta kosti tólf eru látnir eftir að mikill eldur kom upp í íbúðarhúsi í norðurhluta Kensingtonhverfis í Lundúnum aðfaranótt miðvikudags. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu tólf látið lífið. Líkur eru á að tala látinna muni hækka.

Fjörutíu manns höfðu verið útskrifaðir af spítala en 18 voru áfram á bráðadeild.

Byggingin sem um ræðir heitir Grenfell Tower og er í norðurhluta Kensington. Byggingin er 24 hæða með 120 íbúðum og voru íbúarnir á milli 400 og 600.

BBC greinir frá því að slökkviliðsmenn hafi bjargað um 64 manns út úr byggingunni. Tilkynning um brunann barst klukkan 00.54 að staðartíma, eða 23.54 að íslenskum tíma, og var slökkvilið mætt á staðinn innan við sex mínútum síðar. Alls voru um fjörutíu slökkviliðsbílar á vettvangi og á þriðja hundrað slökkviliðsmanna.

„Ég er búin að vera niðri í hjálparmiðstöð rétt hjá heimilinu okkar síðan í nótt. Hér eru allir að hjálpast að og gefa nauðsynjahluti. Allir vilja gera gagn, fyrir utan að faðma fólk er hægt fara með teppi og snyrtivörur í kirkjurnar hér í kring og gefa í hjálparsöfnun. Við vorum að gefa viðstöddum kaffi og kökur og þeim sem tóku þátt í björgunarstörfum. Fólk er hérna líka að leita að vinum sínum og ættingjum,“ segir Kristín Ólafsdóttir, athafnakona og kvikmyndaframleiðandi, sem býr í nágrenni við bygginguna.

„Íbúar í blokkinni misstu allt sitt og fólk var að kasta börnum sínum út um glugga til þess að hjálpa þeim. Þetta er alveg hræðilegt, maður verður algerlega hjálparvana gagnvart svona atburði og hér í hverfinu er mikil ringulreið. Skóli krakkanna minna var lokaður eftir hádegi út af öskufoki og götur lokaðar allt um kring. Þyrlur fljúga stanslaust yfir og sjúkrabílasírenur hljóma og slökkviliðsmenn eru grátandi. Búið er að rýma heimili allt í kring um Grenfell Tower og þeir segja að um tvö þúsund manns þurfi húsaskjól í nótt. Allir í hverfinu eru að vinna saman til að hjálpa og ná utan um ástandið,“ segir Kristín.

Eldurinn virðist hafa kviknað á fjórðu hæð hússins og leitaði fljótt upp á næstu hæðir. Enn er þó óvíst hvað olli brunanum og ýtti undir að hann breiddist út, að því er kemur fram í frétt BBC um málið.

Sjónarvottar á jörðu niðri segjast hafa séð fólk í gluggum byggingarinnar þar sem það hrópaði á hjálp og barði í glugga.

Byggingin var reist árið 1974 og voru umfangsmiklar endurbætur gerðar á henni á síðasta ári. Nokkur óvissa ríkir um hvort hún muni hrynja í kjölfar brunans.

Bruninn þykir afar umfangsmikill. The Guardian greinir frá því að slökkviliðsmaður, sem vildi ekki láta nafns síns getið, segist aldrei á sínum sautján ára ferli hafa séð annað eins bál. Hann sagði að fjöldi slökkviliðsmanna hefðu tekið aukavaktir í gær vegna brunans og skoðað væri hvort byggingin gæti staðið áfram.

The Guardian greinir frá því að verið sé að skoða byggingar á svæðinu sem fóru í gegnum svipaðar endurbætur til að athuga eldvarnir þeirra.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur hlotið nokkra gagnrýni fyrir að ekki sé nú þegar búið að rannsaka byggingar sem verið er að endurbæta á svæðinu. Hún hefur lofað að almennileg rannsókn muni eiga sér stað á brunanum og hvaða lærdóm megi draga af honum. Hún vildi þó ekki nefna dæmi um hvað mætti fara betur.

Í gærkvöldi söfnuðust tugir manna saman á minningarstund vegna brunans. Fólki var boðið að kveikja á kertum og leggja þau fyrir utan Notting Hill Methodist kirkjuna í Vestur-Lundúnum. Þar var einnig sungið og ríkti þögn um stund til minningar um hina látnu.

**Þetta er alveg hræðilegt, maður verður algerlega hjálparvana gagnvart svona atburði og hér er mikil ringulreið í hverfinu. Skóli krakkanna minna var lokaður eftir hádegi út af öskufoki og götur lokaðar allt um kring.**

Kristín Ólafsdóttir, athafnakona og kvikmyndaframleiðandi





Bruninn var mikið áfall fyrir hundruð íbúa hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**400–600**

**manns eru taldir hafa búið í Grenfell Tower. Byggingin er 24 hæða með 120 íbúðum.**

## May gagnrýnd vegna skýrslu

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, segist „mjög hrygg“ vegna brunans í Grenfell Tower í nótt. Í gær boðaði hún til neyðarfundar til að sameina viðbragðsaðgerðir við brunanum.

Fjölmiðlar hafa vakið athygli á því að skýrslu fyrrverandi húsnæðisráðherra um eldvarnir hafi seinkað. The Guardian greinir frá því að kallað hafi verið eftir því að Gavin Barwell, fyrrverandi húsnæðismálaráðherra, verði rekinn úr núverandi starfi sínu sem starfsmannastjóri May, þar sem hann sat á skýrslunni sem vakti meðal annars athygli á eldhættu í háum byggingum.



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

# Brennuvargur taldi að Ikea ætti að borga

**DÓMSMÁL** Tvær konur og einn karlmaður, sem öll eru á þrítugsaldri, hafa verið dæmd til að greiða hvert um sig 150 þúsund krónur fyrir að hafa kveikt í IKEA-geitinni í nóvember síðastliðnum.

Málavextir eru þeir að starfsmaður IKEA hafði samband við lögreglu, aðfaranótt mánudagsins 14. nóvember, og sagðist hafa séð í eftirlitsmyndavél hvernig bíl var ekið að geitinni. Út úr honum hefðu stigið tveir einstaklingar og skömmu síðar hafi geitin skíðlogað.

Starfsmaðurinn ók því þegar á vettvang og reyndi að hefta för bifreiðarinnar en þegar það tókst ekki hafi hann veitt henni eftirför. Lögreglumönnum tókst loks að stöðva bílinn á Bústaðavegi þar sem brennuvargarnir voru handteknir, en þangað hafði starfsmaðurinn elt bifreiðina.

Fram kemur í dómnum yfir þremenningunum að karlmaðurinn og önnur konan hafi verið ölvuð og að af þeim hafi verið mikil bensínlykt.

Við skýrslutöku viðurkenndi karlmaðurinn að hann hafi kveikt í geitinni og notað til þess bensín. Hann hafi hlegið að öllu saman og talið þetta góða auglýsingu fyrir IKEA - svo góða að IKEA ætti í raun að borga sér fyrir að hafa kveikt í henni.

Karlmaðurinn var einn um að viðurkenna fyrir dómi að hafa kveikt í geitinni, önnur kvennanna bar við minnisleysi vegna ölvunar en ökumaðurinn sagðist ekki hafa séð hvort hinna tveggja hafði borið eld að geitinni. Þær viðurkenndu þó báðar að hafa verið viðstaddar þegar kveikt var í henni. **– sój**






# Arfleifð Jóhönnu lifir




**Fulltrúar Fatímusjóðsins, afkomendur Jóhönnu Kristjónsdóttur og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, komu saman í gær þegar fulltrúar Fatímusjóðsins afhentu 8,6 milljóna króna framlag til UNICEF sem rennur til stríðshrjáðra barna í Jemen. Fatímusjóðurinn var stofnaður árið 2005 af baráttukonunni Jóhönnu Kristjónsdóttur. Hluti upphæðarinnar sem fulltrúar Fatímusjóðsins afhentu UNICEF á Íslandi er afrakstur af skákmaraþoni Hrafns Jökulssonar og Hróksins en teflt var í minningu Jóhönnu sem féll frá skömmu fyrir maraþonið.** MYND/UNICEF

# Aukakílóin talin hættuleg

**Nokkur aukakíló á líkamanum geta verið nóg til að hættan á ótímabærum dauða aukist, að því er ný rannsókn hefur leitt í ljós. Þeir sem yppta öxlum taka áhættu, segja vísindamenn sem stóðu að rannsókninni.**

**HEILSA** Tveir milljarðar manna, eða 30 prósent jarðarbúa, glíma við ofþyngd eða fitu. Sjö prósent dauðsfalla í heiminum á hverju ári má rekja til fitu eða ofþyngdar. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar sem kynnt var á Eat-forum, árlegri ráðstefnu um heilsu, matvæli og sjálfbærni, sem haldin var í Stokkhólmi í þessari viku og greint er frá á vefnum Dagens Næringsliv.

Þar segir að það sé ekki bara fita, heldur einnig ofþyngd sem leiði til sjúkdóma og ótímabærra dauðsfalla. Dauðsföllum tengdum háum líkamsþyngdarstuðli hafi fjölgað úr 2,2 milljónum árið 1990 í 4 milljónir árið 2015. Líkamsþyngdarstuðull, BMI-Index, milli 25 og 30 er skilgreindur sem ofþyngd. Ef einstaklingur er með líkamsþyngdarstuðul yfir 30 er viðkomandi skilgreindur sem feitur.

Einn aðstandenda rannsóknarinnar, Christopher J. L. Murray segir heilsufar almennings almennt hafa batnað undanfarinn áratug. Fáein atriði hafi þó versnað og þeim þurfi að gefa meiri gaum. Efst á þeim lista sé ofþyngd. Kostnaðurinn vegna ofþyngdar hækki í nær öllum löndum.

Haft er eftir Walter Willett, prófessor við Harvard-háskólann, að niðurstöðurnar komi ekki á óvart. Afar fáum löndum hafi tekist að snúa ofþyngdarfaraldrinum við. Búast megi við verri afleiðingum faraldursins í framtíðinni þegar börnin sem eru of feit núna verða fullorðin.

> **30%**
> jarðarbúa glíma við ofþyngd.

Í grein í vísindaritinu The New England Journal of Medicine, sem birt var nú í vikunni, segir að árið 2015 hafi 107,7 milljónir barna glímt við offitu og 603,7 milljónir fullorðinna. Tilfelli offitu hafa tvöfaldast í yfir 70 löndum og fjölgað stöðugt í flestum öðrum löndum.

Þótt tilfelli offitu meðal barna hafi verið færri en meðal fullorðinna hefur tilfellunum meðal barna fjölgað meira en fullorðinna í mörgum löndum, að því er segir í greininni.

Murray segir að þeir sem yppti öxlum vegna þyngdaraukningar taki áhættu. Þeir eigi á hættu að fá hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, krabbamein og aðra lífshættulega sjúkdóma.

Vísindamennirnir hvetja einstaklinga sem eru með aukakíló að taka því alvarlega. Nýársheit um að létta sig eigi að verða heilsársverkefni en ekki hálfkák. Samtímis eigi að stefna að því að koma í veg fyrir að þyngjast aftur.

**ibs@frettabladid.is**


## BÍLALEIGUR ATHUGIÐ !

Erum með 35 stk **Suzuki Jimny árgerð 2012 og 2013 til sölu.** Bílarnir eru eknir á bilinu frá 70 til 80 þús. KM. Athugið að bílarnir eru seldir með frádráttarbærum virðisaukaskatti. Verð á 2012 árgerð er kr. 950.000 + 24% VSK og 2013 árgerð á kr. 1.050.000 + 24% VSK. Uppgefið verð miðast við að keyptir séu að lágmarki 5 bílar.

**Fyrstur kemur fyrstur fær.**

*Interport ehf*
*Hlíðasmára 13,*
*201 Kópavogur*
*Sími 415 7000*
*GSM 822 1216.*


# Íbúar ósáttir við upphaf framkvæmda

**SAMFÉLAG** Fjölmargir íbúar Rauðagerðis, Tunguvegar, Ásenda og annarra gatna hafa sent undirskriftarlista til Reykjavíkurborgar þar sem skorað er á ríki og borg að færa hjóla og göngustíg að Miklubraut og frá íbúabyggð. Lögreglan þurfti að bregðast við þegar framkvæmdir áttu að hefjast í gær en fella á 30 tré meðal annars. Óska íbúar eftir tafarlausum fundi með ríki og borg til að hagur íbúa verði tryggður og ríki og borg uppfylli lagaskyldur sínar um hljóðvist.

Áætlaður heildarkostnaður er 213 milljónir króna en verið er að gera strætórein á á Miklubraut til austurs við Rauðagerði. Einnig verður gerður téður hjóla- og göngustígur og hljóðmanir.

Vilja íbúar að lagðar verði fram hljóðmælingar fyrir öll hús sem verða fyrir ónæði vegna Miklubrautar, Ártúnshöfða og Sæbrautar. Þá vilja íbúar að útsýnispallur verði fjarlægður af skipulagi og gert verði nýtt aðalskipulag sem sýni breytingar fyrir og eftir fyrirhugaðar framkvæmdir. Þá spyrja íbúar hvort mótvægisaðgerðir ríkis og borgar við því að færa vegi nær íbúabyggð felist meðal annars í aukinni götusópun.




**Lögreglan tryggði að allt færi vel fram við Rauðagerði í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samkvæmt undirskriftarlistanum var íbúum lofað aukinni hljóðvist og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafi ekki verið sýnt fram á að hámarks árangri verði náð þá sérstaklega við öll hús í Rauðagerði fyrir utan hús númer 33, 35 og 37. Þau virðast ná markmiðum laga og reglna. **– bb**




20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GUCCI ILMUM 15.-21 JÚNÍ
FINNDU ÞINN GUCCI ILM OG FÁÐU VEGLEGAN KAUPAUKA FRÍTT MEÐ*
*á meðan birgðir endast
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Seðlabanki vinnur á móti styrkingu krónunnar

Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, telur að ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um að lækka stýrivexti bankans um 0,25 prósentustig sé afar jákvætt skref. Með lækkuninni dragi nefndin úr muninum á innlendum og erlendum vöxtum og vinni þannig á móti mikilli styrkingu krónunnar.

Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, eru því orðnir 4,5%.

Þrátt fyrir lækkunina segir Ingólfur að munurinn á nafnvöxtum til skamms tíma, innanlands og erlendis, sé enn mikill eða ríflega fjögur prósentustig en skammtímavextir eru enn mjög lágir í helstu viðskiptalöndum Íslands. Ingólfur segir að raunvaxtamunur sé einnig mikill og hafi ekki lækkað að sama skapi og nafnvaxtamunurinn.

„Mikill munur innlendra og erlendra vaxta er því enn talsverður hvati fyrir fjárfesta til að halda fjármunaeignum sínum í krónum sem eykur styrk gjaldmiðilsins. Er þetta umhugsunarefni fyrir næstu skref peningastefnunefndar,“ segir hann.

Ingólfur nefnir auk þess að verðbólga sé mjög hófleg, eða 1,7%, og undir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Þá séu verðbólguhorfur góðar og verðbólguvæntingar lágar. Því virðist vera svigrúm fyrir nefndina til þess að stíga frekari skref til lækkunar vaxta.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndarinnar kemur einmitt fram að verðbólguvæntingar til bæði skamms og langs tíma hafi lækkað áfram frá síðasta fundi nefndarinnar. Þá hafi



**Enn er talsverður hvati fyrir fjárfesta til að halda fjármunaeignum sínum í krónum.**

Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

raunvextir bankans hækkað. Gagnstæðir kraftar hafi sem fyrr áhrif á verðbólguhorfur, þar sem hækkun gengis krónunnar og lítil alþjóðleg verðbólga vegi á móti verðbólguþrýstingi af innlendum rótum.

Í yfirlýsingunni er jafnframt bent á að skýr merki um spennu í þjóðarbúskapnum kalli á peningalegt aðhald svo að tryggja megi verðstöðugleika. Hækkun raunvaxta bankans feli hins vegar í sér nokkru meira aðhald en nefndin hafði stefnt að og telur nægilegt til þess að stuðla að verðstöðugleika.

Peningastefnunefndin ákveður næst vexti 23. ágúst. – **kij**










**Jón Daníelsson, hagfræðingur við LSE, ræddi meðal annars íslensk efnahagsmál á fundi í hádeginu í gær. Hann sagði Íslendinga í öfundsverðri stöðu, en varaði við að hún gæti breyst hratt til hins verra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segir formlegan aðskilnað óþarfan

**Jón Daníelsson hagfræðingur telur hugmyndir um að skilja að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka ekki nógu vel ígrundaðar. Aðskilnaður myndi aðeins auka kostnað við bankaþjónustu. Ávinningurinn sé óljós.**

Jón Daníelsson, hagfræðingur við London School of Economics, gagnrýndi harðlega hugmyndir um að skilja að starfsemi fjárfestingarbanka og viðskiptabanka á fundi á vegum hagfræðideildar Háskóla Íslands í gær. Hann sagði hugmyndir í þá veru vondar og illa ígrundaðar. Bankar yrðu ekki gjaldþrota vegna eigin viðskipta með hlutabréf, heldur vegna starfsemi sem ætti heima í viðskiptabönkum. Formlegur aðskilnaður myndi aðeins auka kostnað við bankaþjónustu.

Eins og kunnugt er afhenti starfshópur sem fékk það hlutverk að skoða kosti og galla þess að aðskilja viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi Benedikt Jóhannessyni, fjármála- og efnahagsráðherra, skýrslu sína í fyrradag. Í skýrslunni eru þrjár leiðir skoðaðar en ein þeirra snýr að því að aðskilja með formlegum hætti starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Starfshópurinn tók þó fram að ekki væri tilefni til þess að ganga svo langt að svo stöddu. Fremur væri hægt að heimila áfram fjárfestingarbankastarfsemi innan alhliða banka, að því gefnu að hún yrði innan skilgreindra hlutfalla og að áhættu sem af henni stafar yrði mætt með fullnægjandi hætti.

Benedikt hyggst skipa nefnd sem mun vinna úr þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslu starfshópsins og á nefndin að skila niðurstöðum sínum næstkomandi haust.

Jón sagði á fundinum í gær að hugtökin fjárfestingarbanki og viðskiptabanki væru misvísandi. Fólk virtist beinlínis nota þau ranglega í umræðunni. Ljóst væri að margir viðskiptabankar stunduðu áhættusama spákaupmennsku og það sama ætti við um suma fjárfestingarbanka. Í Bandaríkjunum og Evrópu væri línan oft dregin við svonefnda stöðutöku, það hvort bankar gætu keypt hlutabréf fyrir eigin reikning eða ekki. „En það hefur ekkert með viðskiptabanka eða fjárfestingarbanka að gera. Það er bara spurning um hvað bankar geti gert innan marka reglnanna,“ sagði hann.

Hann sagði alls kyns vandamál fylgja því að skilja að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. „Fyrsta vandamálið er: Hvernig veit maður hvað bankar mega gera og hvað þeir mega ekki gera? Hvað á heima í viðskiptabönkum og hvað á heima í fjárfestingarbönkum? Stóran hluta eðlilegrar bankastarfsemi, þar með talið starfsemi sem er tiltölulega arðbær, má skilgreina báðum megin línunnar.

Ef þú þrengir skilgreininguna á viðskiptabanka of mikið verða bankarnir of dýrir. Fólk sem setur pening inn í þá fær lága vexti og fólk sem tekur lán hjá þeim þarf að borga háa vexti. Þessi aukakostnaður leiðir á endanum til þess að hagvöxtur verður minni en hann hefði annars verið,“ sagði Jón.

„Við vitum af hverju bankar verða gjaldþrota. Bankar verða ekki gjaldþrota út af stöðutöku. Þegar fólk talar um að það þurfi að banna stöðutöku til þess að tryggja stöðugleika, þá er það sagnfræðilega rangt. Bankar verða með nokkurri einföldun gjaldþrota af þremur ástæðum: Fasteignum, lánum til lítilla fyrirtækja og lánum til ríkisstjórna. Öll þessi atriði eru á sviði viðskiptabanka á meðan fjárfestingarbankastarfsemin skapar mikið af hagnaðinum án þess að auka líkur á gjaldþroti.“

**Ef þú þrengir skilgreininguna á viðskiptabanka of mikið verða bankarnir of dýrir.**

Jón Daníelsson, hagfræðingur

## Segir myntráð ekki góða hugmynd

Jón Daníelsson gagnrýndi einnig hugmyndir um upptöku myntráðs, sem felur í sér að gengi krónunnar yrði fest við annan gjaldmiðil. Hann sagði að samkvæmt víðustu skilgreiningu Seðlabankans á peningamagni, M4, væru 1.737 milljarðar króna í umferð hér á landi. Ef krónan yrði tengd við annan gjaldmiðil þyrfti Seðlabankinn að eiga varasjóð sem nemur allri þessari fjárhæð í erlenda gjaldmiðlinum. Einnig þyrfti hann að vera reiðubúinn til að bæta í sjóðinn ef peningamagnið ykist. „Kerfið virkar ágætlega þegar allt gengur vel en þegar í harðbakkann slær getur kerfið orðið einstaklega dýrt og erfitt að halda því gangandi,“ sagði hann. Argentínubúar hefðu fengið að kynnast því í byrjun aldarinnar.

Auk þess yrði álitamál á hvaða gengi ætti að skipta íslenskum krónum út fyrir erlendu myntina. „Vandamálið er að styrkleiki dollarans eða evrunnar ræðst af efnahagslífinu í Bandaríkjunum og Evrópu. Ef þú tengir þig við eitthvert land með annan efnahag en hjá þér, þá verður gengið annaðhvort of veikt eða of sterkt. Grikkland er fórnarlamb þess í Evrópu. Þeir eru með of sterkt gengi fyrir sig á meðan Þýskaland er með of veikt gengi fyrir sig. Mismunandi lönd þurfa mismunandi gengi.“

kristinningi@frettabladid.is




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

## Útvíkkun valds



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Yfirlýsing Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, hinn 8. júní síðastliðinn um sjálfstæða rannsókn hans á lögmæti ákvörðunar Alþingis um skipun dómara í Landsrétt var óvenjuleg.

Samkvæmt yfirlýsingunni telur forsetinn sig bæran og hafa það hlutverk að endurskoða tillögu ráðherra sem borin er undir hann til undirritunar samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar með tilliti til þess hvort hún sé haldin verulegum annmörkum. „Komst ég að þeirri niðurstöðu að mistök hefðu ekki átt sér stað við undirbúning og tilhögun atkvæðagreiðslunnar 1. júní og hún hefði verið í samræmi við lög, þingvenju og þingsköp,“ segir í yfirlýsingu forsetans.

Almennt hefur verið litið svo á að forsetinn sé valdalítill í raun að undanskildu hlutverki hans við stjórnarmyndun og málskotsrétti hans á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum eins og segir í 11. gr. stjórnarskrárinnar. Í 13. gr. hennar segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Þegar ákvæði stjórnarskrárinnar um að forsetinn hafi ákveðin störf með höndum eru skoðuð í þessu ljósi sést að vald forsetans er aðeins formlegt. Nokkuð útbreidd samstaða er um þetta meðal fræðimanna í stjórnskipunarrétti. Er þessari afstöðu meðal annars lýst í fræðiriti Bjargar Thorarensen prófessors, Stjórnskipunarréttur - undirstöður og handhafar ríkisvalds, sem kom út 2015.

Björg segir álitamál um áhrif þess að forseti neiti að undirrita tillögur ráðherra um tiltekin málefni þar sem stjórnarskráin áskilji meðundirritun. Þeir sem gangi lengst í þeirri skoðun að völd forsetans séu formsatriði bendi á að ekki sé lagagrundvöllur til að telja forseta hafa sérstakan rétt til athafnaleysis og að slík neitun væri í reynd markleysa. Björg dregur svo í land og endurtekur það sjónarmið sem haldið var á lofti af Ólafi Jóhannessyni heitnum og fleirum um að forsetinn verði ekki þvingaður til jákvæðra athafna og að hann geti haft öryggishlutverk við óvenjulegar aðstæður. Að þessu virtu er ljóst að þótt yfirlýsing forsetans á dögunum sé óvenjuleg er hún ekki fráleit í stjórnskipulegum skilningi.

Eitt af meginmarkmiðum stjórnlagaráðs með frumvarpi til nýrra stjórnskipunarlaga var að afnema „leppshlutverk“ forsetans og færa ákvæðin um forsetaembættið nær raunveruleikanum. „Telja verður afar óheppilegt að stjórnarskráin sé ekki skýr um afleiðingar þess að forseti neiti að undirrita stjórnarathafnir en aldrei hefur reynt á neitun forseta við slíkar aðstæður,“ segir í frumvarpi ráðsins frá 2011.

Forveri sitjandi forseta í embætti beitti framsæknum lögskýringum á valdheimildir sínar og tók sér ýmis völd í krafti þagnar eða óskýrra ákvæða um valdheimildir embættisins. Það sama virðist ætla að vera uppi á teningnum hjá hinum nýja forseta. Jafnvel þótt hann sé „ópólitískur“ og hafi komið úr akademísku umhverfi áður en hann tók við embætti. Þetta undirstrikar í hnotskurn nauðsyn þess að endurskoða og skýra ákvæði stjórnarskrárinnar um forsetaembættið.

> **Forveri sitjandi forseta í embætti beitti framsæknum lögskýringum á valdheimildir sínar og tók sér ýmis völd í krafti þagnar eða óskýrra ákvæða um valdheimildir embættisins.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Að reka í raðirnar**

**Þorsteinn Pálsson skrifar grein á Kjarnann þar sem hann fer yfir ríkisstjórnarsamstarfið hingað til. Þar tæpir hann á andstöðu tilfallandi þingmanna Sjálfstæðisflokksins við hin ýmsu mál og segir það veikleika stjórnarinnar og í öllu falli óvanalegt að sjá slíkar brotalamir hjá forystuflokki í ríkisstjórn. Með þessu reynir Þorsteinn, sem auðvitað var formaður Sjálfstæðisflokksins en er nú í Viðreisn, að reka þingmenn Sjálfstæðisflokksins í raðirnar. En eins og bændur taka lítið mark á sérfræðingum að sunnan sem gera sig gildandi í smalamennsku, er ekki líklegt að þeir Sjálfstæðismenn sem á annað borð hlaupa út undan sér komi til með að hlusta á strákinn sem flutti úr þorpinu.**

**Íhaldið**

**Þorsteinn segir mestu hættu ríkisstjórnarsamstarfsins vera að Sjálfstæðisflokkurinn nái saman við VG og Framsókn í stóru málunum sem þurfa að koma til álita á kjörtímabilinu. Ummæli sem virðast reyndar hafa farið rækilega öfugt ofan í flokksfélagana í VG. Það er hins vegar ekkert leyndarmál að margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sáu það samstarf sem vænlegasta kostinn í stjórnarmyndunarviðræðum og í raun enn aðeins Vinstri græn sem standa í vegi fyrir þeim sveitapiltsins draumi.**

**snaeros@frettabladid.is**

## Alzheimer



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

**Á síðustu dögum Alþingis var samþykkt með 63 greiddum atkvæðum þingsályktunartillaga Samfylkingarinnar um heildstæða stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun.**

Ísland hefur til þessa verið eitt örfárra Evrópuríkja sem ekki hafa mótað heildstæða stefnu í málefnum fólks með þennan hrörnunarsjúkdóm og eina norræna ríkið. Nefnd innan ESB lagði til í fyrra að Alzheimer-sjúkdómurinn og skyldir sjúkdómar yrðu skilgreindir sem forgangsverkefni í heilbrigðismálum í Evrópu samkvæmt stefnu sem hefði það að markmiði að bregðast við afleiðingum þessara sjúkdóma, og efla rannsóknir sem leitt gætu til markvissra meðferðarlausna.

Heilabilun er afleiðing nokkurra sjúkdóma þar sem Alzheimer er algengastur og orsakar um 60%–70% heilabilunartilfella, en aðrir sjúkdómar eru t.d. Lewy body heilabilun og æðakölkun. Nú eru engar leiðir til lækninga, en meðferð vegna heilabilunar er veitt með ýmsu móti, t.d. lyfjameðferð við undirliggjandi sjúkdómi, einnig sérhæfðri umönnun og með fræðslu til aðstandenda sem oftast sjá um umönnun innan heimilis. Sálfræðilegur og félagslegur stuðningur er veittur ásamt sérhæfðri hjúkrun og umönnun á seinni stigum.

Skráning einstaklinga með heilabilun er mjög brotakennd hér og enginn einn aðili getur á áreiðanlegan hátt tilgreint umfang heilabilunarsjúkdóma. Alzheimersamtök Evrópu (Alzheimer Europe) hafa áætlað að einstaklingar með heilabilun á Íslandi séu um 4.000 og byggja útreikninga sína á lýðfræðilegum aðstæðum. Þetta samsvarar um 1,19% af heildarfjölda íbúa. Hlutfall íbúa á Íslandi með greinda heilabilun samkvæmt þessu er enn umtalsvert lægra en reiknað meðaltal ESB-landa, sem er 1,55%.

Um sex milljónir einstaklinga í Evrópu eru greindar með Alzheimer og skylda sjúkdóma á ári hverju og fjölgar stöðugt. Ef horft er til greininga og framtíðarspár frá nágrannalöndum, m.a. frá dönskum og breskum greiningaraðilum, eru líkindi til þess að árið 2040 verði heildarfjöldi einstaklinga með heilabilun sem hlutfall af íslensku þjóðinni komið í 1,2–2,9%. Íslenska velferðarkerfið er enn sem komið er vanbúið til að takast á við þetta krefjandi verkefni.

> **Skráning einstaklinga með heilabilun er mjög brotakennd á Íslandi og enginn einn aðili getur á áreiðanlegan hátt tilgreint umfang heilabilunarsjúkdóma.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þúsundir allslausra í San Francisco

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Heimilisleysingjar eru nú algengari sjón á götum San Francisco en í öðrum bandarískum borgum, t.d. New York, Los Angeles og Chicago. Um þetta er að vísu engum óyggjandi staðtölum til að dreifa þar eð hagstofur halda engin gögn um heimilisleysingja, en blaðamenn vestra hafa birt margar greinar um málið undangengin misseri. Halldór Laxness hefði varla orðið hissa eins og hann lýsir San Francisco í *Alþýðubókinni* 1929 (bls. 144): „Þessi borg er full af auðæfum. Bankarnir skína í bronsi og marmara ... Samt kemur þúsund allslausra atvinnuleysingja til uppjafnaðar á hvern milljónamæring og heldur við hungurdauða."

Vandinn sem steðjar nú að San Francisco er samt ekki atvinnuleysi eins og í Kreppunni miklu. Atvinnuleysi er nú minna þar í borg (3% af mannafla) og minna í Bandaríkjunum yfirhöfuð (4%) en það hefur verið árum saman. Atvinnuleysi sem nemur 5% af mannafla telst samrýmast fullri atvinnu í Bandaríkjunum skv. viðtekinni skilgreiningu yfirvalda þar eð fólk sem er að leita sér að nýju starfi er skráð atvinnulaust um skeið. Leit að hentugu starfi getur tekið tíma. Hitt er einnig rétt að sumir hafa gefizt upp á vinnuleit og hafa því enga vinnu en eru samt ekki á atvinnuleysisskrá.

**Úr óvæntri átt**

Vandinn í San Francisco nú sverfur að úr óvæntri átt, úr Sílikondal ekki langt þar frá en þar er ein helzta tækniháborg landsins og heimsins alls. Ungir milljarðamæringar flykkjast þaðan inn til San Francisco þar eð þeir kjósa helzt að búa þar innan um lystisemdir einnar fegurstu borgar heims. Uppkaup þessa efnafólks á húsum og íbúðum í San Francisco hefur hleypt húsnæðisverði þar í áður óþekktar hæðir og þá um leið húsaleigu svo að nú orðið er dýrara að búa í San Francisco en í New York sem áður átti metið á landsvísu. Af þessu leiðir að margt fátækt fólk sem bjó áður undir þaki í San Francisco hefur hrakizt út á göturnar og hírist því úti á nóttunni. Næturnar eru jafnan kaldar í San Francisco. Við bætast þrálát drykkjusýki og lyfjaneyzla. Of stórir eiturlyfjaskammtar eru nú algengasta dánarorsök bandarískra karlmanna undir fimmtugu, ekki bara í San Francisco.

**Húsaleigusprenging**

Hér birtist ein skuggahlið velmegunar samfara miklum ójöfnuði. Auðkýfingarnir í Sílíkondal hafa ekkert gert af sér. Þeir hafa bara keypt sér húsnæði í fallegri borg þar sem þeir kjósa helzt að búa. Vandinn er að almannavaldið hefur ekki brugðizt nógsamlega við þessum búsetubreytingum með því að hlífa fátæku fólki við afleiðingum húsaleigusprengingarinnar. Sagan sýnir að almannavaldið vestra getur verið harðbrjósta eins og t.d. þegar geðsjúkrastofnunum var lokað þar í stórum stíl eftir 1980 og geðsjúklingar flykktust út á götur New York og annarra borga ef þeir áttu í engin hús að venda.

Húsaleiguhækkun undangenginna ára í Bandaríkjunum hefur haft ýmsar afleiðingar í för með sér. Margt ungt fólk hefur ekki lengur ráð á að koma sér upp eigin húsnæði í samræmi við fyrri væntingar og býr því lengur, stundum mörgum árum lengur, heima hjá foreldrum sínum en til stóð og eygir sumt aðeins veika von um að geta staðið á eigin fótum. Við bætast þungar námslánabyrðar, mun þyngri byrðar en fyrri kynslóðir námsmanna þurftu að bera. Af hvoru tveggja leiðir að margir foreldrar þurfa einnig að hagræða fyrri áætlunum og fresta því að minnka við sig húsnæði og flytja úr úthverfum í miðborgir. Af þessu leiðir streitu sem bæði börn og foreldrar hefðu helzt viljað komast hjá.

> **Við sjáum einnig móta fyrir þessum sama vanda hér heima þar sem sumir eftirlaunaþegar eru enn að bisa við að greiða niður námslán æskuáranna.**

**Hingað heim**

Þessi lýsing á ekki aðeins við um San Francisco heldur um Bandaríkin næstum öll og einnig um mörg Evrópulönd. Við sjáum einnig móta fyrir þessum sama vanda hér heima þar sem sumir eftirlaunaþegar eru enn að bisa við að greiða niður námslán æskuáranna, bankarnir fara sínu fram sem fyrr gagnvart lántakendum án þess að þurfa að lúta erlendri samkeppni, gríðarlegt innstreymi erlendra ferðamanna hefur í ofanálag hleypt húsaleigu í áður óþekktar hæðir og stjórnvöld láta eins og þeim komi vandinn ekki við.




VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Lodge járnpanna, 26 cm
Verð 8.900 kr.

kokka laugavegi 47
laugavegi 47 | www.kokka.is kokka@kokka.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

# Er sjókvíaeldi umhverfisvænt? Fyrri hluti



**Pálmi Gunnarsson**
tónlistarmaður

Splunkunýr framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva fór mikinn í Morgunblaðsgrein á dögunum og hjólaði í Björtu Ólafsdóttur umhverfisráðherra vegna sjókvíaeldis við Íslandsstrendur. Eins og búast mátti við frá talsmanni sambandsins, er í greininni skautað létt fram hjá staðreyndum en um leið látið að því liggja að Björt Ólafsdóttir hafi ekki hundsvit á því sem hún er að gera og að allir sem vilji fara varlega í sakirnar séu með einum eða öðrum hætti með óhreint mjöl í pokahorninu. Ég veit að Björt er fullfær um að svara fyrir sig og þær ávirðingar sem á hana eru bornar, en það er samt full ástæða til að skoða nokkrar staðhæfingar formannsins.

**Er laxeldi í opnum sjókvíum umhverfisvænt?**

Framkvæmdastjórinn spyr hvort ráðherrann hafi kynnt sér reynslu annarra þjóða og hvort hún viti að fiskeldi sé með umhverfisvænstu leiðum sem fyrirfinnist í heiminum til að framleiða mat fyrir vaxandi fólksfjölda. Ekki ætla ég að tíunda stöðuna í Noregi eða Chile en 10 þúsund tonna fiskeldi í opnum sjókvíum eins og starfrækt er í Arnarfirði og fyrirhugað er og í leyfisferli víða á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði skilar árlega í sjóinn 5 þúsund tonnum af saur og fóðurleifum sem samsvarar skolpfrárennsli frá 160 þúsund manna byggð. Sjókvíaeldi í opnum sjókvíum getur því varla kallast með umhverfisvænstu leiðum til að framleiða hollan mat. Svo er kannski ágætt að hafa í huga að til að framleiða kíló af eldislaxi þarf 1,35 kíló af fóðri, sem er að verulegu leyti unnið úr fiskimjöli og lýsi. Til að framleiða eitt kíló af fiskimjöli þarf svo 5-6 kíló af fiski; loðnu, kolmunna eða síld. Sjókvíaeldi er þess vegna matarsóun af verstu tegund og verður seint lausn fyrir hungraðan heim.

**Vel útbúnir til langferða**

Framkvæmdastjórinn spyr umhverfisráðherrann hvort hún viti að langstærsti hluti strandlengju Íslands sé lokaður fyrir fiskeldi af völdum manna og náttúru og heldur svo áfram og spyr hvort hún viti að um leyfisveitingar til starfseminnar og rekstrarins gildi ströng lög og reglugerðir gagnvart öryggi, heilbrigði og umhverfi.

Fyrir það fyrsta sleppa laxar í miklu magni úr opnum sjókvíum. Enginn með lágmarksþekkingu á slíkri starfsemi mótmælir þeirri staðreynd. Í Noregi hafa rannsóknir sýnt farleiðir strokulaxa allt að 2.000 kílómetra frá sleppistað að árvatni. Stórtjón á náttúru Íslands er yfirvofandi með strokulaxi norska eldislaxins og ljóst að norskir fjárfestar láta sér í léttu rúmi liggja afleiðingar af slíkum sleppingum. Þeir hafa nú þegar valdið óbætanlegu tjóni á stórum hluta norskra, skoskra og írskra veiðiáa svo ekki sé minnst á afleiðingar sjókvíaeldis í Chile sem ég hvet alla til að kynna sér. Það er sama hvernig talsmenn norsku fyrirtækjanna reyna að tala þennan iðnað upp, afleiðingarnar blasa við meðan púkinn á fjósbitanum fitnar á kostnað náttúrunnar og komandi kynslóða.

> **Í Noregi hafa rannsóknir sýnt farleiðir strokulaxa allt að 2.000 kílómetra frá sleppistað að árvatni. Stórtjón á náttúru Íslands er yfirvofandi með strokulaxi norska eldislaxins og ljóst að norskir fjárfestar láta sér í léttu rúmi liggja afleiðingar af slíkum sleppingum.**

**Neyðaraðgerð með lúsaeitri**

Framkvæmdastjórinn hælir íslenskum sjókvíaeldisfyrirtækjum sem hann segir að noti ekki nein lyf og klykkir síðan út með möntrunni um að sjókvíaeldisfiskur innihaldi mun minna magn mengunarefna en sá villti. Lyf er fallegt orð yfir lúsaeitur sem hefur verið notað í miklum mæli með afdrifaríkum afleiðingum. Síðustu fréttir frá frændum okkar Norðmönnum eru þær að farið sé að sprengja lúsina af laxinum með vetnisperkosíd þar sem flestöll eiturefni sem notuð hafa verið á lúsina séu að verða gagnslaus vegna þess að lúsin myndar mótefni gegn þeim. Stutt er síðan MAST sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem sagði meðal annars. „Staðreyndin er sú að laxalús hefur aldrei valdið vandræðum í íslensku sjókvíaeldi“ en þessari fréttatilkynningu var nokkrum dögum síðar fylgt eftir með annarri þar sem tilkynnt var um neyðaraðgerð með lúsaeitri til að vinna gegn lúsafári í Arnarfirði.

# Fimm hundruð milljón kíló



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Þeir sem hella mjólk út á morgunmatinn sinn upplifa öðru hverju eitt kíló þegar þeir taka upp óopnaða mjólkurfernu. Margfaldaðu þá tilfinningu með 500 milljónum og þú skilur að um er að ræða mikið magn. Hér er verið að tala um útblástur gróðurhúsalofttegunda þ.e. koltvísýring. 500 milljón kíló er magnið sem við Íslendingar þurfum að minnka, bara í samgöngum, til að ná skuldbindingum okkar í loftslagsmálum fyrir árið 2030. Þetta er ekki markmið heldur skuldbinding sem er, að mínu mati eitthvað, sem þarf að gera en ekki eitthvað sem okkur langar að gera. Samkvæmt skuldbindingum eigum við að minnka útblástur um 40% frá viðmiðunarári 1990.

En hvað með stóriðjuna og sjávarútveginn? Stóriðjan er í öðru kerfi, ETS-kerfi, sem hefur líka skuldbindingar og er óháð sérbókhaldi Íslands. Það má líkja þessu við bikar- og deildarkeppni í knattspyrnu. Bæði bikar og deild snúast um sama hlutinn þ.e. fótbolta. Fólk vill sjá árangur, og helst verðlaun, í báðum keppnum. Árangur í bikarkeppni gefur þér hins vegar engin stig í deildarkeppninni eða öfugt. Ef t.d. öll álver á Íslandi myndu loka á morgun, þá værum við samt sem áður ekkert nær því að ná skuldbindingum Íslands í loftlagsmálum. Hvað sjávarútveginn varðar, þá er það nú einfaldlega þannig að hann er nú þegar búinn að ná 40% minnkun frá viðmiðunarárinu 1990 með skynsamlegri sóknarstýringu og betri skipum.

Bruni jarðefnaeldsneytis er lykilþáttur í útstreymi koltvísýrings og um 70% af útblæstri heims koma til vegna orkunotkunar. Að meðaltali byggjast 80% af frumorkunotkun í heiminum á brennslu jarðefnaeldsneytis. Á Íslandi er þessu öfugt farið þar sem yfir 80% af frumorkunotkun koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þessi góða staða Íslendinga þrengir mjög aðgerðamöguleika okkar til að draga úr útblæstri. Á meðan aðrar Evrópuþjóðir geta náð 40% samdrætti með blöndu aðgerða sem snúa að raforkuframleiðslu, húshitun og samgöngum þá höfum við einungis samgönguflokkinn til að vinna með.

**Samgöngur eru lykilatriði**

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þegar kemur að fólksbílum þá eru lausnirnar tilbúnar og ekkert nema innleiðing eftir. Allir sem vilja endurnýja fólksbílinn sinn geta nú keypt nýjan eða notaðan bíl sem gengur að hluta eða öllu leyti fyrir rafmagni eða metani. Ef við setjum þetta magn í samhengi þá samsvara 500 milljón kg útblæstri um 200 þúsund fólksbíla. Það vill svo skemmtilega til að það eru einmitt um 200 þúsund virkir fólksbílar á vegum landsins. Þetta þýðir að til að ná 40% minnkun á útblæstri í samgöngum, miðað við árið 1990, þá þurfum við einfaldlega að skipta út öllum fólksbílum landsins yfir í nýorkubíla fyrir árið 2030.

Það er óþarfi að örvænta því allir ættu að geta fundið fólksbíl við hæfi, á næstu árum, sem gengur fyrir öðru en jarðefnaeldsneyti. Í síðasta mánuði voru t.d. rafbílar um 50% af nýskráðum bílum í Noregi. Ef þeir virka í Noregi þá virka þeir hér og það eina sem þarf er neyslustýring með innflutningsgjöldum. Trappa þarf upp innflutningsgjöld á bensín- og dísilbíla og endurmeta þau svo reglulega út frá því hversu hratt orkuskiptin ganga. Ef það stefnir í að við náum ekki Parísarmarkmiðum þá þarf að hækka gjöldin enn frekar og ef það stefnir í óefni þá þarf að íhuga bann við innflutningi á nýjum bensín- og dísilbílum eins og nokkrar hyggjast gera í nánni framtíð.

En hvaða forræðishyggja er þetta og aðför að einstaklingsfrelsinu? Mega neytendur ekki bara kaupa eldsneytisfreka fáka í friði? Að mínu mati á neyslustýring rétt á sér í þessu tilfelli þar sem eldsneytisnotkun er því miður ekki einkamál hvers og eins, því að ef við náum ekki markmiðum okkar þá mun kostnaðurinn lenda á okkur öllum. Er sanngjarnt að þurfa að borga fyrir losunarkvóta sem tilkominn er vegna óskynsamlegra bifreiðakaupa nágranna þinna í framtíðinni? Næsti bíll sem þú kaupir verður hreinlega að nota nútímalegri orku en sá gamli. Flóknara er það nú ekki.

> **Þetta þýðir að til að ná 40% minnkun á útblæstri í samgöngum, miðað við árið 1990, þá þurfum við einfaldlega að skipta út öllum fólksbílum landsins yfir í nýorkubíla fyrir árið 2030.**




**Umsóknarfrestur er til 15. júní**

# Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Kynntu þér spennandi, framsækið námsframboð og kennsluhætti Háskólans á Bifröst í einstöku námsumhverfi. Við bjóðum upp á hentugar íbúðir á hagstæðri leigu, leikskóla og góðar samgöngur við nálægan grunnskóla. Verslun, kaffihús og veitingastaður á staðnum ásamt líkamsrækt og persónulegri nánd við samnemendur og starfsmenn skólans.

**Viðskiptadeild**

BS í viðskiptafræði
- með áherslu á markaðssamskipti
- með áherslu á ferðaþjónustu
- með áherslu á þjónustufræði

**Félagsvísindadeild**

BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
BA í miðlun og almannatengslum

**Lagadeild**

BS í viðskiptalögfræði
BS í viðskiptalögfræði með vinnu

**Allt grunnnám er einnig kennt í fjarnámi.**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*

# Af hverju er kjörum öryrkja og aldraðra haldið niðri?



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Vinur minn einn á Facebook skrifaði eftirfarandi færslu þar:

Af hverju þurfa öryrkjar og aldraðir alltaf að berjast með kjafti og klóm fyrir lífi sínu? Hvers vegna eiga stjórnvöld aldrei frumkvæði að (kjara) leiðréttingum?

Ég tek undir þessi orð. Eftir að ég hafði unnið í mörg ár fyrir kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík, fór ég einmitt að undrast það hvað stjórnvöld hér voru neikvæð í garð aldraðra og öryrkja. Þessu er öfugt farið í grannlöndum okkar. Þar eru stjórnvöld jákvæð í garð eldri borgara og öryrkja. Þetta breytist ekkert hér þó uppsveifla sé í hagkerfinu, hagvöxtur í hæstu hæðum og afkoma ríkissjóðs hafi stórbatnað. Stjórnvöld haga sér áfram í samskiptum við lífeyrisfólk eins og kreppa sé í landinu!

### Nógir peningar fyrir aðrar stéttir

Launahækkanir til annarra en aldraðra og öryrkja eru hins vegar ekki skornar við nögl. Stöðugt berast fréttir af nýjum kjarasamningum embættismanna og miklum launahækkunum þeirra. Áður höfðu verið birtar fréttir af miklum launahækkunum ráðherra og alþingismanna. Það er athyglisvert við launabreytingar embættismanna og stjórnmálamanna, að þeir fá yfirleitt allir hækkanir langt aftur í tímann allt upp í 18 mánuði. Hvers vegna fá aldraðir og öryrkjar ekki afturvirkar hækkanir á sínum lífeyri?

Með hliðsjón af öllum þessum miklu launahækkunum er vissulega tímabært að endurskoða lífeyri aldraðra og öryrkja og hækka hann það myndarlega að þessir aðilar geti lifað mannsæmandi lífi og þurfi ekki að kvíða morgundeginum. Í umræðunni um kjaramál aldraðra og öryrkja er vert að halda eftirfarandi til haga: Greiddir eru fullir skattar af lífeyri aldraðra og öryrkja. Lífeyrir úr lífeyrissjóði veldur skerðingu lífeyris frá almannatryggingum. Ég tel að lífeyrir aldraðra og öryrkja eigi að vera skattfrjáls. Þannig er það í Noregi.

Þegar stjórnvöld birta upplýsingar um kjaramál aldraðra og öryrkja láta þau gjarnan í té upplýsingar um heildartekjur allra lífeyrisþega (og þar á meðal lífeyrissjóðstekjur). Með því að taka hæst launuðu eldri borgara með hækkar meðaltal tekna verulega og það lítur út fyrir að tekjur allra eldri borgara séu ágætar. En svo er ekki. Margir eldri borgarar og öryrkjar hafa mjög lágan lífeyri og óviðunandi kjör.

### Bæta þarf kjör þeirra, sem verst eru staddir

Kjarabarátta eldri borgara snýst um að bæta kjör þeirra, sem verst eru staddir; þannig að þeir hafi sómasamleg kjör. Einnig er barist gegn skerðingu tryggingalífeyris vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almannatryggingar en að þeir yllu ekki skerðingu tryggingalífeyris.

# 1.500 heimilislæknar í Hörpu



**Þórarinn Ingólfsson**
formaður Félags íslenskra heimilislækna

Heilbrigðiskerfi heimsins standa frammi fyrir miklum áskorunum og eru ekki að uppfylla væntingar almennings. Það gætir óþolinmæði hjá almenningi þegar heilbrigðisþjónustan nær ekki markmiðum sínum. Flestir eru sammála um að heilbrigðiskerfin þurfi að bregðast við þessum áskorunum hraðar og betur. Alþjóðlegum heilbrigðisyfirvöldum og í nágrannaríkjum okkar er mönnum orðið ljóst á síðustu árum að það er heilsugæslan sem á áhrifaríkastan hátt getur svarað þessum áskorunum.

Heilsugæslan annast fólk og læknar það, færir því hvatningu og hughreystir það og eflir á öruggan og árangursríkan hátt. Heilsugæslan veitir sína þjónustu á ytri mörkum heilbrigðiskerfisins og er tengiliður þess við ýmsa þjónustu, sjúkrahús og sérfræðinga. Heilsugæslan flokkar ekki fólk eftir sjúkdómsgreiningum, kyni eða aldri, allir eru velkomnir alltaf og það er réttur fólks að aðgangur að heilsugæslu sé óhindraður. Þetta er það sem liggur að baki þegar gerð er krafa um að heilsugæslan eigi að vera „fyrsti viðkomustaðurinn“.

Heimilislæknar hafa verið í fararbroddi þeirra lækna sem benda á að lausnir á áskorunum þeim sem við blasa á 21. öldinni felist ekki í nýrri tækni, fjarlækningum, nýjum „öppum“, eða straumlínulækningum. Hefja þarf til vegs og virðingar nálægð læknisins og annars vel þjálfaðs heilbrigðisstarfsfólks við sjúklingana. Forðast ber oflækningar og ofgreiningar hvers konar.

Í framlínunni verður aðgengi að heilbrigðisstarfsfólki með mikla færni í sjúkdómsgreiningu að vera gott og skilningur á mikilvægi þess vanda sem fólk glímir við og hver viðeigandi úrræði eru. Fyrsta skylda læknisins er að valda ekki skaða í viðleitni sinni til að hjálpa. Þema ráðstefnunnar er „from the core“, eða frá hjarta læknisfræðinnar, þar sem læknisviðtalið og færni læknisins og traust til hans er nýtt til heilsueflingar og forvarna og til að bregðast við þegar heilsuvandi knýr dyra. Til þess að finna bestu lausnirnar fyrir hvern og einn verður að vera til staðar traust og þekking og gott aðgengi að heilsugæslu.

Nú stendur yfir í Hörpu ein stærsta læknaráðstefna sem haldin hefur verið á Íslandi. Um er að ræða norrænt þing heimilislækna sem haldið er annað hvert ár og skiptast Norðurlöndin 5 á að halda þingið. Íslenskir heimilislæknar hafa undirbúið ráðstefnuna nú og hafa veg og vanda af og er um met aðsókn að ræða. 1.450 heimilislæknar frá 27 mismunandi löndum hafa skráð sig til að skiptast á skoðunum og ráða ráðum sínum um framtíð heimilislækninga og heilsugæslu. Óhætt er að fullyrða að Norðurlöndunum hefur tekist vel að þróa heilsugæslu grunnstoð heilbrigðiskerfa sinna og horfa önnur lönd í Evrópu og víðar til Norðurlanda.

Áfram heilsugæslan!

# Betri þjónusta Strætó



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarformaður Strætó

Stjórn Strætó samþykkti þjónustustefnu í byrjun maí sem nú er í innleiðingu. Allar rekstrareiningar innan fyrirtækisins munu þannig setja sér markmið um hvernig hægt sé að bæta þjónustuna við farþega. Markmiðið er að farþegar upplifi sig velkomna og örugga í vögnum og ferðaþjónustu Strætó. Nýjar og rýmri reglur eru einnig í vinnslu um hvað má taka með sér í vagnana, bæði til að auka notagildi þeirra og ferðaánægju. Þannig sjáum við fyrir okkur að gæludýr, kaffi og í raun flest það sem einstaklingar geta borið með sér, án teljandi óþrifnaðar eða óþæginda fyrir aðra farþega, verði velkomið í vagna Strætó. Til skoðunar hefur einnig verið kvöld- og næturstrætó, eins og flestir vita og er það erindi nú til umsagnar hjá sveitarfélögunum sem standa að Strætó.

### Strætó fyrir alla

Í nánni framtíð vill Strætó einungis notast við vagna með rampi til að tryggja bætt aðgengi og við höfum óskað eftir að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komi sér saman um hönnunarstaðla á stoppistöðvum. Við viljum merkja þær sem eru aðgengilegar í leiðakerfinu svo fólk geti auðveldlega skipulagt sín ferðalög.

Í byrjun árs var framkvæmd þjónustukönnun meðal notenda ferðaþjónustu fatlaðra og verða niðurstöður hennar nýttar við áframhaldandi betrumbætur og þróun þeirrar þjónustu. Við viljum vinna að því í samvinnu við sveitarfélögin að minnka bilið á milli ferðaþjónustu fatlaðra og venjulega Strætó. Það er hægt að gera með mörgum leiðum eins og t.d. auknum upplýsingum, aðgengilegum stoppistöðvum, upplýsingaskiltum í vögnunum og fleiru. Þá býður Reykjavíkurborg nú árskort fyrir ungmenni í ferðaþjónustu fatlaðra sem gilda einnig í almenningsvagna Strætó. Ef reynslan af slíku fyrirkomulagi verður góð standa vonir til að þetta verði innleitt fyrir fleiri hópa.

### Stafrænn Strætó

Strætó leggur mikla áherslu á að nýta nýjustu tækni til að auka upplýsingastreymi til farþega og auðvelda þeim notkun þjónustunnar. Ekki síst á þetta við um rauntímaupplýsingar um ferðir vagnanna og væntanlega brottfarartíma frá stoppistöðvum. Strætó-appið er í stöðugri þróun hvað þetta varðar og sérstakt Strætóapp fyrir ferðaþjónustu fatlaðra er að fæðast. Ný heimasíða Strætó fór einnig í loftið í lok síðasta árs með margs konar nýbreytni.

Þá er með ýmsum hætti unnið að því að auka stundvísi vagnanna og tryggja forgang þeirra í umferðinni. Í sumar verða til að mynda teknar í notkun forgangsreinar á Hringbraut við Klambratún og sífellt fleiri umferðarljós veita vögnum Strætó tölvustýrðan forgang á annatímum.

### Strætó – besta leiðin

Íbúar höfuðborgarsvæðisins gera og eiga að gera miklar kröfur á Strætó. Við öll eigum Strætó og það er hagur okkar allra að við nýtum almenningssamgöngur í auknum mæli.

Eftir því sem fleiri ferðast saman í stórum bílum fækkar smáum bílum á vegunum og þar með verður minni þörf á samgöngumannvirkjum og bílastæðum, öryggi íbúa eykst auk þess sem loftgæði verða meiri og losun gróðurhúsalofttegunda minnkar.

En til að við öll getum notað Strætó þarf þjónustan að vera vinsamleg, örugg, aðgengileg fyrir alla og áreiðanleg. Þangað stefnum við öruggum skrefum.

Verkefnin hjá stjórn Strætó hafa verið fjölbreytt yfir síðastliðið ár. Ásamt hefðbundinni stefnumótun hafa stjórnarmeðlimir fylgt eftir rekstrarúttekt hjá fyrirtækinu og farið kerfisbundið í gegnum alla starfsemi Strætó. Tilgangur þessara aðgerða er að fá betri yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækisins og gera rekstur Strætó hagkvæmari en um leið umhverfisvænni og þægilegri valkost fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins. Með hagræðingaraðgerðum náðum við að lækka rekstrarkostnað um 250 m.kr. og skiluðum einnig 180 m.kr. afgangi á síðasta ári.

Kjarnastarfsemi Strætó eru gulu Strætóvagnarnir sem keyra um hér á höfuðborgarsvæðinu en við sinnum einnig ferðaþjónustu fyrir fatlað og eldra fólk og umsjón og upplýsingagjöf með strætóakstri um landið fyrir landshlutasamtök. Mér finnst hagræði að því að hafa þessa þjónustu alla undir sama þaki því þá getum við tengt á milli þjónustuleiða.

Stjórn Strætó hefur samþykkt þjónustustefnu sem er í innleiðingu hjá öllum rekstrareiningum Strætó því hvort sem þú ert í Strætó, ferðaþjónustu fatlaðra eða að taka Strætórútu út á landi áttu að geta treyst þjónustunni.

**Nýjar og rýmri reglur eru einnig í vinnslu um hvað má taka með sér í vagnana, bæði til að auka notagildi þeirra og ferðaánægju. Þannig sjáum við fyrir okkur að gæludýr, kaffi og í raun flest það sem einstaklingar geta borið með sér, án teljandi óþrifnaðar eða óþæginda fyrir aðra farþega, verði velkomið í vagna Strætó.**

# Kaupfélag Þingeyinga



**Jón Sigurðsson**
fv. skólastjóri

Öllum verkum mannanna er markaður tími. Miklu varðar að menn finni mörkin. Sorglegt er að sjá veikan skugga þess sem ljómaði forðum. Aðstæður og þarfir breytast og veita þarf viðbragð og svar við hæfi hvers tíma.

Nú er ákveðið að slíta Kaupfélagi Þingeyinga sem stofnað var 20. febrúar 1882. Félagið hefur ekki haft rekstur síðustu árin, en félagaskrá tengist viðskiptakorti KEA og Samkaupa. Það verður áfram. Kaupfélagið var alla tíð allra hagur í héraði, stoð og stytta mannfélagsins. Kaupfélag Þingeyinga var stolt héraðsins. Og nú kveður það með því að gera að fullu upp við alla – með Þingeyskum sóma.

Samvinnufélögin voru hluti þjóðarvakningar og þjóðfrelsisbaráttu. Þau voru innbyrðis ólík nokkuð og mótuð af hverju nærsamfélagi fyrir sig. Sunnan og suðvestan voru þau sérgreind en fjölgreina-rekstur annars staðar í landinu. Víðast voru þau opnir þróunar- og nýsköpunarsjóðir byggðanna. Þau urðu sterkustu stoðir byggðanna og framfaranna áratugum saman.

Tekið var á móti kaupfélögunum með hörðum hnefum, en fólkið stóð þétt saman að þeim. Kaupfélögin ýttu undir sérhæfingu og viðskiptamótun landbúnaðarins, nýja atvinnuþróun og fjölgun starfa í þéttbýli í öllum landshlutum. Þau opnuðu og mótuðu fyrsta markaðarumhverfi víðs vegar um landið og studdu að því að gamla frumvinnslu- og sjálfsnægtasamfélagið hvarf. Og samvinnuhreyfingin var áratugum saman eina eiginlega samkeppnisaflið í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi.

Þá er ótalið að félögin voru lifandi félagsmálaskóli fyrir almenning. Fjármagni þeirra var dreift til hvers konar félagslífs, íþrótta- og uppeldismála, líknarmála, samgöngubóta, atvinnusköpunar, menningar- og listalífs og fjölbreytilegustu velferðar-, hagsmuna- og áhugamála. Almenningur víðs vegar um landið hefur orðið kaupfélaganna var á síðustu árum – í því að þau eru horfin.

### Næg verkefni fyrir ný samvinnufélög

Kaupfélögin viku fyrir þróun samfélagsins, viðskipta- og atvinnulífsins. Fjármálaþróun, verktækni og samgöngubætur sameinuðu gömlu atvinnu- og þjónustusvæðin sem félögin tilheyrðu. Samfélagið breyttist og áreiðanlega drógust félögin aftur úr síðasta skeiðið.

En kaupfélögin viku ekki vegna þess að þau voru samvinnufélög. Óarðsækinn félagsgeiri er í fullu gildi og styrk víða um lönd. Eftir sem áður eru næg verkefni hvarvetna fyrir ný samvinnufélög, nýja félagsorku í nýju samfélagi. Samvinnufélögin hafa sterk sérkenni. Þau eru lýðræði í atvinnulífi, sameiginlegt átak fyrir félagslega hagsmuni og markmið. Samkvæmt sannvirðisreglu samvinnufélaga njóta félagsmenn arðsins sameiginlega og hver eftir viðskiptaþátttöku sinni. Eðlilega verður hlé í samvinnustarfi meðan menn átta sig á breyttum aðstæðum og viðhorfum. Þarfir almennings skópu samvinnufélögin og eins verður í framtíðinni.

Þingeyingar hafa rétt fyrir sér í því að skynsamlegast er að skapa og móta ný áhöld við hæfi tímans og framtíðarinnar. Kaupfélagi Þingeyinga er þökkuð forysta og samfylgd. Nú gera Þingeyingar hreint fyrir dyrum. Sá er háttur þeirra. Þeir eru sjálfum sér líkir í röskleik og myndarskap. Síðan finna þeir samvinnuanda, metnaði og krafti sínum nýjar leiðir.

**En kaupfélögin viku ekki vegna þess að þau voru samvinnufélög. Óarðsækinn félagsgeiri er í fullu gildi og styrk víða um lönd. Eftir sem áður eru næg verkefni hvarvetna fyrir ný samvinnufélög, nýja félagsorku í nýju samfélagi.**




*„Elja fylgir metnaðarfullu ferli við val á starfsmönnum. Það hefur skilað okkur frábærum árangri.“*

Margrét Mekkin
framkvæmdastjóri
rekstrarsviðs Lagardere

elja
Starfsmannaþjónusta

# Þarftu að ráða starfsfólk?

## Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Múrsteinar í sýndarveruleika



**Sigurður Ragnarsson**
forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst

We don't need no education flutti Pink Floyd hér um árið í sínu frábæra lagi Another brick in the wall. Það er ekki tilefni orða minna að rýna sérstaklega í textann að öðru leyti en því að nám hefur þróast mikið síðan lagið kom út fyrir nálægt 40 árum og kannski hafa höfundar skipt um skoðun?

Mennt er máttugt afl sem skiptir samfélög gríðarlegu máli en það sem gleymist oft er að nám er í stöðugri þróun. Ég er t.d. sannfærður um að nám eigi eftir að verða með allt öðrum hætti eftir 40 ár. Það er tilhneiging að halda að framfarir stöðvist á ákveðnum tímapunkti vegna þess að við dettum niður á einhverja fullkomna formúlu en svo er ekki, og sagan sýnir okkur auðvitað annað. En hvernig tekst til með þróunina er háð ýmsum þáttum, m.a. fjármagni, en þó ekki síst þeim mannauði sem greinin státar af. Í þessu samhengi er auðvitað jákvæðast fyrir þróunina ef menntamál búa við nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning. Þannig aukast líkurnar á að greinin laði til sín meira af hæfileikaríku fólki og að framþróunin verði farsælli.

Að þjóna samfélaginu með námi snýst meðal annars um að hafa skýran tilgang, sérstöðu og þjóna raunverulegum þörfum fólks, fyrirtækja og stofnana samfélagsins. Það sem gleymist hins vegar oft er að það er ekki bara tæknin sem knýr áfram breytingar í námi. Við stöndum stöðugt frammi fyrir nýjum viðfangsefnum í tilverunni sem þarf að leysa og nám þarf að taka mið af því. Störf hverfa en önnur koma í staðinn, lífsstíll fólks breytist, og samkeppnisumhverfið er kvikt og kallar stöðugt á nýja þekkingu og færni.

Ef ég skoða í kristalskúluna mína sem ég keypti í Kolaportinu fyrir þúsund kall sýnist mér ég sjá að eftirfarandi geti verið staðan eftir 40 ár: Nágranni minn er í vinnunni og hann getur hvenær sem er stigið inn í sýndarveruleika með teymi sínu þar sem hann mátar viðfangsefnin við námið sitt. Hann getur kallað fram alls konar aðstæður í þessum heimi, meðal annars átt samskipti við og kannað viðbrögð samstarfsfólks, viðskiptavina og annarra við ýmsum hugmyndum og mögulegum aðgerðum. Á sama tíma fylgja teyminu eftir sérstakir þjálfarar og leiðbeinendur sem hægt er að kalla til hvenær sem er inn í sýndarheiminn til að hlusta, greina og vinna með teyminu. Gerist þetta eftir 40 ár – eða kannski fjögur ár? Við höfum heilmikið um það að segja.


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

Vorhappdrætti 2017. Dregið 12. júní 2017

***1. vinningur:***
Opel Astra Enjoy 1.4L bensín, sjálfskiptur
Verðmæti: 3,390,000 kr. Miði nr. 35061

***2. vinningur:***
Opel Corsa Essentia 1.2L bensín, sjálfskiptur
Verðmæti: 2,490,000 kr. Miði nr. 44713

**3. - 42. vinningur:**
*Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1478 | 17391 | 24292 | 31020 | 39898 |
| 1625 | 18586 | 26818 | 31541 | 42116 |
| 5248 | 19938 | 28348 | 34109 | 42442 |
| 6488 | 19999 | 28967 | 34298 | 44445 |
| 7443 | 21052 | 29146 | 35033 | 47957 |
| 12017 | 22080 | 29765 | 35733 | 55571 |
| 13995 | 23337 | 30285 | 36354 | 56477 |
| 17114 | 23412 | 30478 | 39642 | 58514 |

***43. - 82. vinningur:***
*Samsung Galaxy S8 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 119.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1814 | 13004 | 22032 | 31514 | 47279 |
| 4086 | 15320 | 22184 | 35888 | 50013 |
| 4546 | 16069 | 22527 | 35890 | 51948 |
| 5891 | 19105 | 23123 | 36499 | 53303 |
| 5955 | 19917 | 24633 | 39003 | 54907 |
| 7110 | 20263 | 26036 | 40694 | 58329 |
| 10580 | 20544 | 26656 | 41298 | 59385 |
| 12398 | 21614 | 29072 | 45075 | 59968 |

***83. - 107. vinningur:***
*Samsung Galaxy S7 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 74.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4054 | 12109 | 18775 | 28408 | 47908 |
| 4659 | 12747 | 21707 | 29833 | 48193 |
| 8401 | 14706 | 21852 | 34501 | 55353 |
| 10478 | 15545 | 23193 | 39366 | 55889 |
| 10581 | 18000 | 26045 | 47673 | 58659 |

***108. - 133. vinningur:***
*Samsung Tab S2 WiFi spjaldtölva. Hver að verðmæti kr. 74.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6037 | 9004 | 23299 | 38159 | 44201 |
| 7127 | 9149 | 24003 | 38571 | 51475 |
| 7457 | 15092 | 24872 | 38674 | 53147 |
| 8001 | 20038 | 27996 | 40274 | 53269 |
| 8214 | 20840 | 37755 | 43572 | 55023 |
| 8587 | | | | |

**134. - 162. vinningur:**
*Gisting fyrir tvo í tvær nætur ásamt morgunverði auk kvöldverðar annað kvöldið á einhverju Fosshótelanna. Hver að verðmæti kr. 87.400*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6192 | 18144 | 30515 | 42062 | 53831 |
| 7572 | 21410 | 31136 | 42858 | 55781 |
| 8255 | 22548 | 33777 | 43763 | 55820 |
| 9831 | 24958 | 36849 | 48497 | 56092 |
| 13861 | 29307 | 40950 | 49662 | 58494 |
| 17502 | 29792 | 41879 | 50564 | |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar*


# Spennandi tímar í vestnorrænu samstarfi!



**Steingrímur J. Sigfússon**
þingmaður VG

Síðsumars 2015 var því fagnað í Færeyjum að þrjátíu ár voru frá stofnun Vestnorræna ráðsins, áður Vestnorræna þingmannaráðsins. Undirritaður varð þeirrar ánægju aðnjótandi að vera viðstaddur, einn fárra sem sat stofnfundinn í Nuuk 1985 og enn starfar í stjórnmálum. Það hefur verið ánægjulegt að taka þátt í eða fylgjast með starfsemi ráðsins eflast á liðnum rúmlega 30 árum og samskipti vestnorrænu þjóðanna aukast og tengslin styrkjast á sama tíma.

Öll hafa löndin tekið stór skref á þessum tíma í sókn til betri lífskjara þótt sú vegferð hafi ekki verið hnökralaus og án þess að erfiðleikar, jafnvel harkalegir, hafi barið að dyrum. Færeyjar og Grænland eru á braut aukinnar sjálfstjórnar með fullt sjálfstæði sem lokamarkmið. Það er trú undirritaðs að báðar þjóðirnar muni ná því takmarki vel fyrir miðja þessa öld, Færeyjar fyrr en seinna og síðan einnig Grænland þó þar vanti enn sem komið er nokkru meira upp á grundvöll fulls efnahagslegs sjálfstæðis.

Bæði löndin eru nú í ferli með að móta sér sínar fyrstu sjálfstæðu stjórnarskrár.

### Samstarfið eflist

Nú á dögunum var umsókn Vestnorræna ráðsins um áheyrnaraðild að Heimskautaráðinu samþykkt og markar það tímamót, eykur vægi ráðsins og styrkir hina vestnorrænu rödd á þeim mikilvæga vettvangi.

Hinn 1. janúar næstkomandi er gert ráð fyrir að grænlensk sendistofa opni í Reykjavík. Verða þá bæði Færeyjar og Grænland komnar með sína fulltrúa á Íslandi og Ísland með sendistofur skipaðar aðalræðismönnum í báðum löndunum á móti. Fer vel á því að einmitt á árinu 2018, þegar Ísland fagnar 100 ára fullveldisafmæli sínu, verða hin vestnorrænu tengsl sterkari en nokkru sinni fyrr og sýnileg með þessum hætti.

Samgöngur milli landanna og innan svæðisins hafa styrkst undanfarin ár og eru enn að eflast. Flugsamgöngur milli Íslands og Grænlands hafa stóraukist, Færeyingar auka umsvif sín í sjósamgöngum til og frá Íslandi og höfuð skipafélög Grænlands og Íslands hafa nýverið náð samkomulagi um aukið samstarf.

### Stefna Íslands

Á þessum tímamótum í vestnorrænu samstarfi og þegar í hönd fer 100 ára fullveldisafmæli Íslands á árinu 2018, er við hæfi að horfa fram á veginn. Þessi tímamót eru gott tilefni til þess fyrir Ísland að sýna í verki velvilja, stórhug og öflugan stuðning við frekari þróun og eflingu vestnorræns samstarfs.

Óteljandi tækifæri og möguleikar liggja í því fyrir þjóðirnar þrjár sem svæðið byggja að auka sína samvinnu. Má í því sambandi nefna uppbyggingu samgangna og sókn í ferðaþjónustu, samstarf á sviði heilbrigðis-, mennta- og menningarmála, aukin innbyrðis viðskipti og samskipti af öllum toga. Aukin gagnkvæm þekking og skilningur almennings og ýmiskonar grasrótarsamstarf, sem hlúa þarf að, á hér að skipa veglegan sess.

Ísland á nú fyrir sitt leyti að vinna sína heimavinnu og ekki efast ég um að vilji er til staðar til hins sama bæði í Færeyjum og Grænlandi.

- Ísland á að móta sér formlega stjórnarstefnu með þingsályktunartillögu um áherslur í vestnorrænu samstarfi, hliðstæða þeirri sem mótuð hefur verið í málefnum heimskautasvæðisins.
- Ísland á í tilefni af fullveldisafmæli sínu að leggja myndarleg framlög til Grænlandssjóðs og stofna sambærilegan Færeyjasjóð. Sjóðirnir hefðu (áfram) það hlutverk að veita styrki til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttaviðburða og annarra málefna á sviði menningar, menntunar og vísinda sem stuðlað geta að auknum samskiptum grannþjóðanna og Íslands.
- Ísland á að bjóða fram aukin framlög til eflingar Vestnorræna ráðsins, enda slíks full þörf með auknum verkefnum þess og um leið myndu kostnaðarhlutföll færast nær réttu hlutfalli af vergri landsframleiðslu hvers lands um sig.
- Ísland á að bjóða fulltrúum grannþjóða sinna í austri og vestri til sérstakrar og mjög sýnilegrar þátttöku í hátíðarhöldum á afmælisári fullveldisins.

Á óvissutímum loftslagsbreytinga og viðsjár í alþjóðastjórnmálum er fátt mikilvægara en rækta góð tengsl og eiga friðsamlega og uppbyggilega samvinnu við sína nágranna. Þrátt fyrir margvíslegar og sumpart mismunandi áskoranir eiga vestnorrænu löndin mjög margt sameiginlegt. Fámennar þjóðir glíma við það í krefjandi umhverfi að byggja upp þróuð velferðarsamfélög í fremstu röð og hafa allar ríkan vilja til að ráða örlögum sínum sjálfar. Saman verður þeim róðurinn léttari.

*Höfundur er alþingismaður Vinstri grænna, fulltrúi í Norðurlandaráði og fyrrv. fulltrúi í Vestnorræna ráðinu.*

# Hljómvangur: Merkileg tímamót



**Þorleifur Hauksson**
ritari Foreldra- og styrktarfélags Tónstofu Valgerðar

Foreldrar flytja heim frá Svíþjóð sumarið 1990 með þrjú börn. Miðbarnið er 8 ára drengur með Downs heilkenni. Hann er líkamlega og félagslega vel á sig kominn, glaður, tilfinninganæmur, félagslyndur, en skortir mál til að gera sig skiljanlegan öðrum en þeim sem þekkja hann náið.

Við taka ófyrirséðir erfiðleikar við að tryggja þessu barni viðunandi þjónustu. Ekkert gerist af sjálfu sér, fyrir öllu þarf að berjast. Þetta var fyrir tíma „skóla án aðgreiningar“, en jafnvel Öskjuhlíðarskóli skellti hurðum á þennan dreng af því hann þótti ekki hafa nógu háa greindarvísitölu. Hann hafði mikla unun af því að hlusta á tónlist, og einhvern veginn fengu foreldrarnir veður af því að nýlega hefði verið stofnaður tónlistarskóli þar sem fólk með fötlun fengi inngöngu, Tónstofa Valgerðar. Þar var nokkur biðlisti, en þegar að okkar manni kom var honum tekið opnum örmum. Þarna var hann við nám næstu tvo áratugi, allt til síns hinsta dags.

Valgerður Jónsdóttir hafði stofnað Tónstofuna nokkrum árum áður. Hún var til húsa í Sjálfsbjargarhúsinu í Hátúni í tveimur kennslustofum þar sem geymt var fjölbreytt safn hljóðfæra sem börnin fengu að spreyta sig á. Það var algert ævintýri að ganga inn í þennan skóla, ekki síst vegna þess umvefjandi kærleika og gleði sem einkenndi allt skólastarfið. Valgerður var eini kennarinn á þessum árum, hámenntuð í tónlist, tónlistarsérkennslu og músíkmeðferð. Alúð hennar og þolinmæði var einstök og líka hvernig henni tókst að aðlaga námið hverjum einstökum nemanda á hans eigin forsendum. Haldnir voru árlegir nemendatónleikar, bæði á vetri og vori og ótrúlegt var að fylgjast með þeim framförum sem nemendurnir tóku og þeim hæfileikum sem tónlistin leysti úr læðingi.

### Stór áfangi

Stór áfangi í starfinu var stofnun Bjöllukórs Tónstofunnar, sem nú hefur starfað óslitið í tuttugu ár. Það hefur ekki síst verið mikil ánægja að fylgjast með þeim mikla og merkilega árangri sem hann hefur náð og þeirri samheldni og gleði sem einkennir hópinn. Bjöllukórinn hefur komið víða fram, gefið út ákaflega fallegan disk, Hljómfang, og bæði hann og Tónstofan hafa hlotið fjölmargar viðurkenningar. Segja má að Bjöllukórinn sé sýnilegasti afrakstur Tónstofunnar, en hann er aðeins einn angi af því fjölbreytta ræktunarstarfi sem þar fer fram.

Í Tónstofu Valgerðar fékk nemandinn sem getið var í upphafi útrás fyrir hæfileika og sköpunarkraft sem hvergi annars staðar hefði verið farvegur fyrir. Hann varð hluti af stórri heild, félagsleg einangrun var að nokkru leyti rofin, og hann kom fram á tónleikum og sló rækilega í gegn, bæði einn og í Bjöllukórnum. Og ekki síst fékk hann að njóta alhliða tónlistarnáms á borð við jafnaldra sína sem ekki var annars staðar í boði.

> **Í Tónstofu Valgerðar fékk nemandinn sem getið var í upphafi útrás fyrir hæfileika og sköpunarkraft sem hvergi annars staðar hefði verið farvegur fyrir. Hann varð hluti af stórri heild, félagsleg einangrun var að nokkru leyti rofin, og hann kom fram á tónleikum og sló rækilega í gegn.**

Tónstofa Valgerðar heldur nú upp á 30 ára starfsafmæli sitt, um leið og Bjöllukórinn fagnar sínu tvítugsafmæli. Á þessum þrjátíu árum hefur Tónstofan vaxið og dafnað. Hún nýtur almennrar viðurkenningar og er nú rekin í rúmgóðum húsakynnum í Stórhöfða 23. Þar starfa fjórir kennarar auk dr. Valgerðar skólastjóra, og nemendur eru nú 120. Afmælinu er fagnað með margvíslegu móti, og hafa viðburðir afmælisársins fengið samheitið Hljómvangur.

Tónstofan hefur náð ótrúlegum árangri á þeim 27 árum sem liðin eru frá því að fjölskyldan kynntist honum fyrst í þágu nemenda sem þarfnast sérstakrar aðstoðar.


EKKI BARA GÆÐI
SMÍÐABUXUR
FISKAUGA Í KAUPBÆTI
Kauptu 1999 buxur og fáðu 180° víðlinsu á símann í kaupbæti.
25.900 m/vsk
BLACK EYE
ÖRYGGISSKÓR
13.900 m/vsk
Fullt verð 21.985
REGN-SETT
9.900 m/vsk
Fullt verð 14.816
JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 19.900
FLANNEL-SKYRTA
6.900 m/vsk
Fullt verð 9.900
BUXUR
14.900 m/vsk
Fullt verð 22.050
ÖRYGGIS-GLERAUGU
490 m/vsk
Fullt verð 782
VINNUBUXUR
PÓLÓBOLUR Í KAUPBÆTI
Kauptu 1459/7159 buxur og fáðu pólóbol í kaupbæti
13.900 m/vsk
Verð frá
HNJÁ-PÚÐAR
1.590 m/vsk
Fullt verð 2.964
JAKKI
19.900 m/vsk
Fullt verð 27.566t
www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI
VINNUFÖT



KRÓNAN
Krónan mælir með!
299 kr. pk.
Nektarínur og ferskjur 1 kg. Spánn
Borðaðu mig - best núna!
199 kr. pk.
Paraguayos steinaldin 500 g, Spánn
#Grillsnilld
KRÓNAN
Tilboðin gilda til 19. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Nýtt!
Alvöru pylsubúðin þín!
Chili pylsur
Kryddpylsur með basiliku
Grískar pylsur með Dalafeta
KjötPól
Mexico pylsubrauð
Osta- og beikon pylsubrauð
349 kr. pk.
Pylsubrauð, 250 g, 5 stk.
#Grillsnilld
KRÓNAN
KARTÖFLUSALAT MEÐ SÝRÐUM RJÓMA OG VORLAUK
400 G
499 kr. stk.
Kartöflusalat, 400 g
Nýtt!
Gott á pylsuna
shake&pizza
HVÍT TOPPING
BEIKONSULTAN
1999 kr. kg
KjötPól gæða pylsur
399 kr. stk.
Shake & Pizza hvít sósa
689 kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta
Tilboðin gilda til 19. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**-25%**

# 1699 kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn

**Verð áður ~~2280~~ kr. kg**




**-25%**

# 1699 kr. kg

Krónu grísafile með karmellu eða chili teriaki, Spánn

**Verð áður ~~2280~~ kr. kg**

#Grillsnilld KRÓNAN

Tilboðin gilda til 19. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Ódýrt
Ný-
bakað!
99
kr.
stk.
Croissant, rúnstykki, margar gerðir
Tilboðin gilda til 19. júní. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Efnavopnaárásin var beiðni um „mannúðaríhlutun“



**Þórarinn Hjartarson**
stálsmiður á Akureyri

Þann 4. apríl fórust um 100 manns af völdum efnavopna í bænum Khan Shaykhoun í Idlib, Sýrlandi. Daginn eftir fordæmdi Trump þessa „svívirðilegu aðgerð af hálfu Assadstjórnarinnar“ og sama gerðu allar vestrænar meginfréttastofur – án allrar rannsóknar á vettvangi.

Þann 11. apríl birti New York Times 4 bls. skýrslu frá CIA um málið. Þar komu fram vísbendingar um tvennt: a) að fórnarlömbin hefðu orðið fyrir sarín-eitrun og b) að flugvélar Sýrlandshers hefðu á sama tíma gert sprengjuárásir á bæinn. Því fylgdi svo fullyrðing um að Sýrlandsher stæði á bak við efnaárásina, byggð einna helst á umsögn Amnesty International sem vísaði til „sérfræðinga“ á staðnum án þess að tilgreina það neitt nánar. Hvorki CIA né Amnesty höfðu gert neina rannsókn á vettvangi, og hún hefur ekki enn farið fram. Þann 12. apríl gerði bandarískt herskip svo eldflaugaárás á sýrlenskan flugvöll „í hefndarskyni“ og sneri stríðinu í fyrsta sinn opinskátt gegn Sýrlandsstjórn.

Þetta er að miklu leyti endurtekin atburðarás frá 2013 þegar Vestrið var á barmi lofthernaðar gegn Sýrlandi, einnig þá eftir eiturgasárás, í Ghouta, nærri Damaskus. Ekki heldur þá komu neinar sannanir um geranda. Eftir aðra eiturárás skömmu áður sagði Carla del Ponte, formaður eftirlitsnefndar SÞ, um efnavopn í Sýrlandi að „sterkar grunsemdir“ um beitingu sarínsins beindust að uppreisnarmönnum fremur en Assadsstjórninni. Seinna leiddu Seymour Hersh o.fl. líkur að því að sarínið kæmi frá Tyrklandi til uppreisnarmanna. Obama mat það svo að sönnunarfærsla um sekt Assads væri veik og andrúmsloft bæði í Bandaríkjum og Bretlandi var greinilega andsnúið stríði svo hætt var við á síðustu stundu. En hér hætti endurtekningin og Trump tók skrefið.

## Kunnuglegt munstur

Þessir atburðir fylgja kunnuglegu munstri. Báðar efnaárásirnar urðu á svæði undir stjórn uppreisnarmanna. Líkt og í Austur-Aleppó er aðgengi á slíkum svæðum erfitt fyrir rannsakendur eða erlenda blaðamenn af því margir hryðjuverkahópar hafa þann sið að afhöfða alla slíka. Sem sagt, engin rannsókn. En Vesturlönd styðja „uppreisn“ og „valdaskipti“ í Sýrlandi og vestrænir fjölmiðlar – sem eru hluti af stríðsvélinni – koma sökinni umsvifalaust og sjálfkrafa á Sýrlandsher. Það nægir að vitna í málpípur uppreisnarmanna eins og „Hvítu hjálmana“ eða „Sýrlensku mannréttindavaktina“ (eins manns fréttastofa í Englandi). Sama munstur hefur birst á öðrum átakasvæðum, nefnum Kosovo, 1999, Írak 2003, Líbíu 2011, Úkraínu 2014. Sjálfvirkt ferli fer í gang: voðaverk eru framin og vestræna áróðursmaskínan kemur sökinni á andstæðing sinn og réttlætir með því „mannúðaríhlutun“.

> **Rökhugsun ber að nota í máli sem þessu. Hver hefur mögulega ástæðu til að grípa til efnavopna? Strax árið 2012 drógu Bandaríkin, Bretar og Frakkar upp rautt strik: Ef annar hvor aðilinn í Sýrlandi beitir efnavopnum er það tilefni til íhlutunar „alþjóðasamfélagsins“. Beiting efnavopna er sem sé beiðni um vestræna íhlutun. Ekkert vill Sýrlandsstjórn síður.**

Þegar skýring á voðaverkum er gefin nógu fljótt af nógu mörgum fréttastofum í einu verður það „opinber skýring“ og eftir það tala Vesturlönd einni röddu. Slíkur heilaþvottur er venjulega kenndur við sk. alræðisríki. Um tíma komu þó gangtruflanir í vestrænu maskínuna þegar nýr forseti, Trump, boðaði samvinnu við Rússa gegn ISIS og að Bandaríkin ættu að hætta hernaðaríhlutunum. En hann var snúinn niður með rússagrýlunni. Hann fyrirskipaði þá eldflaugaárás á Sýrland. Eftir það snerust allar stóru fréttastofurnar á sveif með honum, almenningsálitið varð líka herskárra en áður, og nú ganga allir í takt vestur þar.



Rökhugsun ber að nota í máli sem þessu. Hver hefur mögulega ástæðu til að grípa til efnavopna? Strax árið 2012 drógu Bandaríkin, Bretar og Frakkar upp rautt strik: Ef annar hvor aðilinn í Sýrlandi beitir efnavopnum er það tilefni til íhlutunar „alþjóðasamfélagsins“.

Beiting efnavopna er sem sé beiðni um vestræna íhlutun. Ekkert vill Sýrlandsstjórn síður. Hún er undir sérstöku efnavopnaeftirliti frá SÞ og kallar yfir sig strangar refsiaðgerðir ef út af ber. Svo hefur hún undanfarin misseri verið á skýrri sigurbraut með hefðbundnum hernaði.

Uppreisnaröflin eru hins vegar á undanhaldi í stríðinu og helsta von þeirra væri að framkalla atburði sem leiddu til íhlutunar Vesturveldanna. Margir uppreisnarhópar hafa ítrekað beðið um slíka íhlutun. Og þeir vita það sem reynslan hefur sýnt: Við ríkjandi fjölmiðlakerfi og valdahlutföll í „alþjóðakerfinu“ lendir sökin af voðaverkum sjálfkrafa á Assadstjórninni. Þessar ytri aðstæður gera beitingu efnavopna alveg útilokaða sem valkost fyrir Assad en að sama skapi freistandi valkost fyrir uppreisnarmenn.






PIPAR\TBWA • SÍA • 172667

# Heilbrigð skynsemi, ráðherra



**Gunnar Árnason**
starfar við arkitektúr og hönnun

Það er útbreiddur misskilningur að vandi heilbrigðisráðherrans okkar einskorðist við kerfið. Búið er að ganga svo nærri því með niðurskurði að líkja má stjórnendum við vélstjóra á rússneskum kjarnorkukafbát sem á fyrir löngu að vera kominn í brotajárnshöfn.

Heilbrigðisráðherrann er í býsna snúinni stöðu, orðinn kafteinn um borð og ber talsverða ábyrgð. Það má til sanns vegar færa að vandi heilbrigðiskerfisins, sem ráðherrann á enga sök á í dag, sé bara eitt af hans vandamálum. Staðan á sjúkrahúsinu er nú þegar orðin mjög alvarleg og fólk í landinu sem hlúa þarf að fær að reyna það á eigin skinni. Sama á við um nánustu aðstandendur. Vandi kerfisins er þeim óviðkomandi og pínulítið óskiljanlegur. Kerfið er ekki sjúkt – það er fólkið sem þarf aðhlynningu sem kerfið er ekki lengur fært um að veita því vegna þess að hugarfar ráðamanna er sjúkt.

Það hvarflar ekki að greinarhöfundi að halda að almenningur vilji áframhald á ískyggilegri þróun mála – undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar, sem hlaut afar góðar undirtektir, hefur fært okkur heim sanninn um hvað fólkið vill. Auka þarf fjárveitingar til sjúkrahúss allra landsmanna svo að það sé fært um að sinna sínu hlutverki af alúð með árangursríkum og skilvirkum hætti.

Það er ekkert endilega víst að þegar maður skiptir um vinahóp, þá eignist maður betri vini. Heilbrigðisráðherrann líkti sér um daginn við íkorna sem kýs að dansa um í trjátoppunum og dreymir um að geta töfrað til sín þá grimmu sem hafast við á skógarbotninum og ryksuga allt sem að kjafti kemur. Var ráðherrann að tala um samstarfsmenn sína í ríkisstjórninni? – Það liggur beint við að skilja orð hans á þann veg. Áður en draumur ráðherrans rætist gæti íkorninn litli fallið til jarðar og ef hann er svo heppinn að lifa af þá er víst hvað bíður hans. Og ef svo ólíklega vill til að ráðherranum tekst að töfra tiltekna samstarfsráðherra upp í trjátoppana til sín, þá enda þeir allir saman fljótlega niðri á skógarbotni og þeir grimmu sem hafa komið sér upp forða, munu koma standandi niður og gleypa íkornann litla.

Rányrkjumenn í þjóðfélögum nútímans þurfa lifandi bráð til að svala ólýsanlegri þörf fyrir að komast yfir miklu meira en nauðsynlegt er og sífellt meira og meira, helst án þess að taka nokkra áhættu og greiða um leið sem minnst fyrir og niðurlægja aðra – óstjórnleg græðgi fer nærri því að lýsa hugarástandinu, sem felur í sér mikið skeytingarleysi. Sérstaklega gagnvart þeim sem minna mega sín. Ekkert er heilagt, öllu má fórna á altari græðginnar. Lögmál hagfræðinnar hjálpa við að draga upp mynd af því sem bíður okkar í þessum efnum, ótrúlegt en satt, þar sem hagfræðin er sú fræðigrein sem nær sér jafnan á strik í að lýsa því sem liðið er en láta það hljóma gáfulega.

**Nýi heilbrigðisráðherrann okkar þarf að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og axla þá ábyrgð sem honum hefur verið falin, með þeim hætti sem ætla má að hann beri nú gæfu til, þar sem hann er íkorni en ekki rányrkjumaður.**



### Kerfið verður vont við fólk

Ástandið mun nefnilega versna til muna – kerfið verður óskilvirkara og mjög vont við fólk sem því er ætlað að hlúa að. Við munum innan skamms búa við hálf-einkarekið kerfi sem býður upp á heilbrigðislausnir sem eru undir meðallagi góðar en afar dýrar og standa aðeins fáum til boða á skemmtistað í Ármúla sem áður var kenndur við Broadway. Hinir, sem ekki eiga þess kost að nýta sér umrætt kerfi, og þeir verða býsna margir, munu búa við lélegt heilbrigðiskerfi sem gæti reynst þeim best á meðan þeir gæta þess að standa utan kerfisins – eins og víða í vanþróuðum löndum.

Það er útbreiddur misskilningur að þróunin sé að færa okkur nær Bandaríkjunum. Þar er besta heilbrigðis- og læknaþjónusta í heimi í boði en hún kostar ofboðslega mikið og ekki á færi hvers sem er. Við erum ekki og verðum aldrei á sama stað með okkar heilbrigðiskerfi. Allir hér á landi munu tapa við óbreytta þróun mála og munu á endanum búa við lakara og hættulegra kerfi. Þess verður miskunnarlaust getið í eftirmála um íkornann litla, hvernig aðkomu hans var háttað og hvar ábyrgð hans liggur. Grimmu dýrin á skógarbotninum fá þær umsagnir sem þeir kjósa, og þær verða stórglæsilegar, svo mikið er víst.

Nýi heilbrigðisráðherrann okkar þarf að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og axla þá ábyrgð sem honum hefur verið falin, með þeim hætti sem ætla má að hann beri nú gæfu til, þar sem hann er íkorni en ekki rányrkjumaður. Grannar trjágreinar bera ekki stór og gráðug dýr – þær brotna undan álagi og þunga. Óttarr, heilbrigð skynsemi – þú getur það og vilji fólksins er skýr samkvæmt undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar.

Símaveski.is




Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Til hamingju Grunnskóli Seltjarnarness



**Sigrún Edda Jónsdóttir**
formaður skólanefndar Seltjarnarness

| | SELTJARNARNES | | ÍSLAND | | OECD | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2015 | 2012 | 2015 | 2012 | 2015 |
| LES | 497 | 534 | 483 | 482 | 496 | 493 |
| STÆ | 504 | 542 | 493 | 488 | 493 | 490 |
| NÁT | 483 | 523 | 478 | 473 | 498 | 493 |

Á meðan árangur íslenskra nemenda hefur í heild legið niður á við í PISA-könnunum undanfarinn áratug hefur árangur nemenda við Grunnskóla Seltjarnarness verið á uppleið og aldrei mælst betri en í nýjustu könnuninni, sem lögð var fyrir vorið 2015. Seltjarnarnesbæ bárust niðurstöður fyrir Grunnskóla Seltjarnarness í janúarmánuði sl. og hafði þeirra verið beðið með nokkurri óþreyju, þar sem stærstu sveitarfélögum landsins voru kynntar niðurstöður snemma í desember. Þá var líka slegið upp veislu fyrir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness til að fagna niðurstöðum úr PISA-könnun enda rík ástæða til.

Niðurstaðan kemur ekki á óvart þar sem Grunnskóli Seltjarnarness hefur komið vel út á samræmdum prófum nú í mörg ár í röð og mælingar Skólapúlsins á líðan nemenda og námsáhuga hafa komið vel út þar sem jákvætt viðhorf þeirra til náms og trú á eigin getu hefur verið staðfest. Markvisst hefur verið unnið með undirstöðugreinar sem prófað er í og gripið inn í strax og niðurstöður liggja fyrir ef ástæða þykir til. Framfarir frá síðustu mælingu má rekja til þess góða starfs sem unnið hefur verið innan skólans. Þessi niðurstaða er mikil viðurkenning fyrir það góða starfsfólk sem er í skólanum okkar og því ber að hrósa fyrir gott starf sem skilar sér í þessum flotta árangri.

**Seltjarnarnes sker sig úr hópnum með þeirri framför sem hefur orðið í árangri í PISA 2015 þar sem flest sveitarfélögin skiluðu lakari árangri á milli tímabila.**

En svo vikið sé að niðurstöðum úr PISA þá má sjá hér samanburð við meðaltalstölur úr prófum fyrir nemendur af Seltjarnarnesi, Íslandi í heild og í OECD-löndunum frá árunum 2012 og 2015. Ólíkt því sem mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum hafa nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness bætt sig á milli áranna 2012 og 2015 eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Nemendur skólans standa nú að meðaltali nokkuð framar jafnöldrum sínum á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að meðaltalstölum sveitarfélaganna sem er breyting frá niðurstöðum PISA-rannsókna fyrri ára.

Reiknað er út svokallað öryggisbil sem er gert til að taka tillit til fjölda nemenda í hverju sveitarfélagi/svæði fyrir sig en eins og gefur að skilja er misjafn fjöldi á bak við niðurstöður milli svæða. Öryggisbil tilgreinir það bil sem hægt er að segja með 90% vissu að meðaltal skólans tilheyri og litið er til þess þegar meta skal hvort breytingar á milli tímabila séu marktækar og í samanburði við niðurstöður annarra.

Þegar tekið er tillit til öryggisbils Grunnskóla Seltjarnarness eru neðri mörk þess vel yfir meðaltali á öllum sviðum fyrir Ísland sem og OECD, sem þýðir að árangurinn er vel marktækur. Munur umfram 10 stig telst marktækur og munur upp á 40 stig telst nema einu skólaári. Þannig munar 54 stigum á meðaltali Grunnskóla Seltjarnarness og meðaltali allra skóla á Íslandi í læsi á stærðfræði árið 2015 sem svarar meira en einu skólaári. Munur á milli meðaltals Grunnskóla Seltjarnarness og OECD er 52 stig á sama hátt. Þess ber að geta að munur á tveimur meðaltölum er vísbending ekki þróun.

Svona uppörvandi niðurstöður eru mjög svo jákvætt innlegg í skólaumræðuna og góð hvatning fyrir skólasamfélagið og sveitarfélagið í heild. Seltjarnarnes sker sig úr hópnum með þeirri framför sem hefur orðið í árangri í PISA 2015 þar sem flest sveitarfélögin skiluðu lakari árangri á milli tímabila. Það er því rík ástæða til að óska starfsfólki Grunnskóla Seltjarnarness og nemendum til hamingju með þennan flotta árangur með von um áframhaldandi velgengni.

maria nila STOCKHOLM



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.




Regalofagmenn
Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

# Fólk
Tíska

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ 2017

# Dreifir góðum straumum



Tískuáhugi plötusnúðarins Krbear hófst þegar hann mætti sjö ára með gelgreiðslu í skólann. Hann kemur fram á Secret Solstice tónlistarhátíðinni á morgun.

→2

Dökk klúbbastemning. Svona klæðist Krbear oft í vinnunni sem plötusnúður eða bara þegar hann kíkir út á lífið. MYNDIR/ERNIR






*Buxnadagar*

20% afsláttur af öllum buxum

comma,

SMÁRALIND

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Plötusnúðurinn Krbear er einn þeirra sem kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem fer fram í Laugardalnum um helgina. Krbear heitir réttu nafni Haraldur Ragnarsson en nafnið er komið frá enska heitinu „care bear“ enda er Haraldur oft kallaður kærleiks, því hann heilsar oft með góðu knúsi að eigin sögn. „Mér fannst nafnið koma svo skemmtilega út svona vitlaust skrifað auk þess sem það er rosalega þægilegt að leita að nafninu á vefnum.“

Hann hóf feril sinn sem plötusnúður fyrir einungis fjórum árum en segist hafa mótast mikið af hljóðfæraleik og rokktónlist frá unglingsárum í kringum æskuvini sína sem margir eru hágæða tónlistarmenn. „Svo skemmir nú ekki fyrir að ég held ég hafi fæðst með dansspor og léttan tölvunörd í kerfinu.“

> Mér fannst nafnið koma svo skemmtilega út svona vitlaust skrifað auk þess sem það er rosalega þægilegt að leita að nafninu á vefnum.

### Seiðandi danshússett

Krbear kemur fram á sviðinu Aski á morgun föstudag. „Ég ætla að smella í seiðandi danshússett ásamt reynsluboltanum og vini mínum RIX. Við spiluðum tveir saman á Palomabar á síðasta ári við frábærar undirtektir og erum við þvílíkt „peppaðir“ í þessa endurkomu. Fjörið hefst kl. 15 og stendur yfir til kl. 16.30.“

Hann er sjálfur mest spenntur fyrir þeim listamönnum sem koma fram á sviðunum Aski og Hel. „Sú tónlist er svolítið mín deild í dag. En annars verður geggjað að sjá Prodigy og Foo Fighters ásamt því að henda í einn diskósnúning eða svo með Chaka Khan.“



Brot úr skósafninu. Svörtu skórnir frá Maians eru handgerðir og eru í uppáhaldi hjá honum.



Haraldur Ragnarsson, eða Krbear, klæðist hér til vinstri bol frá New Yorker og buxum frá Forever21. Lacoste skórnir voru keyptir í Mílanó.

### Létt rokkívaf

Fram undan á árinu eru frekari ferðalög og spilamennska segir hann.

Krbear lýsir fatastíl sínum sem nokkuð vel „týpuðum“ með léttu rokkaraívafi. Hversdagslega sé því í lagi að klæðast „dularfullum hversdagslegum notalegheitum“ eins og hann orðar það sjálfur. Hann segist hafa fengið áhuga á tísku þegar hann ákvað að skella í sig gelgreiðslu og mæta nettur í skólann sjö ára gamall. „Svo sá rokkið á unglingsárunum um restina.“

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Bara með því að máta eitthvað nýtt, mæla, pæla og búmm – það er komin „týpa“.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Dr. Denim á Laugavegi er nánast eina verslunin sem ég fer í hérna heima. Erlendis eru það engar sérstakar.

**Áttu uppáhalds hönnuði?** Ég vil helst nefna þá vini mína og vinkonur sem eru hönnuðir, þau eru með þetta. Þið vitið hverjir þið eruð.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Ætli ég verði ekki að segja leður „holsterinn“ minn sem er hannaður af Bóasi Kristjáns og er hönnunin byggð á gömlum byssuvestum. ( sjá á mynd )

**Bestu og verstu kaup þín?** Byssuvestið góða eru ein þau bestu en ég hef ekki hugmynd um þau verstu.

**Notar þú fylgihluti?** Ég er alltaf með hálsmen með „peace“ merki ásamt keðjunni sem er föst við veskið mitt en hana hef ég notað í 12-13 ár.



Levi's buxur, bolur úr H&M Berlin og byssuvestið sem hann heldur mikið upp á frá Bóasi Kristjánssyni.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Nýtt í HAGKAUP

Síðan 1907

# ·V·S·O·P·
# KONÍAKSKRYDDLEGIÐ LAMBAKJÖT

Koníakskryddaða lambakjötið
úr sérvöldu VSOP línunni er komið í Hagkaup.

Úrvalskjöt úr íslenskri sveit
tilvalið í ofninn eða á grillið.





**Morgundagurinn verður betri með**

**After Party**

**Náttúruleg lausn við timburmönnum**




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract,
öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.icecare.is**



Síðir sumarkjólar

Str. S-XXL





Kjóll
Kr. 5.990.-
Litir, svart og blátt

Kjóll
Kr. 6.990.-

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030


# Veik fyrir eitís

**Hildur Magnúsdóttir, önnur HARA systra, syngur með systrum sínum og hljómsveitinni RIFF helstu slagara Roxette á Hard Rock Café í kvöld. Hún lofar gleði og glimmeri líkt og einkenndi níunda og tíunda áratuginn sem hún heldur afar mikið upp á.**


**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is




Hildur er leikkona og kennari að mennt en starfar á sviði People and Culture í Bláa lóninu. Auk þess leikur hún með leikhópnum sínum RaTaTam sem er nýkominn heim frá Kaupmannahöfn þar sem hópurinn setti upp leiksýninguna SUSS.

**Spáir þú mikið í tísku?** Ég er ekkert að sökkva mér í tískutímaritin og bloggin, en ætli ég fái ekki bara mestan innblástur og finnst skemmtilegast þegar ég gef mér tíma í að tylla mér niður á spennandi kaffihúsi, bar, garði, torgi ... og fylgjast með fólki af öllum stærðum og gerðum ganga fram hjá í alls konar fötum með sína mismunandi stíla.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég elska liti og skemmtileg munstur og ekki skemmir fyrir þegar pallíettur , kögur og dass af glimmeri bætist í hópinn.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég versla mikið erlendis og á ég þá til að þræða Rauðakrossbúðirnar, markaði og vintage búðir því þar finn ég oftast gersemar. Á Íslandi fer ég yfirleitt til hennar Dísu í Gyllta kettinum því hún kann sko heldur betur að dressa dömuna upp og ekki má gleyma internetinu sem er stórhættulegt þegar kemur að fatakaupum.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég held að ég komi mér í vandræði ef ég svara þessari spurningu.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Það mun vera þessi stórskemmtilega doppótta yfirhöfn sem ég fann á fatamarkaði Spúútnik síðastliðið haust. Mér finnst ég alltaf voða fín í henni og kemur hún mér alltaf í gott skap.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** 80's tímabilið! Ég elska allt við eitís, fötin, hárið, litina og sérstaklega samfestingana og kjólana. Love it! Þeir eru ófáir kjólarnir sem ég hef safnað til mín síðustu árin sem ég fæ mig bara ekki til að henda, þannig að ég er alltaf jafn spennt þegar ég fæ tækifæri til að nota þá.

**Notar þú fylgihluti?** Kannski aðallega töskur og sólgleraugu og einstaka sinnum belti og eyrnalokka – já, og svo auðvitað hárbönd og legghlífar þegar ég fer í ræktina.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Debbie Harry eða Blondie.



Hildur á von á sínu öðru barni og þá kemur sér vel að eiga flottan kjól eins og þennan frá Ilse Jacobsen sem hún keypti notaðan á netinu. MYNDIR/EYÞÓR



Uppáhaldsflík Hildar er þessi doppótta yfirhöfn sem hún keypti á fatamarkaði í Spúútnik.

> **Einstakt tækifæri til að dusta rykið af 80's og 90's múnderingunni, skella vöfflum í hárið og skemmta sér með okkur, við lofum brjáluðu stuði, gleði og glimmeri!**

**Hvað er fram undan?** Það er sko gaman að segja frá því að í kvöld klukkan 22.00 á Hard Rock Café ætlum við HARA systur ásamt hljómsveitinni RIFF og leynivopninu okkar henni Regínu systur og stórsöngkonu að bregða okkur í líki Roxette og taka þeirra helstu slagara. Einstakt tækifæri til að dusta rykið af 80's og 90's múnderingunni, skella vöfflum í hárið og skemmta sér með okkur, við lofum brjáluðu stuði, gleði og glimmeri!

Svo tekur við mjög svo skemmtilegur tími hjá okkur í leikhópnum RaTaTam þar sem við erum að fara að rannsaka ástina í öllu sínu veldi sem verður svo að leiksýningu sem við munum frumsýna eftir jól.


sage
X
TÍMAMÓTA FLUGUSTÖNG
Þrengri línubugur
2010 2015
Framúrskarandi fyrirtæki 6 ár í röð
TRAUST
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
FRÁ 1998
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS
SAGEFLYFISH.COM
sage

# Bjartir haustlitir frá McQueen

**Þegar haust- og vetrartíska frá hinum eftirsótta Alexander McQueen var sýnd í París vakti athygli að innblásturinn kom frá Cornwall á Englandi, bjartir litir náttúrunnar voru allsráðandi.**



Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Það er hinn eftirsótti fatahönnuður Sarah Burton sem á heiðurinn af þessari nýju tískulínu McQueen fyrir haust og vetur 2017-2018. Eins og flestir vita féll Alexander McQueen frá árið 2010 en Sarah hefur verið leiðandi hönnuður fyrirtækisins síðan. Hún fékk innblástur frá hinum fallega stað, Cornwall á Englandi, í hönnun sinni, fornum hefðum, strandlengjunni, bláum himni og grænu landslagi. Sarah hafði verið á ferðalagi um Cornwall og heillaðist af staðnum. Meðal annars varð hún hugfangin af svokölluðu Clautie-tré en ferðamenn hengja alls kyns bönd á tréð og óska sér um leið. Alexander sjálfur leitaði hins vegar hugmynda í dökkum skuggum miðalda. Sarah velur bjarta liti.

Í hausttískunni má sjá hvíta, síða silkikjóla með fallegum litamynstrum. Á sumum kjólum og jökkum héngu bönd en þau eru áhrif frá óskatrénu í Cornwall.

Sarah var aðstoðarmaður McQueens frá því hann hóf að hanna kvenfatnað árið 2000. Hún hefur hannað kjóla fyrir Michelle Obama, Cate Blanchett, Lady Gaga og Gwyneth Paltrow. Líklegast er hún frægust fyrir brúðarkjólinn sem hún hannaði á Katrínu hertogaynju, eiginkonu Vilhjálms prins, þegar þau gengu í hjónaband árið 2011. Einnig hannaði hún brúðarmeyjarkjól á systur Katrínar, Pippu Middleton, sem vakti gríðarlega athygli.

Sarah hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir hönnun sína. Hún er ein af hundrað á lista Time yfir áhrifamesta fólk í heimi.





Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



KRINGLUNNI | 588 2300
INDISKA

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

# Höfðinn

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ 2017

**Kynningar:** Flügger Vélvík Litla garðbúðin




MYND/ERNIR

# Blómlegt iðnaðarhverfi á gömlum grunni

Göturnar við Ártúnshöfða fengu nöfn í febrúar árið 1966. Svæðið var frá upphafi skipulagt sem iðnaðarhverfi og bílasölur, verkstæði og matsölustaðir áberandi en brátt gæti það breyst í blandaða byggð. →2




Bílasölur settu strax mikinn svip á starfsemina við Ártúnshöfða.



Ártúnshöfði var strax í upphafi skipulagður sem iðnaðarsvæði.



Í framtíðinni verður blönduð byggð á Ártúnshöfða. MYNDIR/ERNIR




Framhald af forsíðu ➪

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Á hernámsárunum var loftskeytastöð á svæðinu við Ártúnshöfða og þar var einnig lítill kampur. Hann varð þó aldrei að íbúðahverfi fyrir Íslendinga eins og sumstaðar varð en kampurinn var kallaður Camp Fenton Street. Saga Ártúnshöfða í þeirri mynd sem hann er í dag nær allt aftur til sjötta áratugarins en þá kom út Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983. Þar var gerð grein fyrir því hvar iðnaðarsvæði borgarinnar ættu að vera í náinni framtíð. Gert var ráð fyrir iðnaðarhverfi á Ártúnshöfða milli Grafarvogs og háspennulínu norðan Árbæjarhverfis. Samkvæmt skipulaginu var miðhluta Ártúnshöfða skipt í litlar iðnaðarlóðir en lóðirnar nær Vesturlandsvegi voru nokkru stærri, eða um einn hektari, en á þessum tíma var byggðin í Reykjavík farin að þenjast til austurs.

**» Nú er útlit fyrir að Ártúnshöfði taki breytingum.**

Þann 10. febrúar 1966 hélt byggingarnefnd Reykjavíkur fund þar sem á dagskrá voru tillögur byggingarfulltrúa um ný götunöfn á Ártúnshöfða. Nokkrar götur fengu nöfn með tilliti til þess að þarna átti að rísa iðnaðarhverfi, svo sem Axarhöfði, Funahöfði, Hamarshöfði, Hyrjarhöfði, Smiðshöfði, Tangarhöfði og Vagnhöfði.

Ári síðar var hafin uppbygging hafnargarðs, pökkunarstöðva og sementsgeyma hjá Ártúnshöfða við þá nýja Sundahöfn.

## Bílasölur og björgunarsveit

Frá upphafi hefur fjölbreytt iðnaðarstarfsemi sett svip sinn á Ártúnshöfða. Fljótlega spruttu upp bílasölur og margs konar iðnaður tengdur bílum, svo sem smur- og hjólbarðaþjónusta. Þar er einnig skrifstofuhúsnæði af ýmsum toga, veitingasölur, geymslur, margs konar verslanir og fleira. Húsnæði Hjálparsveitar skáta í Reykjavík er við Malarhöfða og við Bíldshöfða verður senn opnuð einkarekin heilsugæslustöð.

## Breytingar í farvatninu

Nú er útlit fyrir að Ártúnshöfði taki breytingum því stutt er síðan ritað var undir viljayfirlýsingu um samstarf á uppbygginu á 273 fermetra svæði á Ártúnshöfða vestan Breiðhöfða. Reiknað er með að fjöldi íbúða gæti orðið á bilinu þrjú til fjögur þúsund og gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og innviða í hverfinu fyrir allt að 11.500 manns. Gert er ráð fyrir að uppbyggingin tengist nýrri borgarlínu á samgönguás frá vestri til austurs og er lagt upp með að áherslur í hönnun verið á vistvænt borgarumhverfi með fólk í fyrirrúmi.










Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is

# Gott úrval í fallegri verslun

## Verslun Flügger á Stórhöfða er opin alla daga frá kl. 7-19. Opnunartíminn hefur mælst virkilega vel fyrir hjá viðskiptavinum verslunarinnar sem selur gott úrval af málningu og öllum nauðsynlegum málningarvörum.

Á Stórhöfða í Reykjavík er glæsileg verslun Flügger lita til húsa. Verslunin býður upp á mjög gott úrval af málningu og öllum nauðsynlegum málningarvörum fyrir fagmenn og heimilisfólk. Viðar Guðmundsson verslunarstjóri segir verslunina bjóða upp á fjölbreytt úrval málningar til notkunar bæði innan- og utanhúss. Þegar kemur að innanhússmálningu sé Flutex 7S og Hörpuskin 10S vinsælustu vörur þeirra. „Helstu styrkleikar þessara vara eru góð þekja, falleg áferð og þær eru auðveldar í vinnslu. Flügger hefur í samstarfi við skandinavíska arkitekta gefið út ný litakort með reglulegu millibili og því er að finna hjá okkur fjölbreytt úrval lita.“

Úrvalið af málningu utanhúss er ekki síðra, segir Viðar. „Flügger Metal Pro (Fjölakrýl) er slitsterk og litheldin 100% akrýlmálning sem hentar einkar vel ef mála á þök, rennur eða aðra málma. Fjölakrýl er einnig góður kostur á múr og timbur ef undirvinna er með réttum hætti. Facade Zero er flaggskip Flügger í utanhússmálun á múr en hún er sérlega veðurþolin og litheld 100% akrýlmálning sem hefur góða teygju og þornar við lágt hitastig.“

### Gott úrval

Hjá Flügger má einnig finna fjölbreytt úrval af pallaolíu, bæði vatnsþynnanlega og terpentínuþynnanlega að sögn Viðars. „Við erum þó sérlega stolt af Flügger Aqua, sem er vatnsþynnanleg pallaolía og því mun umhverfisvænni valkostur en áður hefur boðist. Efnið hefur reynst mjög vel og staðist samanburð hvað varðar endingu og gæði með sóma. Hjá okkur má einnig finna ýmsar gerðir af hreinsiefnum fyrir pallinn, hvort sem þarf að fjarlægja gráma, gróðurmyndun eða gamlar olíur úr viðnum.“

Verslanir Flügger bjóða einnig upp á gott úrval málningaráhalda bætir Brynjar Þór Sigurðsson sölumaður við. „Hjá okkur er hægt að fá allt sem þarf til að mála bæði utan- og innanhúss, hvort sem það er grunnvinna eða endurmálun. Við erum með öll almenn málningaráhöld, s.s. pensla, rúllur, málningarlímbönd, hlífðarpappa, sparsl, sandpappír og svo mætti lengi halda áfram. Einnig erum við með sérhæfðari verkfæri og varahluti fyrir fagmanninn, t.d. málningarsprautur, spartlsprautur og slípivélar svo eitthvað sé nefnt.

Verslunin Flügger á Stórhöfða er opin frá kl. 7-19 sjö daga vikunnar (7-7-7). Þessi rúmi opnunartími hefur mælst virkilega vel fyrir hjá viðskiptavinum, segir Brynjar. „Þá skiptir engu hvort um er að ræða málara sem geta byrjað daginn snemma hjá okkur eða einstaklinga sem geta rennt við hjá okkur eftir vinnu eða um helgar. Þetta er góð viðbót við fimm aðrar verslanir Flügger sem eru opnar frá kl. 8-18 virka daga og kl. 10-15 á laugardögum. Ekki má gleyma glæsilegri inniaðstöðu fyrir viðskiptavini í verslun okkar á Stórhöfðanum. Þar er hægt að keyra í gegnum húsið og taka vörurnar beint í bílinn auk þess sem boðið er upp á þvottaaðstöðu fyrir verkfæri og vélar.“




Brynjar Þór Sigurðsson (t.v.), sölumaður hjá Flügger litum á Stórhöfða, og Viðar Guðmundsson verslunarstjóri. MYNDIR/ERNIR

> Við leggjum mikla áherslu á að veita viðskiptavinum okkar faglega og persónulega þjónustu. Hjá okkur starfa bæði málarameistarar og fólk með áralanga reynslu af málningu og þjónustustörfum.

### Reynslumiklir starfsmenn

Auk sveigjanlegs opnunartíma starfa reynslumiklir starfsmenn hjá verslun Flügger á Stórhöfðanum og auðvitað í öllum öðrum verslunum þeirra bætir Viðar við. „Við leggjum mikla áherslu á að veita viðskiptavinum okkar faglega og persónulega þjónustu. Hjá okkur starfa bæði málarameistarar og fólk með áralanga reynslu af málningu og þjónustustörfum. Við erum öll af vilja gerð til að miðla reynslu okkar og þekkingu til viðskiptavina varðandi efnisval, litaval og vinnuaðferðir.“

Viðskiptavinir geta kynnt sér allar upplýsingar á flugger.is sem inniheldur mjög ítarlegar upplýsingar að sögn Brynjars. „Við erum meðvituð um mikilvægi netmiðla og góðra upplýsinga á vefsíðum og höfum tekið eftir að í nútímasamfélagi er algengast að einstaklingar skoði heimasíður áður en lagt er af stað að versla. Í vetur var ráðist í það verkefni að endurnýja vefinn okkar með það að leiðarljósi að gera hana notendavænni og nútímalegri. Á síðunni má nú finna ítarlegar upplýsingar um vöruúrval okkar, vinnuaðferðir, litaúrval og margt fleira.“



Úrval málningaráhalda til að mála bæði utan- og innanhúss.



Verslunin býður upp á gott úrval af málningu og öllum nauðsynlegum málningarvörum fyrir fagmenn og heimilisfólk.

# Var kallað Watergate

**Eitt tilkomumesta húsið á Höfðanum er bogadregin bygging sem stendur við Höfðabakka 9. Það stendur sem glæsileg varða á leið fólks út úr bænum. Húsið var byggt á áttunda áratugnum fyrir Íslenska Aðalverktaka eftir teikningum arkitektsins Halldórs H. Jónssonar (f. 1912 – d. 1992).**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Halldór var farsæll og afkastamikill arkitekt en var einnig virkur í atvinnulífinu enda stjórnarformaður Eimskipafélags Íslands frá 1974 til dauðadags. Hann er höfundur að mörgum, svipmiklum byggingum í Reykjavík og víðar en þar má nefna Hótel Sögu, Sjávarútvegshúsið við Skúlagötu, hús Íslandsbanka við Lækjargötu, Hús iðnaðarins við Hallveigarstíg og skrifstofu- og verksmiðjuhús Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hann teiknaði þrjár kirkjur, Háteigskirkju, Borgarneskirkju og Bæjarkirkju í Borgarfirði, og tugi einbýlishúsa.

Húsið við Höfðabakka 9 teiknaði hann á áttunda áratugnum. Sonur Halldórs, Garðar Halldórsson arkitekt og fyrrverandi húsameistari ríkisins, var nýútskrifaður þegar faðir hans vann að verkinu. Garðar er meðhöfundur hans að teikningum hússins. Hann þekkir því ágætlega upphafssögu hússins.

### Höfuðstöðvar ÍA

„Faðir minn var á yngri árum stór þátttakandi í fyrirtækinu Sameinaðir verktakar sem voru verktakar á Keflavíkurflugvelli. Þetta var hópur verktaka sem tók að sér verkefni fyrir herinn. Þegar umsvifin jukust var ákveðið að taka fleiri inn í hópinn og þá varð til fyrirtækið Íslenskir aðalverktakar. Sameinuðu verktakarnir áttu helminginn í ÍA og líklega er það skýringin á því að pabba var falið að teikna Höfðabakka 9 þegar Íslenskir aðalverktakar ákváðu að reisa höfuðstöðvar sínar þar,“ lýsir Garðar.

> **Fólki fannst húsið við Höfðabakkann minna á Watergate bygginguna út af lagi hennar en annars eiga þessi tvö hús ekkert skylt hvort með öðru.**

ÍA var úthlutuð lóðin frá Reykjavíkurborg til að byggja höfuðstöðvar sínar, bogahúsið, og þrjú samtengd verkstæðishús. „Á þessum tíma hafa menn líklega séð fyrir sér að starfsemin í kringum Keflavíkurflugvöll myndi minnka og því væri gott að hafa aðstöðu fyrir ÍA í Reykjavík. Einnig tel ég að litið hafi verið á byggingarnar sem fjárfestingu til að leigja út. Sjálfir notuðu Íslenskir aðalverktakar eina hæð í bogahúsinu undir skrifstofur.“

### Húsið átti að vekja athygli

En hvað með lagið á aðalbyggingunni, hvaðan kom sú hugmynd? „Þetta bogaform var hugsað til að fanga og ramma inn lágbyggingarnar tvær fyrir aftan,“ svarar Garðar. Hann bendir þó einnig á að hugmyndin hafi verið að byggja hús sem vekti athygli. „Húsið átti að vera nokkurs konar varða á leið fólks út úr bænum.“

Mikið var lagt í bygginguna sem var mjög vönduð. „Súlurnar að utan eru til dæmis metradjúpar en á öðrum byggingum eftir föður minn voru þær kannski 40 cm djúpar.

Lengi vel var anddyrið opið milli tveggja hæða sem var partur af þeim stórfengleika sem fólk átti að upplifa þegar gengið væri inn í húsið.

Leifar af þessu eru gluggi sem snýr vestur en hann er hærri en aðrir gluggar á fyrstu hæð. Þá var einnig lagt mikið í allt innra rými, sér í lagi á hæðinni sem ÍA hafði til afnota.“



Hin bogadregna bygging þótti á sínum tíma minna á Watergate bygginguna og festist nafnið við húsið. MYND/ERNIR

### Einkennandi stíll Halldórs

Fyrir utan form hússins er það í raun afar einkennandi fyrir stíl Halldórs. „Hann gerði mikið af því að vera með lóðréttar rákir á milli glugga og lit á milli. Þetta má sjá á byggingum hans á borð við Hótel Sögu og Hverfisgötu 6 þar sem veitingastaðurinn Essensia er í dag. Þá var stigahúsið og stiginn mjög svipað því og hann hafði gert áður.“

### Kallað Watergate byggingin

Hús ÍA við Höfðabakka 9 var lengi kallað Watergate byggingin og Garðar hefur skýringu á því. „Skömmu eftir að það var risið kom upp Watergate hneykslið í Bandaríkjunum sem varð til þess að Nixon sagði af sér sem forseti. Hans menn höfðu hlerað skrifstofur demókrata en hleranirnar fóru fram í Watergate byggingunni sem var bogamynduð. Fólki fannst húsið við Höfðabakkann minna á Watergate bygginguna út af lagi hennar en annars eiga þessi tvö hús ekkert skylt hvort með öðru.“

# Lítil perla á Höfðanum

**Sælkeravörur, fallegur borðbúnaður, skemmtileg garðverkfæri, fræ og ræktunarvörur eru á meðal þess sem Litla garðbúðin hefur upp á að bjóða.**

Litla garðbúðin við Höfðabakka 3 er sérstaklega falleg og skemmtileg verslun með fjölbreytt úrval af vörum sem erfitt er að standast. „Metnaður okkar er að bjóða upp á vandaðar og fallegar vörur. Við erum ánægð með að þær eru einnig hagnýtar, gleðja augað og eru á hagkvæmu verði. Margir eru þeirrar trúar að litlar verslanir séu með hærra verð en gerist og gengur en hjá okkur er hægt að fá vörur á alls konar verði. Við heyrum stundum að Litla garðbúðin sé falin perla hér á Höfðanum og erum ákaflega stolt af því,“ segir Dagrún Guðlaugsdóttir eigandi.

### Fyrirtæki með sérstöðu

Hjá Litlu garðbúðinni fást vörur til ræktunar og einnig ýmiss konar aðrar vörur. „Við seljum vörur aðallega frá sænskum fyrirtækjum, t.d. Nelson Garden, The Spice Tree og Klinta en þessi fyrirtæki hafa skapað sér sérstöðu, hvert á sínu sviði.“

The Spice Tree er þekkt fyrir hágæðasælkeravörur og að sögn Dagrúnar er það fyrirtæki frumkvöðull á sínu sviði með fallegar vörur sem henta vel til gjafa. Hún nefnir að Nelson Garden sé leiðandi fyrirtæki á Norðurlöndum á sviði ræktunarvara og þaðan koma ræktunarvörurnar, svo sem áburður, fræ, bakkar, ljós og áhöld. „Garðvinnan verður miklu skemmtilegri og auðveldari með góðum áhöldum,“ segir Dagrún.

### Nuddilmkerti

Meðal nýjunga í Litlu garðbúðinni eru nuddilmkerti frá Klinta. „Kertin eru gerð úr lífrænum efnum með lágan brennsluhita svo hægt er að hella vaxinu á húðina og nudda hana. Þetta hefur alveg slegið í gegn hjá okkur,“ segir Dagrún og bætir við að hún hafi einnig verið að fá ólífutré til sölu. „Ólífutrén vaxa innandyra eða í garðskálum hérlendis og eru til mikillar prýði.“





Litla garðbúðin er með fjölbreytt úrval af vörum. MYND/ERNIR

### Antik framtíðarinnar

„Greengate er okkar stolt í borðbúnaði. Það er danskt merki sem er þekkt fyrir smekklega hönnun um allan heim þar sem nýjar línur koma fram hvert vor og haust. Ný lína er hönnuð með það í huga að vörurnar passi við þær sem fyrir eru svo að sem flest gangi saman. Greengate er einnig með úrval af löberum, tauservíettum og viskastykkjum sem hafa verið ákaflega vinsæl. Það er mjög algengt að fólk byrji á að kaupa eitt og komi svo aftur og kaupi fleiri og segi að þetta séu bestu viskastykkin sem það hafi notað. Borðbúnaðurinn er bæði vandaður og fallegur. Ég segi stundum að þetta sé antik framtíðarinnar,“ segir Dagrún.

Litla garðbúðin er með vefverslun, www.litlagardbudin.is, og þar er hægt að kaupa úrval af vörum. Á Facebook-síðuna kemur svo allt það nýjasta sem í boði er.

„Við sendum frítt ef verslað er fyrir 3.900 kr. eða meira þannig að það á að vera auðvelt að nálgast vörurnar okkar,“ segir Dagrún að lokum. Næg bílastæði eru við Litlu garðbúðina ef þið viljið frekar kíkja í heimsókn.

Litla garðbúðin, Höfðabakka 3, 110 Reykjavík, s. 587 2222, www.litlagardbudin.is

# Fjölhæf þjónusta hjá Vélvík

## Vélvík er eitt best búna fyrirtæki landsins á sviði sérhæfðrar nákvæmnissmíði, rennismíði og fræsinga. Þar fer saman áratuga reynsla fagmanna og öflugur hátæknibúnaður. Verkefnin eru af öllum stærðum og gerðum.

Það má segja að við framleiðum allt frá varahlutum í fólk til kafbáta en meðal viðskiptavina okkar eru fyrirtæki eins og Össur og Marel. Þá framleiðum við kafbáta fyrir Teledyne – Gavia,“ segir Daníel Guðmundsson, forstjóri Vélvíkur.

„Við vinnum einnig fyrir lyfjafyrirtæki og smíðum meðal annars mót og skiptihluti eftir pöntun í pökkunarlínur fyrir framleiðslu þeirra. Þá vinnum við verkefni fyrir ýmis hátæknifyrirtæki á landinu.“

Vélvík hefur starfað í bráðum þrjátíu ár og á þeim tíma hefur fyrirtækið byggt upp hátækniþjónustu og vélakost. Á verkstæðinu eru 70 vélar og tæki, þar af eru 16 CNC vélar eða tölvustýrðar vélar. Tuttugu starfsmenn starfa hjá Vélvík, allt faglærðir rennismiðir.

„Verkefnin sem við tökum að okkur geta því verið af öllum stærðum og gerðum, bæði flókin og einföld. Þau geta verið allt frá einu stykki í einu og upp í þúsundir stykkja. Við sérhæfum okkur í fínsmíði sem krefst mikillar nákvæmni en fínsmíði þýðir ekki endilega smástykki,“ segir Daníel. „Þó svo að við leggjum áherslu á fínsmíði þá tökum við öll verkefni sem passa í vélarnar okkar. Við vinnum úr ryðfríum efnum, koparefnum, plastefnum, títanefni og stáli. Þá erum við einnig með hersluofna og slípivélar og bæði herðum stál og slípum. Erum einnig með plastframleiðslu og smíðum mót til sprautusteypu á plasti og steypum sjálfir í þeim tilfellum sem um lítið magn er að ræða. Vélvík er líklegast með fjölhæfustu þjónustuna á sínu sviði hér á landi,“ segir Daníel.

1. Myndir af mælivél og skjámynd af þeim hlut sem er í mælingu. Vélin er með nákvæmni upp á 1,5My eða 1,5/1000 úr millimetra. Notuð við mælingar á flóknum hlutum.
2. Dæmi um verkefni sem Vélvík tekur að sér.
3. MAZAK Integrex i200 Multi Tasking Machine. Þessi vél er 12 ása rennibekkur með 12.000 sn. fræsihaus. Fullvinnur flókna hluti með einni uppstillingu.
4. Hér er holuloki sem er í viðgerð.
5. Við erum mótasmiðir meðal annars og smíðum við blástursmót, vakúmmót og sprautusteypumót. Hér á myndinni er dæmi um sprautusteypumót hannað og smíðað hjá Vélvík ásamt afurðinni sem er skrúfa fyrir kafbát.
6. Vélvík býr yfir EDM tækni sem við köllum neistagröft upp á íslensku. Þessi mynd sýnir mótspart sem búið er að grafa, ásamt rafskauti og afurð. Rafskautið er fræst í tölvustýrði vél.
7. Helmingur af blástursmóti fyrir flösku og fullsmíðað mót í lyfjapökkunarvél.









Zeiss mælivél (CMM)

3.















# Hræddur um að rallýið kitli

## Jón R. Ragnarsson í Bílahöllinni-Bílaryðvörn er margfaldur Íslandsmeistari í rallýakstri og þekkir Höfðann vel. Hann skipti yfir í bílabransann þegar Bítlafárið gekk yfir með óheftum hárvexti.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is





Jón er með bíladellu í blóðinu. Hér lætur hann fara vel um sig á svokölluðum buggy-bíl sem er næsta skref á eftir fjórhjólum en tekur farþega og farangur og getur þeyst upp um fjöll og firnindi en má líka keyra í borgarysnum. MYND/EYÞÓR

Bíladáhuginn er í blóðinu en ég lærði upphaflega alls óskylt fag,“ upplýsir Jón um ákvörðun sína til náms eftir gagnfræðapróf. „Þá lærði ég til hárskera og vann við það í áratug, eða þar til Bítlaæðið reið yfir og engan mátti klippa. Hárskerastéttin var þá tiltölulega gömul og menn ekki sammála um að snyrta þetta síða hár heldur varð að ná að klippa það allt af mönnum. Annað var hreinlega bannað,“ segir Jón og skellir upp úr.

Þegar þar var komið sögu langaði hann í meira fjör enda hasargjarn að upplagi.

„Undir niðri var ég alltaf með bíladellu en þó ekki endilega fyrir fínum bílum. Ég var líka farinn að daðra við rallakstur og áhugi fyrir rekstri í bílabransanum blundaði í mér,“ segir Jón sem hætti í hárskurðinum og gekk inn í rekstur verkstæðisins Bílaryðvörn ásamt félaga sínum 1970.

„Ryðvarnarverkstæðið var til húsa í Skeifunni 17 í tuttugu ár. Ég endaði með því að kaupa félaga minn út úr rekstrinum árið 2006 en árið 1990 ákváðum við að sækja um lóð og fengum úthlutað á Bíldshöfða 5 þar sem við byggðum nýtt hús á einu ári og gerðum það vel. Þá var kreppa á Íslandi og húsið stórt þannig að upplagt var að bæta bílasölu við reksturinn og nefndum við hana Bílahöllina,“ segir Jón sem síðar keypti einnig lóðina að Bíldshöfða 3 og setti upp bílasöluna J.R.-bílasalan sem hann hefur leigt út um árabil.

Fátt var um hús í námunda við nýbyggingu Jóns árið 1990 enda stendur Bílahöllin efst í brekkunni ofan við Elliðaárnar.

„Fyrir neðan okkur var nýbygging Ingvars Helgasonar og við hliðina á okkur bílaþvottastöð sem átti að vera sú umhverfisvænasta í heimi og var opnuð með pompi og prakt af Eiði Guðnasyni, þáverandi umhverfisráðherra, en lagði svo upp laupana. Á bak við Bílahöllina voru svo malarnámur Steypustöðvarinnar með öllum þeim óþrifnaði sem því fylgir,“ segir Jón sem kunni strax vel við sig á Höfðanum.

„Þetta er fallegur staður og héðan er fagurt útsýni. Við vorum meira miðsvæðis í Skeifunni í þá daga en í dag er Höfðinn nánast orðinn miðja borgarinnar. Mér þótti gaman að byggja nýtt hús og þótt ýmsar kreppur hafi komið í millitíðinni höfum við lifað af. Menn hætta enda ekki að þurfa bíla þótt kreppi að og þannig verður það áfram, held ég, þrátt fyrir Borgarlínuna.“

### Mætir fyrstur og fer síðastur

Jón hefur nú unað hag sínum vel á Höfðanum í 27 ár. Bílahöllin-Bílaryðvörn er sannkallað fjölskyldufyrirtæki því synir Jóns, Rúnar og Baldur, ásamt dóttur Jóns eiga sína hluta í rekstrinum. Hafa bræðurnir starfað með föður sínum allt frá unglingsaldri.

„Ég er búinn að koma þessu mestmegnis yfir á strákana því einhvern tímann verð ég að hætta, orðinn að verða 73 ára. Ég er stjórnarformaður Bílahallarinnar og mæti til vinnu alla daga; kem fyrstur á morgnana og fer síðastur heim á kvöldin og vinn laugardagana líka. Ég er alltaf jafn spenntur að mæta til vinnu og finnst alltaf jafn gaman í vinnunni,“ segir Jón kátur og reiknar með að hann sé ágætur í bílasölu. „Ég lifi allavega enn í þessum bransa svo eitthvað hlýt ég að hafa í verkið. Ég hleyp þó í öll verk og er allt í öllu, nema að ryðverja.“

### Líst illa á blandaða byggð

Bílaiðnaður hefur frá upphafi verið allsráðandi á Ártúnshöfða og segir Jón Höfðann fyrst og fremst vera bílasvæði.

„Hér eru fimmtán bílasölur auk bílaverkstæða af öllum toga og bílaumboð með nýja bíla. Á Höfðanum finnur maður alla þjónustu fyrir bílinn en nú fer þetta að breytast. Stefnt er að því að breyta svæðinu vestan við Breiðhöfða í blandaða byggð með skrúðgörðum og er ég lítt spenntur fyrir því. Einhvers staðar þarf að koma okkur fyrir en í dag erum við einkar vel staðsettir því héðan er hentugt og fljótlegt að sækja daglega nýja bíla í ryðvörn til skipafélaganna. Því yrði vont að þurfa að fara um langan veg og varla umhverfisvænt með tilheyrandi mengun, umferðarálagi og sliti á gatnakerfinu.“

Að sögn Jóns eru stærstu lóðirnar sem eiga að fara undir blandaða byggð lóðir Steypustöðvarinnar og Bílakjarninn svokallaði.

„Þar hafa verktakar keypt upp allt húsnæði og leigja undir bílasölur á meðan ekki er komið endanlegt skipulag. Þá verður það allt rifið og sjálfur veit ég ekki hvort húsið mitt fái að standa, þótt það sé fallegt og vel byggt, en ég hef ekki selt mitt einum eða neinum.“

### Alltaf meira sem getur bilað

Aðspurður segir Jón ekkert eitt einkenna bílasala, þeir séu breið flóra manngerða.

„Við þekkjumst kannski ekki allir á Höfðanum en við vitum vel hver af öðrum og ef spurt er til vegar eða um tiltekinn sölumann veit maður hvert á að vísa. Hér talast allir við og margir okkar selja bíla frá sömu aðilum. Eigi ég ekki bíl sem beðið er um get ég í flestum tilfellum sótt hann á aðra bílasölu hér á Höfðanum og veit að það sama gildir um aðra.“

Og vinnan í Bílahöllinni er bæði fjölbreytt og skemmtileg.

„Reyndar er ryðvörnin sem slík óskóp svipuð því sem var í gamla daga en bílasölunni fylgir mikil þróun og alltaf eitthvað nýtt; ný módel, nýir fídusar og alltaf meira sem getur bilað.“

Jón hætti rallakstri árið 2005 eftir þrjátíu ár í sportinu og segir hálfgerða bilun að hafa verið við stýrið jafn lengi og raun ber vitni.

„Rallýinu fylgdi mikið adrenalínkikk en vegna þess að maður er svo vel varinn af öryggisbúnaði bílanna var maður ekki í mikilli slysahættu. Fyrstu tíu árin keyrði ég með Ómari bróður mínum (Ragnarssyni) og svo með Rúnari syni mínum næstu tuttugu ár. Baldur sonur minn keppti með kunningja sínum í nokkur ár og með mér í eitt ár þegar Rúnar veiktist. Ég hef því afrekað að verða Íslandsmeistari með báðum strákunum mínum í þessu sporti.“

Jón kveðst hafa verið orðinn fullsaddur af rallakstrinum þegar hann hætti.

„Ég sný mig ekki úr hálsliðnum þegar ég sé flottan bíl, en ég sný mig úr hálsliðnum ef ég heyri hljóð sem líkist rallýbíl. Ég hef heldur ekki farið og horft á rallý síðan ég hætti að keppa. Kannski er ég hræddur um að það fari að kitla mig,“ bætir hann við sposkur.




Rafmagnsgítar
Kassagítar
Rafmagnsbassi
Klassískur gítar
Kassabassi
Fermingargjafir
í úrvali
Þráðlaus míkrafónn
Míkrafónar
í úrvali
Rafmagnsfiðla
Heyrnartól
Gítarpakki
Listaverð: 33.900,-
Okkar verð: 23.900,-
Gítar, poki, ól, stillitæki, auka strengjasett og kennsluforrit.
Söngkerfi
Kajun tromma
Hljómborð í úrvali
Ukulele
Gítarinn ehf
Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • S: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is



## Nýjar íbúðir fyrir ungt fólk

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, hefur undirritað samstarf um uppbyggingu á Ártúnshöfða ásamt fulltrúum lóðarhafa, þeim Ingva Jónassyni hjá Klasa og Pétri Árna Jónssyni hjá Heild. Svæðið sem samkomulagið nær til er 273.000 fermetrar og er gert ráð fyrir að á þessu svæði geti risið á bilinu þrjú til fjögur þúsund nýjar íbúðir. Ártúnshöfði verður eitt mesta uppbyggingarsvæðið í Reykjavík á næstu árum.

Nýbyggingar fyrir ungt fólk verða í boði á svæðinu eða fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Markmiðið er að skapa aðstæður til að byggja ódýrt húsnæði án þess að slegið sé af gæðakröfum, skapa möguleika fyrir deililausnir, bæði er lýtur að húsnæði, innviðum og samgöngum, eins og segir í yfirlýsingunni. Vinna skal með þessi markmið á öllum stigum undirbúnings, deiliskipulagsgerðar, uppbyggingar- og söluferlis.

Kveðið er á um það í samningi að við deiliskipulagsvinnuna skuli sérstaklega horft til þess að skapa gott jafnvægi milli íbúðarhúsnæðis, atvinnuhúsnæðis og þjónustu í hverfinu, auk tenginga við almenningssamgöngur. Enn fremur skal matið ná hlutfallslega til annarra innviða, svo sem skóla og leikskóla, sem þjóna munu svæðinu ásamt öðrum framtíðarsvæðum í Elliðaárvogi/Ártúnshöfða.



## Sístækkandi íbúðabyggð við Höfðann

Bryggjuhverfið var byggt upp á uppfyllingu austan athafnasvæðis Björgunar í Grafarvogi, að Sævarhöfða 33 og risu fyrstu húsin árið 1998. Aðdragandinn var sá að 1992 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og steinefnaframleiðandans Björgunar um byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Arkitektinn Björn Ólafs var fenginn til að annast deiliskipulag og að hluta til hönnun húsa. Í skipulaginu var mikið lagt upp úr innbyrðis samræmi á yfirbragði hverfisins og að nýta nálægðina við hafið til útivistar og afþreyingar.

Árið 2015 hófust framkvæmdir við stækkun hverfisins en henni fylgdu 280 nýjar íbúðir sem sumar eru enn í byggingu. Til stendur að starfsemi Björgunar flytji. Þegar af því verður munu, samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, 3.600 íbúðir rísa við Elliðavog og er áframhaldandi uppbygging Bryggjuhverfisins hluti af því.

# Kóngurinn á Höfðanum

Einn af eftirminnilegustu karakterum Höfðahverfisins er Albert Sigurður Rútsson, betur þekktur sem Alli Rúts. Hann rak um margra ára skeið Bílasölu Alla Rúts í hverfinu en þegar hann hóf rekstur hennar í upphafi níunda áratugar síðustu aldar var hún eina bílasalan á Höfða. Það átti heldur betur eftir að breytast næstu árin en Höfði hefur í nokkra áratugi verið helsta bílasöluhverfi landsins.

Alli Rúts var oft kallaður „Kóngurinn á Höfðanum“ og hefur hann oft sagt að allir hafi talið hann klikkaðan að hefja rekstur bílasölu í hverfinu á þessum tíma. Um tíma var matsalan Halti haninn einnig til húsa í húsnæði bílasölunnar.

Þótt margir tengi Alla við bílabransann hefur hann brallað margt um ævina. Hann ólst upp á Siglufirði en flutti ungur til höfuðborgarinnar þar sem hann hóf að troða upp á ýmsum skemmtunum á sjöunda áratugnum. Fljótlega vakti hann athygli fyrir skemmtilega sviðsframkomu og varð til dæmis fljótt eftirsóttur sem kynnir. Alli tróð líka upp þar sem hann meðal annars söng gamanvísur og fór með gamanmál í félagi ekki ómerkari manna en Ómars Ragnarssonar, Bessa Bjarnasonar og Gunnars Eyjólfssonar.

Í dag rekur hann Hótel Laxnes sem er fyrsta hótelið sem byggt hefur verið í Mosfellsbæ.

*Heimild: mosfellingur.is*



MYND/KRISTJÁN A. EINARSSON


VIÐ BERUM SNILLIGÁFU HEIM AÐ DYRUM

Með heimsendingu kemst sendingin hratt og örugglega á áfangastað

www.postur.is



nettoline

# DANSKAR INNRÉTTINGAR

## Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS





## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

STERKAR OG GLÆSILEGAR





BETRI STOFAN

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:** Mán. - föst. kl. 09-18
Lokað á laugardögum í sumar

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# Hóf ferilinn með Springsteen

**Courteney Cox á afmæli í dag. Hún hóf feril sinn í tónlistarmyndbandi fyrir Bruce Springsteen og sló í gegn sem hin stjórnsama Monica í þáttunum Friends.**

Bandaríska leikkonan Courteney Bass Cox fagnar fimmtíu og þriggja ára afmæli í dag. Þekktust er hún fyrir hlutverk sitt sem Monica Geller úr þáttaröðinni Friends sem naut mikilla vinsælda á tíunda áratugnum. Alls urðu Friends seríurnar tíu og gengu frá árunum 1994 til 2004. Courteney fékk eina milljón dala fyrir hvern þátt í síðustu tveimur seríunum og varð þar með hæst launaða sjónvarpsþáttaleikkona allra tíma í Hollywood, ásamt meðleikkonum sínum í þáttunum.

Eftir að síðasti þáttur Friends fór í loftið tóku við ýmis verkefni hjá Courteney en fæst náðu miklu flugi og komust ekki í hálfkvisti við vinsældir Friends. Meðal annars lék hún í myndinni November árið 2005 og lék ásamt Tim Allen í myndinni Zoom árið eftir. Þá lék hún með Adam Sandler í myndinni The Longest Yard 2005. Courteney lék í sjónvarpsþáttunum Dirt árið 2007 en framleiðslu þáttanna var hætt eftir tvær seríur. Leikkonan náði loks flugi aftur í hlutverki sínu sem fertug móðir á lausu í leit að ævintýrum í gamanþáttunum Cougar Town árið 2009. Seríurnar urðu fjórar.

Milli hlutverka rak Courteney kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Coquette Production ásamt þáverandi manni sínum David Arquette. Þau skildu árið 2013 eftir 14 ára hjónaband en halda rekstri fyrirtækisins áfram.

Áður en Courteney sló í gegn í Friends hafði hún leikið í nokkrum kvikmyndum, svo sem Ace Ventura: Pet detective á móti Jim Carrey. Fyrst sást hún á skjánum árið 1984 í tónlistarmyndbandi Bruce Springsteen við lagið Dancing in the Dark. Í myndbandinu er henni svipt upp á svið þar sem hún dansar við Bruce.

Courteney þykir hafa látlausan fatastíl og sést iðulega í gallabuxum og bol. Á rauða dreglinum bregður hún sér þó í sparidress.



Courteney Cox fagnar fimmtíu og þremur árum í dag. Hún sló í gegn sem Monica í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Friends. NORDICPHOTOS/GETTY



Leikkonan þykir hafa látlausan fatasmekk og sést iðulega í gallabuxum og bol á götum New York borgar. Látlausi stíllinn á einnig við á tyllidögum.



# ALLT INNIFALIÐ

## ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUM*



NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000

NR. 2042
VERÐ KR. 178.900

NR. 2046
VERÐ KR. 251.900

NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900

NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900

NR. 2021
VERÐ KR. 294.900

NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000

MIKIÐ ÚRVAL LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900

NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
*AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




MÖRKIN 4
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu góð 2ja herb, íbúð í efra Breiðholti, ca. 70fm, með yfirbyggðum svölum. Laus 1. júlí. Reglusemi skilyrði. Uppl. á: antonben@simnet.is

**NÁLÆGT HÍ**
2 herb. íbúð til leigu hjá Háskóla Íslands. Sérinng., 2hæð. Verð 200 þús,pr.mán. Skammtímaleiga. 1-6 mán. S. 899 6221

3-4ja herb, íbúð til leigu í Garðabæ. Uppl. í s. 55 45170 eftir kl. 17:00

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

GINGER

**GINGER Í REYKJAVÍK**
Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

EVENING AND WEEKEND SHIFTS:

Ginger restaurant in Reykjavik seeks employees to work in the evening and on weekends. If you are 18 or older and a non-smoker please send your CV to brynja@ginger.is

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í HLUTASTARF**
3-tímar á dag við útkeyrslu ca.6:30-9:30. Farið á selfoss suma daga og innanbæjar aðra. Má vera eldri bílstrjóri eða yngri maður svo framarlega sem hann er snyrtilegur og jákvæður. Meirapróf ekki nauðsynlegt. Möguleiki á fullri vinnu ef áhugi er á því. 892-6363 eða skutlari@gmail.com

**KJÖTSMIÐJAN EHF.**
óskar eftir að ráða starfskraft í vörumóttöku góð íslensku kunnátta skilyrði.
**Áhugasamir vinsamlega sendið póst á netfangið birgir@kjotsmidjan.is**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Tilkynningar

### Tilkynning

Ég undirritaður vil þakka Mike og Sheilu Fitzgerald fyrir að stofna og leiða Útvarpsstöðina Lindina í 20 ár.
Drottinn blessi ykkur.

Eitt árið kom Sheila með þá hugmynd að biðja fólk um að biðja á fimmtudögum fyrir götunum þar sem það býr. Ég undirritaður tók það bókastaflega. Ég bý á Hverfisgötunnni og þar sem mikið er um atvinnurekstur, auk heimila og opinberra stofnana þá gekk ég oft götuna og bað fyrir húsunum og allri starfsemi þar. Einnig var gerð heimildarmynd um mig og Hverfisgötuna.

Fyrir ári síðan hættu Mike og Sheila að vera útvarpstjórar á Lindinni og Hafsteinn G. Einarsson tók við. Ég hafði þá nokkrum mánuðum áður hætt að ganga Hverfisgötuna og biðja fyrir húsunum. Fólk hefur kallað mig Erkibiskup og söngvara í háðungarskyni út af þessu starfi mínu. Mér hefur þótt vænt um þessa titla. Pastor Jim Barr kallaði mig þetta fyrst.

Þar sem ég er hættur að biðja fyrir húsunum á Hverfisgötunni reglulega og Mike og Sheila hætt að starfa á Lindinni langar mig að hætta þessari bænagötu formlega og mun í dag, fimmtudaginn 15. júní, ganga hana formlega í síðasta skipti.

Ég legg af stað frá húsi mínu klukkan 17 síðdegis og mun ganga næstu 3 klst. Hverfisgötuna og vera í bæn.

*Helgi Borgfjord Kárason*
*Erkibiskup af Hverfisgötu og söngvari.*
*Hverfisgötu 43.*
*Kt. 141158-2879*

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

**Tískuverslun með dömufatnað.**

**Til sölu vinsæl tískuverslun með dömufatnað, skó og fylgihluti, í góðu plássi í einni þekktustu verslunarmistöð landsins. Mjög hagstæð leiga. Allt eigin innflutningur. Vefverslun fylgir.**

**Uppl gefur Óskar á oskar@atv.is og í síma 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

## Útboð

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

### Lagning niðurrennslislagna við Nesjavallavirkjun

Verkið felst í lagningu DN350/500, DN300/450 og DN250/400 niðurrennslislagna frá dælustöð 2 að niðurrennslisholum NN-1, NN-2 og NN-9 við Nesjavallavirkjun. Um er að ræða bráðabirgðalagnir úr foreinangruðu pípuefni (hitaveitupípur), sem að mestu eru lagðar ofanjarðar.

Verkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „ONVK-2017-012 NIÐURRENNSLI Í NN-1, NN-2 og NN-9"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/fjarmal/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 29.06.2017 kl. 11:00.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR



**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur





**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr.
og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN,
MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í VINNU.

HANDAFL EHF
STARFSMANNAÞJÓNUSTA
s. 777 2 333

**Vísir hf óskar eftir að ráða vanan háseta á Kristínu Gk 457. Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísis
**www.visirhf.is**

VÍSIR

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Heildarendurskoðun.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006.

Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Bláskógabyggð árið 2002, þ.e. Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp og Þingvallasveit. Með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins og tekur til tímabilsins 2015-2027.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Dalbraut 12 á Laugarvatni og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Bláskógabyggðar www.blaskogabyggd.is og á heimasíðu skipulags- og byggingarfulltrúa www.sbf.is. Athugasemdir sem fram koma í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 25. apríl 2017 liggja frammi með aðalskipulagsgögnum.

Tillagan er í kynningu frá 15. júní til 28. júlí 2017. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 28. júlí 2017. Skila skal inn skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið petur@utu.is.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@utu.is**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**
**1. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins Árnes.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem fyrirhugað er að stækka íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis, fella út leikskólalóð norðan Skólabrautar, stækka svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins) auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar. Drög að deiliskipulagsbreytingu svæðisins er hluti af skipulagsgögnum.

**Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsmál:**
**2. Endurskoðun Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi 11. maí 2017 tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps fyrir tímabilið 2016-2032. Tillagan var auglýst þann 26. janúar 2017 með athugasemdafrestil til 10. mars, sem síðan var lengdur til 21. apríl. Athugasemdir bárust auk nokkurra nýrra umsagna og var tillagan samþykkt með nokkrum minniháttar breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar. Aðalskipulagið hefur nú verið sent Skipulagsstofnun til staðfestingar í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Deiliskipulagsmál**

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**
**3. Deiliskipulag fyrir jörðina Skálholt í Bláskógabyggð. Skipulags- og matslýsing.**
Lögð fram til kynningar endurskoðuð skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags fyrir Skálholt. Árið 2013 fór af stað vinna við gerð deiliskipulags fyrir Skálholtsstað og var þá lýsing m.a. kynnt með auglýsingu sem birtist 17. október það ár auk þess sem leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar og fleiri aðila. Deiliskipulagsvinnan hélt þó ekki áfram og fór málið í bið fljótlega á eftir. Nú hefur verið ákveðið að fara af stað að nýju með að endurskoða deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og er endurskoðuð lýsing fyrsta skrefið í þeirri vinnu.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**
**4. Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð í landi Jaðars í Hrunamannahreppi.**
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir 3,2 ha lóð í landi Jaðars í Hrunamannahreppi þar sem fyrirhugað er að reisa frístundahús sem getur verið allt að 70 fm að grunnfleti ásamt allt að 25 fm gestahúsi gestahúsi og 10 fm geymslu. Skipulagssvæðið er um 1,5 km austan við Gullfoss, framan við Hádegishæðir. Aðkoma að lóðinni verður um afréttarveg sem tekur við af Tungufellsvegi nr. 349.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.
Skipulagstillögur nr. 1, 3 og 4 er í kynningu frá 15. til 21. júní 2017 og er hægt að skila inn ábendingum oa athugasemdum til skipulagsfulltrúa til lok dags þann 21. júní. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

# AUGLÝSING

## Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum. Tillögur að breytingu á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. maí 2017 að auglýsa eftirfarandi tillögur að breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Miðsvæði. Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við götunöfnum og húsnúmerum innan skipulagssvæðisins. Í stað fjögurra einbýlishúsalóða og tveggja parhúsalóða sunnan Lyngholts er gert ráð fyrir fimm parhúsalóðum. Í stað tveggja einbýlishúsalóða og einnar parhúsalóðar sunnan Breiðuholts er gert ráð fyrir þremur parhúsalóðum. Bætt er við 38 m2 lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð rafveitu við Skyggnisholt 3 ásamt því að skilmálar eru settir fyrir bygginguna. Vegna nýrrar lóðar minnkar lóð við Skyggnisholt 1 úr 5.000 m2 í 4.962 m2. Gert er ráð fyrir 6 íbúðum innan hvers byggingarreits (B) fyrir fjölbýlishús við Skyggnisholt en áður var aðeins gert ráð fyrir 4 íbúðum innan hvers byggingarreits. Fjölbýlishúsin eru sjö og því fjölgar íbúðum um 14, úr 28 í 42. Bætt er við upplýsingum úr deiliskráningu fornminja. Þá er bætt við skilmálum vegna framkvæmda í nánd við fornminjar og að samráð skuli haft við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda. Uppfærðar eru upplýsingar og tilvísarnir í lög og reglugerðir og upplýsingar og tilvísanir í gildandi aðalskipulag.

Íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði. Breytingin felst í eftirfarandi: Breytt er fyrirkomulagi innan tjaldsvæðisins og nánar skilgreint hvaða hlutar þess eru fyrir tjöld annarsvegar og húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagna hinsvegar. Þá er felldur burt göngustígur sem gert var ráð fyrir í gegnum tjaldsvæðið frá austri til vesturs. Staðsetning þjónustuhús breytist og færist það frá bílastæði og til norðurs um 50 m en með því er það betur staðsett miðsvæðis á tjaldsvæðinu. Hámarksstærð hússins er óbreytt eða 100 m2. Aðkoma að þjónustuhúsinu verður um þjónustuveg vestan tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir allt að 6 smáhýsum innan tjaldsvæðisins, austast á svæðinu. Hvert þeirra er að hámarki 25 m2 að flatarmáli og húsin ekki hærri en 3,5 metrar (húsgerð C). Aðkoma akandi umferðar að smáhýsunum verður um þjónustuveg frá bílastæði tjaldsvæðisins við Hafnargötu.

Hafnarsvæði. Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við götunöfnum og húsnúmerum innan skipulagssvæðisins. Í samræmi við gildandi lóðarblað og þess sem er í raun er legu götunnar Jónsvör breytt við gatnamót við Hafnargötu og hliðrast gatan til vesturs nær höfninni, jafnfram er breidd götunnar breytt. Með þessari breytingu skapast pláss fyrir nýja lóð, Hafnargötu 2. Innan þeirrar lóðar er þegar gömul bygging og er skilgreindur byggingarreitur umhverfis hana. Lóðarmörk núverandi lóða við Hafnargötu 4, 6, 8 og 10 og Jónsvör nr. 1 og 7 eru lagfærð til samræmis við gildandi lóðarblað. Húsagerð á lóð nr. 1. við Jónsvör er breytt úr „Verbúðir fyrir smábátaeigendur“ (B) í „Iðnaðarhúsnæði„ (A). Byggingarreitir á lóðum nr. 3, 5 og 7 við Jónsvör stækka úr 450 m2 í 600 m2. Byggingarreitirnir stækka til norðurs inn á lóðirnar en bindandi lína byggingarreita meðfram götu er óbreytt. Nýtingarhlutfall iðnaðarlóða við Jónsvör hækkar úr 0,3 í 0,55 og er ástæðan m.a. sú að að þegar hefur verið byggt á lóðunum umfram heimild skv. gildandi deiliskipulagi. Bætt er við 1020 m2 lóð fyrir gámasvæði við Jónsvör 9, en engin byggingarreitur verður innan lóðarinnar. Bætt er við kvöð um legu lagna á lóðunum við Hafnargötu 2 og Jónsvör nr. 1, 5 og 9. Uppfærðar eru upplýsingar og tilvísarnir í lög og reglugerðir og upplýsingar og tilvísanir í gildandi aðalskipulag.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með mánudeginum 12. júní 2017 til og með mánudagsins 24. júlí 2017. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en mánudaginn 24. júlí 2017.

*Vogum, 12. júní 2017*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

# HÆ, HÓ OG JIBBÍJEI!
## ÚRVALIÐ ER Í ICELAND



GASBLÖÐRUR FRÁBÆRT VERÐ
LITLAR Á 699 KR STK.
STÓRAR Á 999 KR STK.
RISA Á 1299 KR STK.

OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMINN 17. JÚNÍ



CANDYFLOSS 169 MEÐ TATTOO KR.STK.

ÖLL SNUÐ 199 KR.STK.

FÁNAR FRÁ 229 KR.STK.

NAMMIBAR 50% afsláttur 15–18. júní

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Valsmenn á toppinn eftir dramatískan sigur




**Valur vængjum þöndum** Bjarni Ólafur Eiríksson tryggði Val sigur á Breiðabliki í 7. umferð Pepsi-deildar karla í gær með síðustu spyrnu leiksins. Með sigrinum náðu Valsmenn tveggja stiga forskoti á toppi deildarinnar. Strákarnir hans Ólafs Jóhannessonar hafa nú unnið tvo leiki í röð eftir tapið óvænta í Grindavík á dögunum og eru komnir aftur á sigurbraut. Valsmenn mæta KA-mönnum í næsta leik sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nánast búnir að Tékka sig út

**Von íslenska karlalandsliðsins í handbolta um að komast á tíunda Evrópumótið í röð er orðin ansi veik eftir tap fyrir Tékklandi, 27-24, í Brno í gær. Afleitur fyrri hálfleikur varð Íslendingum að falli í leiknum.**

**HANDBOLTI** „Við komum hingað til að vinna og ná okkur í tvö stig. Næsta var að ná í eitt stig og að síðustu að tapa í mesta lagi með einu marki og skora 25 mörk þannig að við værum með betri árangur í innbyrðis viðureignunum gegn Tékkum. En ekkert af þessu gekk upp og það eru vonbrigði,“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson í samtali við Fréttablaðið eftir tapið fyrir Tékkum í undankeppni EM 2018 í Brno í gær.

Íslendingar grófu sína eigin gröf með slökum fyrri hálfleik. Það var ekki heil brú í leik íslenska liðsins fyrstu 30 mínúturnar. Sóknarleikurinn var í molum en eftir 16 mínútur voru aðeins þrjú íslensk mörk komin á töfluna. Sex núll vörnin gekk illa og Björgvin Páll Gústavsson átti erfitt uppdráttar. Aron Rafn Eðvarðsson átti góða innkomu í markið undir lok fyrri hálfleiks en þrátt fyrir það var Ísland fimm mörkum undir í hálfleik, 14-9.

Tékkar héldu áfram þar sem frá var horfið í upphafi seinni hálfleiks og náðu mest sex marka forystu. Um miðjan seinni hálfleikinn var Janusi Daða Smárasyni farið að leiðast þófið og hann dró íslenska liðið nánast einn síns liðs inn í leikinn. Selfyssingurinn skoraði þrjú mörk í röð og stal auk þess þremur boltum.

„Janus kom frábærlega inn og eftir á að hyggja er það klárt að maður hefði átt að setja hann fyrr inn á. Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á,“ sagði Geir um Janus Daða.




Janus Daði Smárason hnoðaði lífi í íslenska liðið í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Varnarleikur Íslands styrktist líka eftir því sem leið á seinni hálfleikinn. Geir breytti yfir í 5-1 vörn undir lok fyrri hálfleiks og líkt og í sigrinum á Makedóníu í maí gaf hún góða raun.

„Okkur hefur gengið vel að þróa hana og þeir stóðu sig einstaklega vel í þristunum, Bjarki [Már Gunnarsson] og Ólafur [Guðmundsson],“ sagði Geir um 5-1 vörnina.

Ísland breytti stöðunni úr 22-16 í 23-22 en nær komust íslensku strákarnir ekki. Tékkland komst upp með að spila langar sóknir undir lokin og þær enduðu oftast með marki.

Að sögn Geirs var sóknarleikur íslenska liðsins í leiknum í gær ekki alslæmur en dýrkeypt. Dauðafærin sem það klúðraði hafi reynst dýrkeypt.

„Sóknarleikurinn var kannski ekki svo slæmur. Við vorum ekki með „nema“ 7-8 tæknimistök og það er mjög gott í leik sem þessum. Við sköpuðum okkur færi og skoruðum 24 mörk sem er alveg viðunandi í svona hörðum leik. En það sem er ekki viðunandi eru tækifærin sem við klúðruðum,“ sagði Geir en Martin Galia, hinn síungi markvörður Tékka, varði alltof mörg dauðafæri frá íslensku strákunum í leiknum í gær.

Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur í íslenska liðinu í gær með níu mörk. Næstir komu Janus Daði og Aron Pálmarsson með þrjú mörk hvor. Sá síðarnefndi átti þó ekki merkilegan leik. Aron er einn besti handboltamaður í heimi en sýndi það ekki í gær.

Rúnar Kárason og Ólafur hófu leikinn í skyttustöðunum en fundu engan takt. Rúnar byrjaði illa, bæði í vörn og sókn, spilaði ekkert í seinni hálfleik. Ólafur náði ekki að fylgja eftir frábærum leik gegn Makedóníu og fór aftur inn í skelina sína.

Þá getur landslið sem ætlar að láta taka sig alvarlega árið 2017 ekki verið með Kára Kristján Kristjánsson inni á línunni. Tankurinn á þeim bænum virðist einfaldlega vera orðinn tómur. Arnar Freyr Arnarsson fékk þungt högg á augað skömmu eftir að hann kom inn á í fyrri hálfleik og gat ekki spilað meira í framhaldinu. Það var skarð fyrir skildi.

Eftir úrslitin í gær eru strákarnir okkar ekki lengur með örlögin í eigin hendi. Þeir eiga þó enn möguleika á að komast í lokakeppnina í Króatíu. Ísland þarf að vinna Úkraínu í lokaleik riðlakeppninnar á sunnudaginn og treysta á úrslit í öðrum leikjum.

„Sunnudagurinn gengur bara út á að vinna, ná sér í tvö stig og gera það eins vel og mögulegt er. Svo verðum við bara að sjá hvort það skilar okkur einhverju,“ sagði Geir að lokum. ingvithor@365.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Breiðablik - Valur 1-2**
1-0 Hrvoje Tokic (5.), 1-1 Einar Karl Ingvarsson (52.), 1-2 Bjarni Ólafur Eiríksson (90+4.).

**KA - ÍA 0-0**

**Grindavík - FH 1-1**
1-0 Andri Rúnar Bjarnason (75.), 1-1 Kristján Flóki Finnbogason (77.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 16 | Víkingur R. | 7 |
| Grindavík | 14 | KR | 7 |
| Stjarnan | 13 | Fjölnir | 7 |
| KA | 12 | ÍBV | 7 |
| FH | 10 | ÍA | 4 |
| Breiðablik | 9 | Víkingur Ó. | 3 |

**Inkasso-deildin**

**Þróttur - Leiknir R. 3-3**
1-0 Ólafur Hrannar Kristjánsson (4.), 1-1 Aron Fuego Daníelsson (13.), 1-2 Sjálfsmark (31.), 1-3 Elvar Páll Sigurðsson (84.), 2-3 Rafn Andri Haraldsson (87.), 3-3 Heiðar Geir Júlíusson (90+3.).

**Undankeppni EM 2018**

**Tékkland - Ísland 27-24**
**Mörk Íslands:** Guðjón Valur Sigurðsson 9/5, Aron Pálmarsson 3, Janus Daði Smárason 3, Bjarki Már Elísson 2, Rúnar Kárason 1, Ómar Ingi Magnússon 1, Kári Kristján Kristjánsson 1, Bjarki Már Gunnarsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Arnór Atlason 1, Ólafur Guðmundsson 1.
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 10, Björgvin Páll Gústavsson 2.

**Blikum boðið að dansa með á toppnum, tóku ekki boðinu. Valsmönnum er alvara. Smiðurinn ekki í þessu til að eignast vini. Fagmaður.**

Hörður Snævar Jónsson
@hoddi23

**KOMINN MEÐ NÝTT LIÐ** Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, er genginn í raðir Cholet Basket sem endaði í 11. sæti frönsku úrvalsdeildarinnar í vetur. Haukur Helgi lék með Rouen í frönsku B-deildinni á síðasta tímabili og var með 12,3 stig, 4,7 fráköst og 4,0 stoðsendingar að meðaltali í leik. Haukur hefur einnig leikið á Ítalíu, Spáni, Þýskalandi og Svíþjóð og með Fjölni og Njarðvík. Haukur Helgi hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | **US Open** | Golfstöðin |
| 17.45 | **ÍBV - KR** | Sport |
| 18.55 | **Cadiz - Tenerife** | Sport 2 |
| 19.55 | **Stjarnan - Víkingur R.** | Sport |
| 20.00 | **Meijer LPGA** | Sport 4 |
| 22.00 | **Pepsimörkin** | Sport |
| 23.25 | **Síðustu 20** | Sport |

**Pepsi-deild karla**
18.00 **ÍBV - KR**
19.15 **Fjölnir - Víkingur Ó.**
20.00 **Stjarnan - Víkingur R.**

**Inkasso-deildin**
18.00 **Þór - Grótta**
19.15 **Fylkir - Fram**
19.15 **Haukar - HK**

# Hugmyndin fyrst sögð alveg galin

**FÓTBOLTI** Ensku úrvalsdeildarliðin Manchester City og West Ham mætast í æfingaleik á Laugardalsvelli 4. ágúst sem er föstudagurinn um verslunarmannahelgina en þetta er í fyrsta sinn sem lið úr ensku úrvalsdeildinni mætast í æfingaleik á Íslandi.

Viðburðurinn er settur upp af alþjóðlegu fyrirtæki en leikurinn heitir The Super Match. Í fyrra mættust Manchester United og Galatasaray í Ósló í Noregi en þessir leikir hafa undanfarin árin farið fram á Norðurlöndum enda áhugi á ensku úrvalsdeildinni mikill þar líkt og á Íslandi.

„Við vildum sýna að þetta er hægt en margir sögðu okkur geðveika þegar við fengum hugmyndina að halda þetta á Íslandi,“ sagði Ephraim Bojang, markaðsfulltrúi leiksins, á fjölmennum, alþjóðlegum blaðamannafundi í Laugardalnum í gær sem var streymt út um allan heim.

„Ísland er hringiða fótboltans í heiminum í dag vegna árangurs karlalandsliðsins þannig að við erum mjög ánægðir með að koma til Íslands,“ sagði Bojang á fundinum. Á honum voru einnig Þorvaldur Örlygsson, Eiður Smári Guðjohnsen, Jóhannes Karl Guðjónsson og Brynjar Björn Gunnarsson en þeir hafa allir leikið í ensku úrvalsdeildinni. Allir sögðust spenntir fyrir þessum viðburði.

Stefnt er að því að bæta áhorfendametið á Laugardalsvelli en það er 20.204. Sá fjöldi mætti að sjá íslenska liðið vinna Ítalíu í frægum leik fyrir tólf árum og ætlar viðburðafyrirtækið að gera allt til að bæta metið.

Stefnt er að því að setja bráðabirgðastúku upp fyrir aftan markið sem snýr að Laugardalslauginni og þá verða seldir miðar í stæði. Miðarnir kosta 5.900-16.900 krónur. Miðasala hefst 22. júní. **– tom**



Ephraim Bojang og Guðni Bergsson. NORDICPHOTOS/GETTY



Verður Gylfi hvítur þegar deildin hefst í ágúst? NORDICPHOTOS/GETTY

## Hvar hefur Gylfi Þór leik í haust?

**FÓTBOLTI** Leikjadagskráin fyrir næsta tímabil í ensku úrvalsdeildinni var gefin út í gær. Jóhann Berg Guðmundsson og félagar hans í Burnley fá ærið verkefni strax í fyrstu umferð en þeir heimsækja Englandsmeistara Chelsea.

Reikna má fastlega með því að Gylfi Þór Sigurðsson spili í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar 12. ágúst en hvar hann hefur leik er stærri spurning. Gylfi hefur þráfaldlega verið orðaður við sölu frá Swansea en haldi hann kyrru fyrir þar spilar Gylfi fyrsta leik á útivelli gegn Southampton.

Everton er það lið sem virðist áhugasamast um að fá Gylfa. Fari svo að Everton gangi frá kaupum á honum hefur hann leik á heimavelli gegn Stoke. Leicester hefur einnig borið víurnar í íslenska landsliðsmanninn en fari hann þangað spilar hann fyrsta leik á útivelli á móti Arsenal. **– tom**



Sara Björk Gunnarsdóttir er komin í gott frí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sara sú eina sem fór í fríið

**FÓTBOLTI** Þó svo kvennalandsliðið spili ekki fleiri leiki fram að Evrópumótinu í Hollandi er aðeins einn leikmaður liðsins kominn í sumarfrí. Það er Sara Björk Gunnarsdóttir sem leikur með Wolfsburg í Þýskalandi en sú deild er leikin yfir veturinn og lauk fyrir síðasta landsleikjahlé. Sara hefur spilað í nær eitt og hálft ár án þess að stoppa og fær verðskuldaða hvíld.

Það er ekki mikil hvíld í boði fyrir hinar stelpurnar en þær sem spila hér heima í Pepsi-deildinni fara aftur af stað með sínum liðum á föstudaginn þegar heil umferð fer fram. Glódís, Guðbjörg, Sif og Hallbera sem spila í Svíþjóð eiga leik á sunnudaginn en Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir á leik með Vålerenga í Noregi í dag í bikarnum. **– tom**





✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Ingibjargar Arngrímsdóttur**

Holtateigi 5, Akureyri,

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

**Gunnar Kristinsson**
**Gígja Gunnarsdóttir** **Ólafur Halldórsson**
**Úlfar Gunnarsson** **Vilborg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Albert Guðlaugur Guðlaugsson**

sem lést á Dvalarheimilinu Jaðri fimmtudaginn 8. júní, verður jarðsunginn frá Ingjaldshólskirkju, föstudaginn 16. júní kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Sigursteinsdóttir**

Lækjargötu 30, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu 7. júní. Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 19. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ásbjörg Magnúsdóttir** **Sverrir Ögmundsson**
**Sigursteinn Magnússon** **Brynhildur B. Rafnsdóttir**
**Ásberg Magnússon**
**Hildur Magnúsdóttir** **Malvin Nekköy**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Sigurbjörg Ólafsdóttir**

frá Vestmannaeyjum, Bogatúni 30, Hellu,

lést aðfaranótt 9. júní á Landspítalanum við Hringbraut. Jarðarförin fer fram í Hveragerðiskirkju, föstudaginn 16. júní klukkan 14.

**Birgir Pálsson**
**Guðbjörg S. Birgisdóttir** **Guðmundur G. Norðdahl**
**Sævar Birgisson** **Gerður Sævarsdóttir**
**Brynja Birgisdóttir** **Bjarni Kristinsson**
**Árni Birgisson** **Ásta Hólm Birgisdóttir**
**Sigurbjörg Birgisdóttir** **Þorsteinn Kristjánsson**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinn Sigurðsson**

húsasmíðameistari,

lést mánudaginn 12. júní á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar. Útförin verður föstudaginn 23. júní kl. 13.00 í Stórólfshvolskirkju, Hvolsvelli. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Björgunarsveitina Dagrenningu, kt. 670286-1699, reikn. 0182-26-3227.

**Gróa Ingólfsdóttir**
**Sveinn Ægir Árnason** **Guðríður Jóna Örlygsd.**
**Steinunn Guðný Sveinsdóttir** **Stefán Karl Segatta**
**Hildur Kristín Sveinsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Sigurður Bjarni Sveinsson** **Tatiana Kostrikina**



**Pétur fer ekki bara ferða sinna á hjóli, hann notar líka eigin orku til að slá blettinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Árin límast lítið við mann

**Sumir setjast í helgan stein sjötugir en Pétur Gunnarsson rithöfundur segir afmælið engu breyta fyrir sig. Hann treystir því þó að fá súkkulaðiköku með kaffinu í dag.**

Já, þetta flokkast víst undir stórafmæli,“ segir Pétur Gunnarsson rithöfundur þegar honum er óskað til hamingju með sjötugsafmælið í dag. Er þó langt í frá upptekinn af því. „Þetta breytir engu fyrir mig. Ég bara bauka í mínu, sama hvaða dagur er. Einhvern veginn límast árin svo lítið við mann. Ég held að það sé töluverð breyting frá því sem áður var. Þá var hlutverk, aldur og staða manna skýrari en á okkar tímum. Nú er allt komið meira á flot. Það er líka sagt um 1968 kynslóðina að hún sé óþolandi því hún vilji vera jafngömul börnunum sínum og neiti að eldast.“

Hann bendir á að áður fyrr hafi menn sem komnir voru á virðulegan aldur átt sinn húsbóndastól og inniskó. „Karlmenn sáust aldrei hlaupa nema þeir væru að missa af strætó eða hlaupa fyrir fé. Maður sá heldur aldrei fullorðinn karlmann á reiðhjóli. Þetta hefur allt skolast til og víkkað út – nú mega rígfullorðnir karlmenn leika sér.“

Reiðhjólið er og hefur alltaf verið aðalfarartæki Péturs, að hans sögn. „Þegar maður venst því að hjóla á maður bara erfitt með að hjóla ekki, það er svo þægilegt að komast rakleitt að staðnum sem maður ætlar á og þurfa aldrei að svipast um eftir bílastæði. Svo fylgir því góð samviska, það gefur manni hreyfingu og betri heilsu.“

> **En næst þegar ég kom að Sléttaleiti þurfti ég á snyrtingu um nótt og þar mætti ég draug.**

Pétur kveðst ekkert ætla að halda upp á daginn. „Ég fæ örugglega eitthvað gott að borða og ég treysti því að það verði súkkulaðikaka með kaffinu. Svo mæta örugglega einhverjir sem standa mér nærri,“ segir hann. Upplýsir að hann eigi tvo syni, annan búsettan í Kaupmannahöfn með konu og tvö börn, sá hafi átt dóttur fyrir sem sé 12 ára og eigi heima í Reykjavík. „Svo á ég yngri strák, hann er sömuleiðis búsettur hér í borginni með sinni konu og þau eiga dreng sem er eins og hálfs árs. Hann heitir Pétur Vésteinn Gunnarsson.“

Pétur kveðst aldrei fara til útlanda að sumri til. „Þá rígheldur Ísland í mig. En á öðrum árstímum rjúkum við hjónin til Kaupmannahafnar að heilsa upp á fólkið okkar um leið og birtist lækkað fargjald. Við vorum líka í París í mars, bjuggum í Kjarvalsíbúðinni sem Reykjavíkurborg á í listamiðstöð í miðri borginni.“

Pétur hefur gert ævi meistara Þórbergs góð skil í bókum og segist alltaf droppa við á Hala þegar hann fari þar framhjá. „Ég hef líka dvalið í húsi Rithöfundasambandsins á Sléttaleiti í Suðursveit. Fyrst þegar ég gisti þar voru þar margar ljósmyndir af fyrri ábúendum, sem þá voru allir látnir, ég var samt alveg laus við draugahræðslu. En næst þegar ég kom að Sléttaleiti þurfti ég á snyrtingu um nótt og þar mætti ég draug. Í millitíðinni hafði nefnilega Ragnheiður, formaður sambandsins, komið þar fyrir spegli í fullri mannhæð og þar blasti við mér þessi draugur. Ég verð að viðurkenna að mér brá.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Kær mágkona og frænka,

**Ásthildur Tómasdóttir**

Laufvangi 8, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 8. júní á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 23. júní klukkan 13.

**Aðstandendur**



✝

Okkar elskulegi

**Valdemar Thorarensen**

húsasmíðameistari, Gvendargeisla 17, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 14. maí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fjölskylda Valdemars**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Guðjón Hólm Guðbjartsson**

Háagerði, Kjalarnesi,

lést 9. júní síðastliðinn.

**Hólmar Hólm Guðjónsson**
**Ólafía Þyrí Hólm Guðjónsdóttir**
**Hans Guðmundur Magnússon**
**Hulda Margrét I. Magnúsdóttir**
**Kristján Edilon Magnússon**
**tengdabörn, barnabörn og systkini.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Hrafns Bachmann**

fyrrverandi kaupmanns.

**Steinunn Þórðardóttir**
**Gunnar Bachmann** **Margrét Sigurðardóttir**
**Þórður Bachmann** **Claudia Luckas**
**Guðný Bachmann** **Ástgeir Kristjánsson**
**Guðrún Bachmann** **Isvan Seres**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR




FYLGSTU MED OKKUR Á SAMFÉLAGSMIDLUNUM

Facebook – Glamour Iceland

Instagram @glamouriceland #glamouriceland

Twitter - GlamourIceland

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austan og norðaustan 5-13, hvassast á Vestfjörðum. Skýjað og dálítil rigning eða súld, en þurrt að kalla norðan- og norðvestanlands. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast sunna til en svalara á annesjum norðaustanlands.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↖ 8 | 11° ← 4 | 13° ← 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° ↓ 1 | 9° ↖ 4 | 8° ↑ 8 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↑ 6 | 8° ↗ 8 | 12° → 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° → 6 | 13° ↗ 6 | 5° ↑ 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. klafi
8. klæðalaus
9. skordýr
11. tveir eins
12. móðins
14. tíund
16. strit
17. af,
18. frjó
20. persónufornafn
21. lokka

**LÓÐRÉTT**
1. himinn
3. í röð
4. ávaxtatré
5. reiðihljóð
7. klína
10. þrá
13. kóf
15. rótartauga
16. styrkur
19. pípa



**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** ok, **8.** ber, **9.** fló, **11.** rr, **12.** tísku, **14.** skatt, **16.** at, **17.** frá, **18.** fræ, **20.** ég, **21.** laða.
**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** áb, **4.** perutré, **5.** urr, **7.** klístra, **10.** ósk, **13.** kaf, **15.** tága, **16.** afl, **19.** æð.

## Skák Gunnar Björnsson

Bárður Örn Birkisson (2.146) átti leik gegn Gauta Páli Jónssyni (2.087) á Meistaramóti Skákskóla Íslands.
**Hvítur á leik**
**30. Hxf6+! gxf6 31. Dxh6+ Kg8 32. Be6+ 1-0.** Hannes Hlífar Stefánsson tekur þátt í opnu alþjóðlegu móti í Tékklandi. Eftir 4 umferðir hefur hann 3 vinninga.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir



## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











Góð næring
í amstri dagsins
ENGINN
HVÍTUR SYKUR
Spennandi
nýjungar
rúsinur
möndlur
kanill
trönuber
möndlur
bláber
LÉTTMÁL
GRJÓNAGRAUTUR
Með möndlum, rúsínum og kanil
LÉTTMÁL
SKYR
Með berjum og möndlum
Nærandi millimál ... er létt mál
Hreint skyr eða grjónagraut er tilvalið að taka með í nesti. Bragðgott og saðsamt
með stökkum toppi sem gerir millimálið þitt enn girnilegra.
LÉTTMÁL
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Victoria, Gerður og Katalin hafa starfað saman í þrjú ár í tríóinu Aftanblik og einbeitt sér að íslenskum og erlendum sönglögum og aríum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ást á ljóðum uppspretta tónsmíðanna

**Tríóið Aftanblik heldur tónleika í dag í Listasafni Íslands. Yfirskrift þeirra er Ég elska þig vor, þig hið fagra og frjálsa/sjálflærðu tónskáldin. Gerður Bolladóttir sópransöngkona syngur þar, meðal annars eigin lög.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við flytjum íslensk sönglög um vorið, sumarið, vináttu og ást. Öll eftir sjálflærð tónskáld sem fóru eftir eigin tilfinningu þegar þau sömdu lög við ljóð.“ Þetta segir Gerður Bolladóttir sópransöngkona um tónleika tríósins Aftanbliks sem verða í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg í dag og hefjast klukkan 16. Auk hennar eru í Aftanbliki þær Katalin Lirincz, píanó- og organleikari frá Ungverjalandi og Victoria Tarevskaia, sellóleikari frá Moldavíu.

Efnisskráin inniheldur sjö lög eftir Gerði sjálfa, hún kveðst því vera stressaðri en venjulega fyrir tónleika.

„Þetta er stór stund,“ viðurkennir hún og lýsir þróun tónsmíðanna. „Ég starfa sem tónlistarkennari með ungum börnum. Þar kenni ég meðal annars á lítið, finnskt strengjahljóðfæri sem heitir kantele en fá lög voru til fyrir þetta hljóðfæri svo ég byrjaði að semja fyrir það, handa börnunum.

Ég vil líka meina að ást mín á ljóðum hafi orðið til þess að ég fór að iðka tónsmíðar. Frá því ég var lítil stelpa hef ég alltaf haft gaman af ljóðum, ólst upp við að læra Skólaljóðin utan að, fór með þau upphátt og svo fór ég að syngja þau við lög sem mér komu í hug. Þannig held ég að tónsmíðar hafi blundað í mér en ég hef ekkert lært annað en söng.“

Gerður kveðst vera pínu feimin við að flagga eigin lögum og því hafi hún farið með þau til Báru Grímsdóttur tónskálds til að athuga hvort eitthvert vit væri í þeim. „Bára fór yfir lögin og gaf mér grænt ljós á þau. Þá ákvað ég að verða svolítið góð með mig og flytja þau á tónleikum. Spurningin var hvaða lög ég ætti að hafa með þeim en svo valdi ég tónskáld sem voru sjálflærð. Sigvaldi Kaldalóns er afkastamestur íslenskra tónskálda en ekki menntaður sem slíkur, heldur læknir.“

**ÉG ÓLST UPP VIÐ AÐ LÆRA SKÓLALJÓÐIN UTAN AÐ, FÓR MEÐ ÞAU UPPHÁTT OG SVO FÓR ÉG AÐ SYNGJA ÞAU VIÐ LÖG SEM MÉR KOMU Í HUG.**

Eitt ljóðið sem Gerður bjó til lag við er eftir langömmu hennar, Þórunni Friðjónsdóttur frá Sandi. Það heitir Vorljóð og dagskráin hefst á því. „Konur af kynslóð ömmu voru yfirleitt skúffuskáld og eins var með hana,“ segir Gerður. „Lagið kom fljótt þegar ég fór að lesa Vorljóð.“

Nokkur ljóð Heiðreks Guðmundssonar frá Sandi urðu Gerði einnig tilefni til tónsmíða. Hún kveðst muna eftir honum. „Pabbi heimsótti Heiðrek oft á Akureyri og ég hélt upp á hann sem barn, hann var svo hógvær og greindur og listrænn á allan hátt. Það hafa ekki verið gerð mörg lög við ljóðin hans og mér fannst ég skulda honum það fyrir að koma af virðingu og elskusemi fram við börn. Svo til að tengja mig við nútímann samdi ég við ljóð eftir Kristján Hreinsson. Ljóðin hans kalla á lög enda er ég í samkeppni þar.“

## Klassík á efnisskránni

**Meðal laga á tónleikunum eru Mamma ætlar að sofna, Ég bið að heilsa, Friður á jörðu, Kvöldsöngur, Sólskríkjan, Ég leitaði blárra blóma og Svanurinn minn syngur.**

**Meðal tónskálda sem flutt er eftir, auk Gerðar, eru Árni Thorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Ingi T. Lárusson, Ísólfur Pálsson, Jón Laxdal, Markús Kristjánsson og Sigvaldi Kaldalóns.**

**Aðgangseyrir er 2.000 krónur en frítt fyrir yngri en 18 ára.**




iGreen V4.02.005
umgjörð
kr. 14.900,-

Skiptu um lit!

Með iGreen umgjörðum getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.
Verið velkomin í verslanir okkar.

Frábært verð á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is



# SUMARDAGAR






# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM, SPILUM, PÚSLUM OG BARNABÓKUM.

**Fyrir meðlimi í A4 klúbbnum**
**15. – 19. júní**










**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Angurvær e-moll hljómur ómar um sýningarsalinn

## Guð, hvað mér líður illa, eiga pallíettustúlkurnar örugglega eftir að hugsa.

Nú er komið að öðrum gjörningi af þremur á sýningunni Guð, hvað mér líður illa eftir Ragnar Kjartansson í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Hann nefnist Kona í e-moll og stendur frá 17. júní til 3. september í Hafnarhúsi.

Gjörningurinn felst í því að í miðjum hring úr gylltum strimlum stendur kona í pallíettukjól eins og lifandi stytta á snúningspalli. Hún er með Fender-rafmagnsgítar um öxl, tengdan magnara, og þegar hún slær á strengina ómar e-moll hljómur um sýningarsalinn. Hljómurinn er sígild undirstaða dægurtónlistar enda liggur hann fyrirhafnarlítið í grunnstillingu hljóðfærisins. Hann er angurvær en um leið ágengur, einkum þar sem hann er endurtekinn í sífellu án tilbrigða.

„Það verða sex konur sem skipta þessu hlutverki með sér. Þær munu þurfa að taka á þolinmæðinni,“ segir Áslaug Guðrúnardóttir, kynningarstjóri Listasafnsins.

Gjörningurinn fór upphaflega fram í samtímalistasafni Detroitborgar, MOCAD. Þar kallaðist verkið á við þá staðreynd að í borginni spruttu á sínum tíma fram margar afgerandi tónlistarstefnur 20. aldarinnar.

Aðgöngumiði á safnið gildir á gjörninginn en frítt er fyrir handhafa árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

– gun



**Pallíettustúlka.** Sex stúlkur munu skiptast á um hlutverkið í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi í sumar.


Styrkir úr Miðborgarsjóði



# Ertu með hugmynd?

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem efla miðborgina.

Markmið styrkveitinga er að efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga og hvetja til frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna.

Sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.

Heildarfjárhæð styrkja fyrir 2017 eru kr. 30.000.000

Umsóknarfrestur er til og með **5. júlí** og sótt er um rafrænt á heimasíðu sjóðsins. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um úthlutunarreglur og stefnu borgarinnar í miðborgarmálum.

**reykjavik.is/midborgarsjodur**

www.facebook.com/midborgrvk

reykjavik.is


# Einfalt líf í flóknum heimi

**Bækur**

**Mannsævi**

★★★★☆

**Robert Seethaler**

**Þýðing:** Elísa Björg Þorsteinsdóttir
**Útgefandi:** Bjartur
**Prentun:** Printon, Eistlandi
**Síðufjöldi:** 143
**Kápa:** Jón Ásgeir

Sumarið 1902 kom Andreas Egger, aðeins fjögurra ára einstæðingur í lítið þorp í þýskumælandi sveit í Ölpunum. Tekinn í fóstur hjá stórbóndanum Hubert Kranzstocker, aðeins vegna leðurpungs með nokkrum krumpuðum peningaseðlum sem héngu um háls drengsins. Andreas Egger beið einfalt en erfitt líf í mótlæti og á erfiðum tímum en engu að síður líf vinnusemi og sjálfsvirðingar í einhverri óræðri sátt og mannlegri reisn. Mannsævi er fimmta bók austurríska rithöfundarins og leikarans Robert Seethaler. Það er þó ekki uppskrúfaðri dramatíkinni fyrir að fara, þvert á móti er Mannsævi einstaklega lágstemmd og einföld en á sama tíma afar áhrifarík. Engu er ofaukið, allt er meitlað orð fyrir orð en engu að síður er ekki annað hægt en að heillast og dragast inn í þennan skarplega mótaða söguheim.

Mannsævi segir einfaldlega sögu Andreas Egger sem varir bróðurpart hinnar sögulegu tuttugustu aldar. Gamla bændasamfélagið með gamaldags vinnuhörku, stéttskiptingu, harðneskjulegum uppeldisaðferðum og afar takmörkuðum tækifærum þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu einkenna fyrstu ár Eggers. En síðan kemur að því að nútíminn eða að minnsta kosti tæknilegar framfarir tuttugustu aldarinnar halda innreið í dalinn og því fylgja möguleikar og tækifæri á vinnu. En skammt undan lúrir seinni heimsstyrjöldin eins og órjúfanlegur hluti þessara framfara. Þar, rétt eins og annars staðar í lífinu, er hlutskipti Eggers hið versta eins og hann var fæddur til inn í þennan táradal.

Andreas Egger verður þó aftur hluti af framfarabyltingu aldarinnar og hluti af breyttum búskaparháttum fólksins í dalnum þar sem ferðaþjónustan leysir bændasamfélagið af hólmi sem aðalatvinnugrein. Þróun sem forvitnilegt er fyrir Íslendinga að skoða í ljósi

# Þar sat skáldið og skrifaði og teiknaði

Gröndalshús í Grjótaþorpinu verður opnað almenningi á þjóðhátíðardaginn. Með því verður minning Benedikts Gröndal (1826–1907) skálds og fræðimanns, heiðruð og ævi hans og verk verða kynnt.

Ragnhildur Gröndal hefur upp raust sína í húsinu um klukkan 15 og syngur nokkur lög og klukkan 16 mun Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur fjalla um Benedikt Gröndal og verk hans.

Benedikt bjó í húsinu í tuttugu ár, ásamt dóttur sinni Helgu og tveimur vinnukonum, og þar vann hann sín helstu verk, eins og Dýraríki Íslands og Fuglabókina. Einnig er talið að hann hafi skrifað sjálfsævisögu sína Dægradvöl þar og ritgerðina Reykjavík um aldamótin 1900. Á þeim tíma stóð húsið reyndar við Vesturgötu 16a en nú er það á horni Fischersunds og Mjóstrætis. Það hefur nú verið gert upp og verður rekið sem menningarhús.

Vinnuaðstaða fyrir rithöfunda, fræðimenn og þýðendur verður í risi hússins og í kjallaranum er skáldaíbúð þar sem Bókmenntaborgin Reykjavík mun bjóða erlendum listamönnum að dvelja til skemmri tíma til að kynnast íslenskri menningu, landi og þjóð.

Frítt er inn í Gröndalshús opnunarhelgina en eftir það verður aðgangseyrir þúsund krónur. Arkitektinn Hjörleifur Stefánsson teiknaði endurgerð hússins en Minjavernd hafði umsjón með endurbótunum.

Sýningarhönnuðir eru Snæfríður Þorsteinsdóttir og Hildigunnur Gunnarsdóttir. Margmiðlunarsýningu hönnuðu Phoebe Jenkins og Ben Moody en textagerð var í höndum Guðmundar Andra Thorssonar. Sýningarstjórar í húsinu eru Kristín Viðarsdóttir og Lára Aðalsteinsdóttir.

Gröndalshús verður á forræði Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. – **gun**


**Hjörleifur Stefánsson arkitekt sá um endurgerð hússins.**




samfélagslegra breytinga á Íslandi samtímans. Þessu fylgja nefnilega átök, togstreita kynslóða, endurmat gilda bæði viðkomandi samfélags og einstaklinga. Þessum breyttu aðstæðum og átökum kemur Seethaler einstaklega vel til skila. Setur þau fram í sögu manns sem lifir meira en tímana tvenna og gerir lesendum þannig mögulegt að skoða þróunina, vega hana og meta í ljósi hinnar flóknu og viðamiklu mannkynssögu síðustu aldar.

Þrátt fyrir öll þessu átök eru hinir stóru sögulegu þættir aldarinnar þó ekki í öndvegi í Mannsævi heldur kjarni manneskjunnar sjálfrar, aðstæður hennar og örlög sem verkfæri stórvelda og kúgara af hvaða meiði sem þeir kunna að vera komnir. Frásögnin er öll einföld og látlaus, stíllinn fágaður og kjarnyrtur en umfram allt læsilegur enda rennur frásögnin ljúflega. Ekki skemmir heldur fyrir að þýðing Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur er vel unnin og á vandaðri íslensku. Á stundum hvarflar þó að manni að þetta áreynslulausa flæði verksins verði til þess að tilfinningaleg dýpt í lífi persónanna nái ekki alveg þeirri dýpt sem efni standa til. En í því er líka fólgin ákveðin sögn um kynslóð sem háði sínar orrustur í kyrrþey og lét samtíma sinn ýmist skella á sér eða skolast yfir sig eftir því hvernig áraði.

Mannsævi er falleg og áhrifarík bók sem þrátt fyrir að vera ákveðinn aldarspegill á fullt erindi við samtímann, bæði á forsendum hins persónulega og mannlega rétt eins og sögunnar og samfélagsins.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Einföld en áhrifarík og vel skrifuð frásögn sem á fullt erindi við samtímann.



# Það eru sögur í þessum verkum

## Gustukaverk nefnir Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður sýningu sem hann opnar í Galleríi Porti að Laugavegi 23b.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það eru sögur í þessum málverkum. Hnitmiðaðar sögur," segir Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður íbygginn, þar sem hann er að leggja lokahönd á undirbúning sýningarinnar Gustukaverk sem hann opnar á morgun klukkan 17 í Galleríi Porti á Laugavegi 23b. „Ég er kannski svolítið að stríða, aldrei þessu vant," bætir hann við kankvís. „Að minnsta kosti eru þrjú verk þannig að ég er að hæðast að fyrirtækjum hér í landinu."

Hér á hann við Arion banka annars vegar og Gamma Capital hins vegar því verk tileinkuð þeim verða á sýningunni. Hann kveðst hafa boðið fyrirtækjunum þau til kaups, enda hafi þau verið stórtæk í kaupum á listaverkum. Reykjavíkurmyndir verða líka áberandi á sýningunni og á þeim öllum er eitthvað að gerast.

Þrándur er frá Akureyri en lærði málaralist hjá hinum norska listamanni Odd Nerdrum. „Ég var hjá Odd í þrjú til fjögur ár, þá mestmegnis í gamla Borgarbóksafninu við Þingholtsstræti og svo eitt sumar á óðali hans í Noregi, ekta sveitasetri sem hann á enn. Það er alger paradís. Ég á góðar minningar þaðan."

Hann segir allt hafa verið morandi í málandi ungmennum hvar sem hann fór í kringum setrið. „Odd var með fullt af nemendum og þeir komu sér fyrir víða í skóginum með trönurnar," rifjar hann upp.



Nátthrafnar á Búllunni.

**AÐ MINNSTA KOSTI ERU ÞRJÚ VERK ÞANNIG AÐ ÉG ER AÐ HÆÐAST AÐ FYRIRTÆKJUM HÉR Í LANDINU.**

Þrándur hefur tekið þátt í mörgum samsýningum bæði hér á landi og erlendis og Gustukaverk er níunda einkasýning hans hér á landi. En hún er önnur sýningin af tveimur sem hann er að undirbúa núna. Hin verður úti í Kaupmannahöfn, nánar tiltekið í Nordatlantens Brygge. „Þar er gríðarstór salur sem ég fæ á Kristjánshöfn, nálægt Kristjaníu. Þemað verður því bara Kristjanía hjá mér og ég mála hana í endurreisnarstíl. Mér fannst það skapa ágætar andstæður. Í Kristjaníu er skemmtilegt mannlíf og því liggur vel við að endurreisa staðinn. En sú sýning verður ekki opnuð fyrr en í maí á næsta vori svo það er næstum ár til stefnu."

Kaupmannahöfn hefur verið heimahöfn og athafnastaður Þrándar síðustu fjögur ár. „Ég elti barnsmóður mína þangað þegar hún komst þar inn í skóla en þegar hún lauk námi flutti ég heim með dóttur okkar," útskýrir hann. „Mamman flakkar milli landa en ég er kominn heim í bili og kann því vel."



„Ég er kominn heim í bili og kann því vel," segir Þrándur sem hefur búið og starfað í Kaupmannahöfn síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Listaverk á sýningunni



Gamma Capital er innblásturinn að þessu verki.



Lækjartorg heitir þessi mynd Þrándar.



Þetta verk er tileinkað Arion banka.


FETAÐU
NÝJAR SLÓÐIR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM ÚT 18. JÚNÍ*
Meindl Island
Margverðlaunaðir gæðaskór.
Vandaðir og traustir í lengri,
krefjandi göngur.
Karla/kvenna
39.992 kr.
Fullt verð:
49.900 kr.
Meindl Kansas
Góðir alhliða gönguskór.
Vaxað Nubuk leður
og GTX vatnsvörn.
Karla/kvenna
27.992 kr.
Fullt verð:
34.990 kr.
Meindl Ohio
Sérstaklega léttir og þægilegir.
Frábærir í léttari göngur,
líka erlendis.
Karla/kvenna
26.392 kr.
Fullt verð:
32.990 kr.
Scarpa Kinesis Pro
Hálfstífir herra gönguskór,
öflugir fyrir fjallaferðir.
Vaxað Nubuk leður
og GTX vatnsvörn.
43.992 kr.
Fullt verð:
54.990 kr.
Scarpa Mythos Pro
Hálfstífir dömu gönguskór
fyrir alvöru fjallaferðir.
Nubuk leður, GTX vatns-
vörn og Vibram sóli.
43.992 kr.
Fullt verð:
54.990 kr.
TNF Hedgehog Hike
Vinsælir, léttir og þægilegir.
Fáanlegir í Mid hæð og lágir.
GTX vatnsvörn og
Karla/kvenna
15.990 kr.
Fullt verð:
19.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÁRNASYNIR

markhönnun ehf

netto

# Opið á 17. júní

## í öllum Nettó verslunum



KJÖTBORÐ

GRÍSARIF FULLELDUÐ
BBQ ÓFROSIÐ
**699 KR/KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~

**-30%**



**-35%**

SS LAMBALÆRI
GRILLSAGAÐ FROSIÐ
**1.299 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

fremstir fyrir bragðið



netto

NETTÓ KJÚKLINGUR
HEILL FERSKUR
**694 KR/KG**
ÁÐUR: ~~798 KR/KG~~

*Hæ hó jibbí jey!*



KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR 900 GR.
**1.184 KR/PK**



**-40%**

KJÖTSEL GRILL SVÍNAHNAKKI
ÚRBEINAÐUR. ÓFROSINN.
**1.379 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.298 KR/KG~~



**-50%**

ANANAS
GOLD DEL MONTE
**179 KR/KG**
ÁÐUR: ~~358 KR/KG~~




GREAT TASTE
JARÐARBER 1 KG
**299 KR/PK**
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~

**-25%**




**-20%**

SNICKERS 10PK
355 GR.
**399 KR/PK**
ÁÐUR: ~~499 KR/PK~~




NESTLE KIT KAT 4PK
4 X 41.5 GR.
**168 KR/PK**




KINDER EGG
3 STK
**299 KR/STK**
ÁÐUR: ~~398 KR/PK~~

**-25%**

**Tilboðin gilda 15. - 18. júní 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



NAUTALUNDIR
ERLENDAR FROSNAR
2.999 KR KG




LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR
ÓFROSIÐ
1.998 KR KG
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
-20%



-35%

REYKT ÝSUFLÖK
BEINLAUS M/ROÐI ÓFROSIÐ
1.654 KR KG
ÁÐUR: ~~2.545 KR/KG~~




KJÖTSEL LAMBALÆRI
KRYDDAÐ BLÁBERJA ÓFROSIÐ
1.390 KR KG
ÁÐUR: ~~1.598 KR/KG~~



-30%

ÝSUBITAR
1 KG. ICE FRESH.
1.189 KR KG
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~




GINA KAFFIPÚÐAR
50 STK
398 KR PK
ÁÐUR: ~~498 KR/PK~~
-20%




PFANNER SAFI
TRÖNUBERJA 1L
199 KR STK
ÁÐUR: ~~249 KR/STK~~
-20%




LYONS TOFFYPOPS
240 GR.
199 KR PK
ÁÐUR: ~~289 KR/PK~~
-31%

CAPRI SONNE
330 ML
99 KR STK
ÁÐUR: ~~159 KR/STK~~




-38%

ORANGE & PEACH
MULTIVITAMIN
MANGO MARACUJA
KIRSUBER GRANAT















**Stórleikarinn Tom Cruise náði víst ekki að gera mikið fyrir myndina þrátt fyrir óheflaðan áhuga.** NORDICPHOTOS/AFP

# Yfirnáttúrulegur kjánahrollur

**KVIKMYNDIR**

## The Mummy

★☆☆☆☆

**Leikstjóri:** Alex Kurtzman
**Framleiðendur:** Alex Kurtzman, Chris Morgan
**Handrit:** David Koepp, Christopher McQuarrie, Dylan Kussman
**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Sofia Boutella, Annabelle Wallis

Þökk sé ofurhetjumyndum þá er víst ógurlega vinsælt hjá Hollywood í dag að útbúa tengda bíóheima í von um að útkoman jafngildi peningaprentsmiðju. Aðstandendur Universal-stúdíósins sáu gullið tækifæri til þess að gera eitthvað nýtt við sígildu, yfirnáttúrulegu skrímslin sem falla undir þeirra hatt, en þeirra á meðal er Frankenstein-skepnan, úlfamaðurinn, ósýnilegi maðurinn, Drakúla og að sjálfsögðu múmían. Planið er nú að framleiða á færibandi nýjar, poppaðar útfærslur á þessum fígúrum undir heitinu „Dark Universe“.

Upphaflega átti Dracula Untold (þessi með Þorvaldi Davíð) að vera fyrsta innslagið í þessari seríu, en aðsóknartekjur hennar voru litlar og viðtökur annað en hlýlegar. Þess vegna er komið að Tom Cruise (og Russell Crowe í stóru gestahlutverki) að ýta þessu úr vör.

Múmíur í kvikmyndum hafa vissulega tekið á sig ýmiss konar form, reyndar ekki alltaf frambærileg, en það hefði mátt sleppa því að endurlífga þessa. Þessi tiltekna útfærsla múmíunnar lætur fyrstu myndina í seríunni líta út eins og stórbrotna klassík í samanburðinum, en þetta er þó hvorki endurgerð á þeirri mynd né hinni upprunalegu frá 1932. Þú veist þó að þú ert á slæmum stað þegar áhorfandinn er farinn að óska eftir því að Brendan Fraser snúi aftur til að krydda fjörið.

Óheflaður áhugi Tom Cruise virðist litlu sem engu bjarga þar sem myndin er skelþunn, frústrerandi, illa skrifuð, hlægileg þegar leikstjórinn tekur sig of alvarlega og í senn býsna niðurdrepandi þegar hann reitir af sér úrelta brandara.

Það er margt hægt að afskrifa sem einfaldlega „heilalaust afþreyingarbíó“, en yfirleitt gengur slíkt betur upp ef kvikmyndagerðarfólk er annaðhvort meðvitað um aulaskapinn eða leyfir myndunum að taka sig svo alvarlega að þú hlærð frekar að þeim heldur en með. Í The Mummy er frásögnin ekki bara þvæld heldur hefur leikstjórinn enga hugmynd um hvaða takmark hann hefur sett sér; hvort myndin eigi að vera spennutryllir, gamansöm hrollvekja, ævintýraleg ástarsaga eða löng stikla fyrir komandi stefnur og strauma í þessum Dark Universe myndabálki.




Niðurstaðan er sú að reynt er að hræra öllu þessu saman úr handriti sem er hreinn hryllingur út af fyrir sig, en það er stútfullt af kjánalegum samtölum, þreyttum klisjum, aulalegum reddingum og stöðugum útskýringum eða endurtekningum, eins og sé verið að reyna að ná til yngstu krakkanna, eða tala niður til áhorfenda eins og þeir séu krakkar. Á þeim nótum er erfitt að skilja hvers vegna myndin hlaut þau örlög að vera bönnuð innan 16 ára hér á landi.

Það er voða vinsælt að hata Cruise, en hvernig sem má gagnrýna fjölbreytni leikarans eða trúarbrögð verður því ekki neitað að hann gefur sig alltaf fram 100 prósent. Hann er sífellt til í að láta tuska sig fram og til baka eða hanga á hverju sem þarf, ef markmiðið snýst um að vera flottur á skjánum. Það getur líka verið ánægjuleg tilbreyting þegar stórstjörnur breyta til og leika skíthæla í stað þess að blása upp „kúlið“.

Cruise gerði það í Edge of Tomorrow og endurtekur það sig nokkurn veginn hér, en hluti af fjörinu við Edge of Tomorrow fól í sér að sjá drullusokkinn ítrekað deyja á kómískan máta. Í The Mummy er persóna hans svo gott sem ósigrandi og fara taktarnir að missa marks eftir aðeins nokkrar senur. Auk þess er karakterinn einstaklega sjálfhverfur og óheillandi og því er erfitt að halda með honum.

Cruise sóar þeim hæfileikum sem hann hefur, þar sem hann stendur með sama undrandi svipinn alla myndina, en þó er hann í sprækari gír en Annabelle Wallis, einhliða mótleikkona hans. Í sameiningu er eins og takmark þeirra sé að reyna að skapa eins lítið neistaflug og mögulegt er, þótt myndin reyni ítrekað að sannfæra þig um hið þveröfuga. Russell Crowe í hlutverki Dr. Jekylls virðist síðan lítið gera af viti annað en að ofleika, útskýra allt í hel og kynna fyrir áhorfendum hvernig heimurinn á að virka.

Leikkonan Sofia Boutella bar sig eins og ósvikinn töffari í Kingsman: The Secret Service og Star Trek Beyond, en reynist vera ákaflega flöt og áhrifalaus hér. Áætlað var að gera múmíuna að skuggalegri og kynþokkafyllri veru, en í staðinn kemur hún einkar hallærislega út. Það er reyndar ekki Boutella að kenna því í þessari mynd er það undantekning ef eitthvað kemur ekki hallærislega út.

The Mummy inniheldur lítið af sál eða persónusköpun og stemningin er meira í líkingu við leiðinlega vitleysu þegar mun betur hefði farið henni að vera heilalaust stuð. Keyrsla myndarinnar er hröð, en það eitt og sér getur ekki haldið öllu á flugi, burtséð frá því í hvaða brellu- eða áhættuatriði peningunum hefur verið hent. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skelfileg mynd. Illa skrifuð, þunn og þvæld. Hún stefnir á að vera heilalaus afþreying en endar með að vera bara heilalaus.

# Missti tvær tennur vegna álags

Það er greinilega brjálað að gera hjá leikkonunni Demi Moore því hún missti tvær tennur nýverið vegna álags. Moore greindi frá þessu í viðtali í spjallþætti Jimmy Fallon á mánudaginn.

Moore hafði þá deilt ljósmynd með Fallon skömmu áður. Hann sagði: „Þú sendir okkur mynd og þetta er það klikkaðasta sem ég hef séð. Hvernig gerðist þetta?“

„Ég vildi að ég gæti sagt að ég hafi verið á hjólabretti eða eitthvað töff,“ sagði Moore og bætti við: „En ég held að það sé mikilvægt að deila sannleikanum vegna þess að þetta er af völdum álags,“ sagði Moore sem er hrædd um að stress sé hættulegur faraldur sem herji á Bandaríkjamenn.

**ÉG VILDI AÐ ÉG GÆTI SAGT AÐ ÉG HAFI VERIÐ Á HJÓLABRETTI EÐA EITTHVAÐ TÖFF.**

Það var þó ekki að sjá á Moore að eitthvað amaði að henni þegar hún mætti sem gestur til Fallons því hún var komin með gervitennur í stað þeirra sem hún missti. „Guði sé lof fyrir tannlækningar,“ sagði Moore fegin.

Moore, sem er þriggja barna móðir, greindi svo frá því að dætur hennar hefðu haft svolítið gaman af því að sjá hana tannlausa og hefðu getað hlegið að þessu.

Þess má geta að Moore leikur í að minnsta kosti fjórum kvikmyndum sem koma út á þessu ári, þar á meðal er myndin Rough Night. – gha



**Leikkonan Demi Moore er greinilega undir miklu álagi þessa dagana.** NORDICPHOTOS/AFP



**Paltrow rekur lífsstílsfyrirtækið Goop.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki viss um framhaldið

Leikkonan Gwyneth Paltrow greindi nýverið frá því að hún er ekki viss um framtíð sína sem leikkona. Paltrow hefur hingað til einbeitt sér mikið af lífsstílsfyrirtæki sínu, Goop, og hefur því ekki sinnt leiklistinni eins og hún gerði áður fyrr. Því eru margir eflaust farnir að sakna þess að sjá hana á hvíta tjaldinu.

„Ég er að leika smávegis hér og þar, þegar ég hef tíma. En ég elska að reka fyrirtækið,“ sagði hún í viðtali við Extra. Þess má geta að undanfarin ár hefur hún aðallega tekið að sér lítil hlutverk í sjónvarpsþáttum.

„Líf mitt hefur bara verið að þróast meira í átt að fyrirtækjarekstri,“ útskýrði hún og bætti við að það væri mikið að gera í þeim málum. „Það [fyrirtækið] vex svo ört núna og þetta er svo spennandi.“ – gha



**Scarlett Johansson fer með eitt aðalhlutverkið í Rough Night.**

# Ekki eingöngu fyrir stelpur

Leikkonan Scarlett Johansson segir nýjustu mynd sína, grínmyndina Rough Night, ekki vera svokallaða „chick flick“ eða stelpumynd eins og margir vilja meina.

Johansson, sem fer með hlutverk í myndinni ásamt þeim Kate McKinnon, Zoe Kravitz og fleirum, er pirruð yfir því að margt fólk gerir ráð fyrir að Rough Night sé kvikmynd sem eingöngu er gerð fyrir konur vegna þess að flest hlutverkin eru í höndum kvenna. Þessu greindi hún frá í viðtali við E! New.

„Það er svolítið fyndið að fólk talar við mig eins og þetta sé mynd fyrir stelpur og ég hef alltaf sagt: uhm, nei ekkert endilega,“ sagði Johansson.

Johansson segir myndina, sem kemur út í þessum mánuði, vera sprenghlægilega og að sjálfsögðu fyrir bæði kyn. „Handritið var svo ótrúlega fyndið að það fékk mig til að hlæja upphátt. Ég held að það hafi aldrei komið fyrir mig áður.“ – gha


NÝ ÍSLENSK LITABÓK






Fátt veitir meiri hugarró en að nostra við að lita myndir og uppgötva smáatriðin sem þær hafa að geyma. Í þessari litabók má svo sannarlega finna margt sem vekur umhugsun og er róandi – alveg brjálæðislega róandi ...









www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%

ROUGH NIGHT
SÝND KL. 8, 10.10

THE MUMMY
SÝND KL. 8, 10.20

ÉG MAN ÞIG
SÝND KL. 8, 10.20

BAYWATCH
SÝND KL. 5.30

Heiða
ÍSL. TAL
SÝND KL. 5.30

STUBBUR STJÓRI
ÍSL. TAL
SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Bílar 3
Sýnd með íslensku og ensku tali

WONDER WOMAN
93%

DWAYNE JOHNSON ZAC EFRON
BAYWATCH

THE MUMMY
Frábær spennumynd

PIRATES OF THE CARIBBEAN
SALAZAR'S REVENGE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3 - 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 16 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| WONDER WOMAN 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:55 | VIP |
| BAYWATCH | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| PIRATES 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 3 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:20 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 16 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5 - 7:50 - 10:40 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 7:50 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| CARS 3 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 10:15 | 12 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 5:15 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 | L |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5:20 | L |
| CARS 3 ENSKT TAL 2D | KL. 3:10 - 5:40 - 8 | L |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 7:40 - 10:35 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CARS 3 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| THE MUMMY | KL. 10:30 | 16 |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 10:20 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar Krika
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hljómsveitin Kriki gefur út og heldur tónleika. Hljómsveitin RuGl hitar upp. 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Secret Solstice
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Laugardalnum
JoaqoPelli nefnist sveitin sem stígur fyrst allra á svið á Secret Solstice hátíðinni. Síðan er það hver listamaðurinn á fætur öðrum uns sjálf Chaka Khan kemur öllum endanlega í gírinn.

**Hvað?** Jacques Brel í flutningi Baldvin Orwes
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Baldvin Orwes flytur nokkur af vinsælustu lögum söngvaskáldsins Jacques Brel í íslenskum þýðingum Atla Ingólfssonar. Með honum leikur dúettinn Brotinn öxull: Kjartan Valdemarsson á harmóníku, og Hávarður Tryggvason á kontrabassa. Miðar 3.000 krónur.

**Hvað?** Moses Hightower
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Nú má strax byrja að æfa sig að kinka hægt kolli í takt við seigfljótandi grúv, því gæðablóðin taktvissu í Moses Hightower hafa boðað komu sína á Græna hattinn í kvöld. Hljómsveitin hefur nú í tæpan áratug verið helsti kyndilberi sálarskotinnar dægurtónlistar á klakanum, eða allt síðan dúnmjúki valsinn „Búum til börn“ tók að heyrast á öldum ljósvakans árið 2008.

**Hvað?** Roxette tribute
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Hard rock café, Lækjargötu
Riff Reddhedd ásamt Harasystrum og góðum gestum verður með Roxette tribute í kvöld.



**Ragnar Kjartansson verður í spjalli í Hafnarhúsinu í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Viðburðir

**Hvað?** Spegill samfélagsins 1770
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Safnahúsinu við Hverfisgötu
Sýning í tilefni af 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands.

**Hvað?** Guð, hvað mér líður illa - Samtal við Ragnar Kjartansson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsi
Markús Þór Andrésson sýningarstjóri ræðir við Ragnar Kjartansson um feril listamannsins og sýninguna Guð, hvað mér líður illa í Hafnarhúsi. Gestum er velkomið að bera fram spurningar.

**Hvað?** Drift á Bíladögum 2017
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Bílaklúbbur Akureyrar
Í kvöld verður haldin dúndrandi driftkeppni á Bíladögum.

**Hvað?** Naktir í náttúrunni
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsinu
Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og fjórða sinn. Að þessu sinni sóttu alls ellefu leikfélög um að koma til greina við val á tólf sýningar. Fyrir valinu að þessu sinni, sem áhugasýning ársins, varð sýning Leikfélags Hveragerðis á Naktir í náttúrunni í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Stand-up á ensku
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Fullt af rosalega fyndnum grínistum munu sprella á ensku í Græna herberginu í kvöld.



**Moses Hightower skellir sér norður og skemmtir Akureyringum á Græna hattinum í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Doktorsvörn í efnafræði - Subham Saha
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Öskju, Háskóla Íslands
Í dag ver Subham Saha doktorsritgerð sína við raunvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: Þróun aðferða til nítroxíð spunamerkinga RNA með samgildum og ósamgildum tengjum (Advancement of covalent and noncovalent nitroxide spin-labeling of RNA).

**Hvað?** Doktorsvörn í líffræði - Godfrey Kawooya Kubiriza

tv

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér.

Kynntu þér málið á 365askrift.is

365
365ASKRIFT.IS

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Everybody Wants Some!! .......... 17:45
Paterson .......... 17:30
Heima .......... 17:30
Knight Of Cups .......... 20:00
Hidden Figures .......... 20:00
Ég Man Þig .......... 20:00
The Shack .......... 22:30
Lion .......... 22:30
Hjartasteinn .......... 22:30

Everybody Wants Some!!
Here For A Good Time. Not A Long Time.

KNIGHT OF CUPS

# Nóbelsverðlaunahafi stal mögulega hluta ræðu úr glósum af netinu

Bob Dylan flutti á dögunum ræðu af því tilefni að hann hlaut Nóbelsverðlaunin í október. Andrea Pitzer nokkur heldur þessu fram í grein á vefmiðlinum Slate. Hún fann töluverð líkindi með hluta ræðu Dylans þar sem hann talar um skáldsöguna Moby Dick og glósa um þessa sömu skáldsögu á vefsíðunni SparkNotes. Andrea Pitzer fór að skoða málið eftir að rithöfundurinn Ben Greenman benti á það að Bob Dylan hefði mögulega skáldað upp tilvísun í Moby Dick í einum hluta ræðu sinnar.

Pitzer kom auga á um tuttugu setningar í ræðunni sem hljómuðu grunsamlega líkar færslu á vefsíðunni SparkNotes – aðallega er hér um að ræða orðaval sem birtist ekki í bókinni en má finna í umræddri færslu á SparkNotes.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem söngvarinn er sakaður um ritstuld en í nokkrum textum á plötu sinni Love and Theft lítur út fyrir að hann „fái lánað“.

Eins og segir áður þá hlaut Bob Dylan Nóbelsverðlaunin fyrir löngu – eða í október. Í byrjun júní flutti hann svo fyrirlestur fyrir framan nefnd og uppfyllti þar með allar kröfur Nóbelsnefndarinnar sem krafist er af verðlaunahöfum og gerir söngvaranum kleift að innheimta 900.000 dollara verðlaunafé eða sem samsvarar um 90 milljónum króna. – sþh

**ÞETTA ER EKKI Í FYRSTA SINN SEM SÖNGVARINN ER SAKAÐUR UM RITSTULD EN Í NOKKRUM TEXTUM Á PLÖTU SINNI LOVE AND THEFT LÍTUR ÚT FYRIR AÐ HANN „FÁI LÁNAÐ“.**



Sumir vilja meina að Dylan fái oft „lánað“.



**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Aðalbygging Háskóla Íslands
Í dag ver Godfrey Kawooya Kubiriza doktorsritgerð sína við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: Áhrif þránunar fitu í fóðri á eldisfisk (The effects of dietary lipid oxidation on farmed fish).




# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi og oft á tíðum talin óvinnandi mál. Nú tekur hún upp gamalt mál manns sem sakfelldur var fyrir morð á ungri stúlku fyrir fjórtán árum. **Hörkuspennandi þættir frá handritahöfundum Homeland og 24.**

**FRÁBÆR** FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365




**Í ELDHÚSI EVU**

Skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum þætti er Eva Laufey á ítölsku nótunum og töfrar fram ferskt pasta frá grunni ásamt fleiri ítölskum réttum sem bráðna í munni.

**ANIMAL KINGDOM**

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



**TRAINING DAY**

Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!




**BRIDGE OF SPIES**

Myndin segir sanna sögu lögfræðings sem forðaði Rudolf Abel frá dauðarefsingu árið 1957. Tom Hanks fer með aðalhlutverkið.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Mom
**10.35** Landnemarnir
**11.20** Sælkeraferðin
**11.45** Nettir Kettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Grassroots
**14.35** Steve Jobs
**16.35** Impractical Jokers **Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.**
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.20** 2 Broke Girls
**19.45** Masterchef The Professionals Australia
**20.30** Í eldhúsi Evu
**21.05** Fearless Vandaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi og oft á tíðum það sem aðrir myndu telja óvinnandi mál. Nú tekur hún upp gamalt mál manns sem sakfelldur var fyrir fjórtán árum fyrir morð á ungri stúlku og er hún sannfærð um sakleysi hans. Handritshöfundur þáttanna er Patrick Harbinson (Homeland og 24).
**21.55** Animal Kingdom
**22.45** Training Day
**23.30** Broadchurch
**00.20** The Son Þáttaröð með Pierce Brosnan í aðalhlutverki sem fjallar um blóðugt upphaf ofurveldisins sem Ameríka varð.
**01.05** Shameless
**02.00** Shameless
**02.55** X-Company Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem öll eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu og ferðast hvert þar sem þeirra er þörf. Í hverri hættuför leggja þau lífið að veði fyrir málsstaðinn.
**03.40** X-Company
**04.25** Steve Jobs

### STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Pepsí deild karla - Grindavík - FH
**09.15** La Liga - Huesca - Getafe
**10.55** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**11.40** Formúla E 2016/2017
**13.00** Pepsímörk kvenna 2017
**13.55** Pepsí deild karla - Grindavík - FH
**15.35** La Liga - Huesca - Getafe
**17.15** Premier League World 2016/2017
**17.45** Pepsí deild karla - ÍBV - KR
**19.55** Pepsí deild karla - Stjarnan - Víkingur R.
**22.00** Pepsímörkin 2017
**23.25** Síðustu 20
**23.45** La Liga - Cadiz - Tenerife

### STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** New Girl
**18.15** Mindy Project
**18.40** Modern Family
**19.05** Ástríður
**19.30** Á fullu gazi
**19.45** Þær tvær
**20.15** Undateable
**20.40** Gotham
**21.25** American Horror Story. Roanoke
**22.10** The New Adventures of Old Christine
**22.35** Gilmore Girls
**23.20** Silicon Valley
**23.50** Ástríður
**00.15** Á fullu gazi
**00.30** Þær tvær
**00.55** Undateable
**01.15** Gotham
**02.00** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Ljóti andarunginn og ég
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Svampur Sveinsson
**09.25** Áfram Diego, áfram!
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Ljóti andarunginn og ég
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Svampur Sveinsson
**13.25** Áfram Diego, áfram!
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Ljóti andarunginn og ég
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Svampur Sveinsson
**17.25** Áfram Diego, áfram!
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Litla stóra Pandan

Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47



### GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World 2017
**09.50** BMW PGA Championship
**14.50** Champions Tour Highlights 2017
**15.45** Golfing World 2017
**16.35** Inside the PGA Tour 2017
**17.00** US Open 2017
**00.00** Meijer LPGA Classic

### BÍÓSTÖÐIN

**10.00** War Room
**12.00** Lullaby
**13.55** Frost/Nixon
**15.55** War Room
**17.55** Lullaby Áhrifaríkt, vel leikið og raunsætt fjölskyldudrama frá 2014 um Jonathan sem ákveður að snúa á æskuslóðirnar í New York þegar hann fréttir að faðir hans, sem barist hefur við lungnakrabba í 12 ár, hefur ákveðið að láta slökkva á tækjunum sem halda lífinu í honum. Jonathan hittir móður sína og systur sem er langt í frá að vera sátt við að hann skuli hafa yfirgefið fjölskylduna.
**19.55** Frost/Nixon
**22.00** Bridge Of Spies
**00.20** Mission. Impossible
**02.10** The Iceman Kvikmynd frá 2012 sem byggð er á sannri sögu. Richard Kuklinski var kaldrifjaður leigumorðingi sem bar viðurnefnið Ísmaðurinn en í augum eiginkonu og barna var hann umhyggjusamur fjölskyldufaðir. Þegar hann var handtekinn árið 1986 kom það fjölskyldu hans í opna skjöldu. Í aðalhlutverkum eru Michael Shannon, Chris Evans, James Franco, Winona Ryder, Ray Liotta og David Schwimmer.
**03.55** Bridge Of Spies

### RÚV

**17.20** Í garðinum með Gurrý
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Litli prinsinn
**18.25** Með okkar augum
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Matur frá öllum heimshornum – Tony Singh. Indland
**20.35** Heimavígstöðvarnar
**21.25** Fjölbraut
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Skömm
**23.30** Svikamylla

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**11.45** Dr. Phil
**12.25** American Housewife
**12.50** Remedy
**13.35** The Biggest Loser
**15.05** The Bachelor
**16.35** King of Queens
**17.00** The Millers
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Man With a Plan
**20.15** Pitch
**21.00** How To Get Away With Murder
**21.45** Scandal
**22.30** Better Things
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** 24
**01.05** Under the Dome
**01.50** Twin Peaks
**02.35** Mr. Robot
**03.20** House of Lies
**03.50** How To Get Away With Murder
**04.35** Scandal
**05.20** Better Things

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SUMARIÐ ER TÍMINN

## GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN Í HÖLLINNI Á KYNNINGARVERÐI TIL 22. JÚNÍ






**CLICK**
Garðstóll m/örmum.
Svartur, dökkgrár og blár
**14.990 kr.**
~~19.990 kr.~~





**CLICK**
Garðstóll, hár m/örmum.
Svartur, dökkgrár og blár
**15.990 kr.**
~~21.990 kr.~~

**CIRCLE**
Garðborð. Bambus og granít.
Þvermál 110 cm
**49.990 kr.** ~~69.990 kr.~~
Þvermál 150 cm
**64.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**29.990 kr.**
~~39.990 kr.~~
**CLICK**
Ruggustóll. Marglitur, svartur, dökkgrar eða blár.



**CLICK**
Sólbekkur, hallanlegur. Svartur eða marglitur.
**27.990 kr.**
~~37.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Leiðarvísir um Secret Solstice

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Það úir allt og grúir af alls kyns nöfnum á Secret Solstice hátíðinni sem hefst í dag og það getur verið erfitt að ákveða hvað skal sjá. Lífið kemur því hér til bjargar og setur upp smá leiðarvísi.

## HRESSA TÝPAN

Hressa týpan mætir á Solstice hátíðina til í bestu stundir lífs síns. Þessi týpa er búin að dressa sig upp eftir leiðbeiningum um hvernig skuli klæðast á útihátíð, skoðar bara hvaða stóru nöfn spila á hátíðinni og ætlar sér það eitt að dansa sem allra mest. Þessi týpa er bókstaflega óstöðvandi, lætur hvorki regn né snjó stöðva sig í gleðinni og er algjörlega „all in“.

**Foo Fighters**
Valhöll, föstudag klukkan 22.00
Hressa týpan bókstaflega elskar Foo Fighters, þá sérstaklega af því að þeir hafa oft komið til Íslands og hressu týpunni finnst ekkert skemmtilegra en útlendingar að tala vel um Ísland. Svo eru þeir líka rosa frægir.

**The Prodigy**
Valhöll, laugardag klukkan 22.00
The Prodigy minnir hressu týpuna á skólaball, auk þess verður bókað „geggjað stuð“.

**XXX Rottweiler**
Valhöll, laugardag klukkan 18.10
Rottweiler voru einhvern tímann á Þjóðhátíð, algjört „möst see“ hjá hressu týpunni.

**Daði Freyr**
Gimli, sunnudag klukkan 21.00
Daði Freyr var í Eurovision og því er algjörlega nauðsynlegt að sjá hann.

**Emmsjé Gauti**
Valhöll, sunnudag klukkan 16.35
Hressa týpan kann textana við Strákarnir og Reykjavík er okkar algjörlega utan að þannig að þetta er engin spurning.



Foo Fighters er aðalnúmer hátíðarinnar og hressasta týpan verður þar hoppandi upp og niður.



NORDICPHOTOS/GETTY

Richard Ashcroft er mögulega aðeins of poppaður fyrir rokktýpuna.

## ROKKTÝPAN

Rokktýpan er mætt til að sjá hljómsveitir – eða réttara sagt „alvöru“ tónlistarmenn sem spila á „alvöru“ hljóðfæri. Þetta endurtekur týpan í sífellu við alla sem eru spenntir fyrir einhvers konar raftónlist og leggur mikla áherslu á orðið „alvöru“.

**The Vintage Caravan**
Föstudag, Valhöll klukkan 17.00
Rokkarinn er í essinu sínu hérna, 70's bragur af tónlistinni („gullöldin sko“) og góðir hljóðfæraleikarar. Það þarf ekki meira.

**Agent Fresco**
Föstudag, Valhöll klukkan 19.05
Rokktýpan getur ekki misst af Agent Fresco enda eru þeir alltaf að spila í skrítnum takti og eftir einhverjum stærðfræðidæmum eða eitthvað.

**Richard Ashcroft**
Föstudag, Valhöll klukkan 20.15
The Verve er kannski aðeins of breskt og poppað fyrir rokkarann – en rokktýpan er samt mætt.

**Fræbblarnir**
Sunnudag, Fenrir klukkan 16.10
Rokktýpan sem vill bara drekka bjór og reykja sígarettur verður í ham á Fræbblunum.

**Teitur Magnússon**
Sunnudag, Fenrir klukkan 17.00
Teitur er kannski ekkert rosalega mikill rokkari, en hann er með sítt hár og skegg og stundum er það bara nóg fyrir rokktýpuna.

## REIVARATÝPAN

Reivaratýpan mætir einkar vel stemmd á hátíðina og eins og hressa týpan er ekkert sem stöðvar hana. Hins vegar er reivaratýpan ekki mætt til að sjá eitt eða neitt nema kannski blikkandi ljós og mögulega einhverja spírala á skjá. Þessi týpa er einungis mætt til reiva.

**Kerri Chandler**
Hel, fimmtudag klukkan 00.00
Reivaratýpan verður meira og minna bara í Hel alla hátíðina, enda er það þar sem dansinn mun duna. Reivaranum er eiginlega nánast sama hver er að spila svo lengi sem það er dansgólf á svæðinu.

**The Black Madonna**
Hel, fimmtudag klukkan 21.00
The Black Madonna var valin DJ ársins í fyrra í Mixmag, en það skiptir svo sem engu máli því að reivarinn verður hvort sem er reivandi.

**Dusky**
Hel, föstudag klukkan 01.00
Dusky er breskt pródúsera-dúó sem hefur dúndrað út „beats“ í heimalandinu. Reivarinn reivar við það.

**Exos**
Hel, laugardag klukkan 02.00
Reivaratýpan elskar Exos og hefur spænt niður nokkra skó með undirleik frá þessum duglega íslenska plötusnúði.

**Dubfire**
Hel, sunnudag klukkan 00.00
Dubfire er gamall vinur reivarans og því er ekki spurning að kíkja á hann. Auk þess er hann að spila í Hel, öðru heimili reivarans, þannig að hann er hvort sem er á svæðinu.




## RAPPTÝPAN

Rapparinn er búinn að segja öllum á kaffistofunni og heima hjá sér að Solstice sé „**lit** þetta árið!“ og það eru allir löngu orðnir leiðir á því að heyra það. Rapptýpan er búin að sjá alla íslenska rappara hundrað sinnum áður og þarf því að einbeita sér að erlendu nöfnunum.

**Left Brain**
Fenrir, föstudag klukkan 20.15
Left Brain er rappari úr Odd Future hópnum (sáluga?). Rapparinn man vel eftir þeim hópi enda var hann alltaf að hlusta á OF á meðan hann kastaði skutlum í kennarann og fannst prumpubrandarar það fyndnasta í heimi.

**Roots Manuva**
Gimli, föstudag klukkan 21.20
Eldri týpa rapparans er frekar spennt fyrir Roots Manuva enda hlustaði hún rosalega mikið á hittarann Witness á sínum tíma (og ekkert annað lag með honum).

**Pharoah Monch**
Gimli, föstudag klukkan 22.30
„Er þetta ekki gaurinn sem gerði þarna lagið sem var alltaf spilað á Prikinu fyrir 10 árum?“

**Princess Nokia**
Gimli, laugardag klukkan 19.40
Ung og „vöknuð“ (e. woke) rapptýpa skellir sér beina leið á Princess Nokia og lyftir upp hnefa.

**RAPPTÝPAN VERÐUR Í VALHÖLL ALLAN SUNNUDAGINN MEÐ TÁRIN Í AUGUNUM.**




Rick Ross er með einkar fallegt skegg.
NORDICPHOTOS/GETTY

**Novelist**
Gimli laugardag klukkan 20.45
Rapptýpan, sem gengur alltaf í Adidas galla, talar um hinn og þennan sem „mandem“ og leikur eftir byssuhljóðum í hvert sinn sem henni líkar eitthvað, verður bókað á Novelist.

**Valhöll á sunnudaginn**
Rapptýpan verður fyrir framan Valhöll allan sunnudaginn. Byrjar daginn með tárin í augunum að hrópa „RIP Dilla“ yfir Dillalude og endar kvöldið öskrandi að hún haldi að hún sé Big Meech og/eða Larry Hoover.

# Furðulegir og áhugaverðir facebook hópar



Facebook-hópar eru eins misjafnir og þeir eru margir. Sumir eru vægast sagt furðulegir en aðrir eru afar áhugaverðir og fróðlegir. Þetta er aðeins brot af því besta.



### Hamstrar
**tæplega 1.000 meðlimir**
Er ekki endalaust hægt að ræða um hamstra og allt sem tengist þeim?

### Íslenskar samsæriskenningar
**rúmlega 2.000 meðlimir**
Eins og nafn hópsins gefur til kynna varpa meðlimir hinum ýmsu samsæriskenningum fram og reyna að komast til botns í dularfullum málum.

### Algjörlega óáhugaverðar götuheitaupplýsingar
**tæplega 400 meðlimir**
Í þessum hóp deilir fólk misáhugaverðum staðreyndum um götuheiti og sögum um götur heimsins.

### Ég ann chili
**500 meðlimir**
Hérna eru þeir sem kunna vel að meta sterkan mat í essinu sínu. Hér eru umræður um hinar ýmsu chili-sósur á pallborðinu og í raun er allt sem við kemur sterkum mat og chilipipar gjaldgengt.

### Kúrufélaga grúppan
**8.000 meðlimir**
Þessi hópur er fyrir alla þá sem hafa óbilandi áhuga á kúri og vilja kynnast nýju fólki til að kúra með. Þessi hópur hefur ratað nokkrum sinnum í fréttirnar enda er um ansi áhugaverðan hóp að ræða. Í þennan hóp er 18 ára aldurstakmark.

### Naggrísir
**rúmlega 1.000 meðlimir**
Alveg eins og með hamstrana, þá eru örugglega engin takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að ræða um naggrísi og málefni þeirra.



### Súrdeigið
**tæplega 2.000 meðlimir**
Þessi hópur er fyrir fólk sem hefur súrdeig sem áhugamál. Hópurinn er vettvangur til að deila uppskriftum og upplýsingum um súrdeig og svo geta meðlimir líka montað sig af vel heppnuðum súdeigsbakstri.

### Iceland vapes
**3.600 meðlimir**
Þennan hóp skipar fólk sem notar rafrettur eða hefur áhuga á þeim. Í hópnum er allt sem við kemur rafrettureykingum tekið fyrir og svo skipuleggja meðlimir meira að segja hittinga. 18 ára aldurstakmark er í þennan hóp.

### Sögur af dónalegum viðskiptavinum
**rúmlega 2.000 meðlimir**
Hérna getur afgreiðslufólk deilt sögum af ókurteisum viðskiptavinum og í lýsingu á síðu hópsins segir: „Fólk sem er ömurlegt við fólk í þjónustustörfum á skilið að vera public shame-að. Bjóðið vinum ykkar.“ Það er eins gott að koma vel fram við náungann.

### Verst lagði bíllinn
**9.000 meðlimir**
Hérna eru þeir sem leggja illa settir í skammarkrókinn. Meðlimir hópsins birta myndir af illa lögðum bílum og ræða svo sín á milli hvað betur hefði mátt fara. Meðlimir eru beðnir um að nafngreina ekki ökumennina né birta myndir af þeim.



### Notuð matar- og bollastell
**18.000 meðlimir**
Það er alveg ljóst að stór hluti landsmanna hefur mikinn áhuga á notuðum matar- og bollastellum því um 18.000 meðlimir eru í þessum hóp. Í hópnum er hægt að óska eftir og selja notuð matarstell og annan borðbúnað.

COSTCO WHOLESALE

### Keypt í Costco Ísl. – Myndir og verð
**80.000 meðlimir**
Þetta hlýtur að vera einn öflugasti íslenski Facebook-hópurinn um þessar mundir en í honum ræðir fólk vöruúrvalið í Costco og gerir verðsamanburð. Í þessari grúppu gilda stífar reglur og stjórnendur hópsins hika ekki við að ritskoða og henda út þeim innleggjum sem þykja ekki passa inn í hópinn.

## Mig langaði bara að segja þér...

Í dag verður fögnuður í Kiosk í tilefni þess að vöruhönnuðurinn Þórunn Árnadóttir er að senda frá sér nýja kertalínu en flestir fagurkerar ættu að kannast við PyroPet-kertin sem Þórunn er þekkt fyrir.

Fyrir þá sem ekki þekkja PyroPet-kerti Þórunnar þá er um að ræða kerti sem eru eins og dýr í laginu og þegar vaxið bráðnar kemur í ljós beinagrind. „Ég stofnaði PyroPet Candle Company með félaga mínum Dan Koval árið 2014. PyroPet fæst nú í 27 löndum víðs vegar um heiminn, þar á meðal í yfir 100 verslunum í USA og um 150 verslunum í Frakklandi,“ segir Þórunn um fyrirtækið sem heitir nú 54 Celsius.

Nýjasta lína Þórunnar byggir á sömu hugmynd og PyroPet-kertin – þegar vaxið bráðnar kemur í ljós eitthvað óvænt. Nýja kertalínan kallast „I Just Wanted To Tell You“ eða „Mig langaði bara að segja þér“ á íslensku.

„Hvert kerti kemur í lítilli sætri postulínsskál og ofan á vaxinu stendur: „I Just Wanted To Tell You“. Þegar vaxið bráðnar verður það smátt og smátt glært og þá koma í ljós leyniskilaboð á botni skálarinnar. Þetta er kjörin tækifærisgjöf sem býður upp á óvenjulega og skemmtilega upplifun,“ segir Þórunn.

Átta mismunandi kerti eru innan línunnar og öll hafa þau ólík skilaboð. Spurð út í sitt uppáhaldskerti segir Þórunn: „Uppáhaldskertið mitt er eiginlega „I'm flaming gay!“. Er það ekki alveg frábær leið til þess að koma út úr skápnum?“

Partýið í Kiosk hefst klukkan 17.00. „Léttar veigar verða í boði, happdrætti og 20% kynningarafsláttur af kertunum aðeins á þessum viðburði,“ segir Þórunn og hvetur fólk til að láta sjá sig. – gha



**Þórunn Árnadóttir sendir frá sér nýja kertalínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Núna er hægt að koma út úr skápnum með því að kveikja á kerti.**

# GEGGJAÐ Í GJÖFINA!



VITRA House Bird
**VILDARVERÐ: 16.900.-**
Verð: 19.900.-

vitra.





FLEIRI LITIR Í BOÐI!

vitra.

VITRA Rotary Tray
**VILDARVERÐ: 5.490.-**
Verð: 6.364.-



NÝ VARA!

FLEIRI LITIR Í BOÐI!

Nuage blómavasi
**VILDARVERÐ FRÁ: 15.900.-**
Verð frá: 20.469.-

vitra.



FLEIRI LITIR Í BOÐI!

VITRA Toolbox
**VILDARVERÐ: 4.290.-**
Verð: 4.748.-

vitra.

MARGAR TEGUNDIR Í BOÐI!

VITRA Wooden Doll
**VILDARVERÐ: 9.900.-**
Verð: 12.900.-




Elliðaárdalur - Perla Reykjavíkur
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.899.-

## ALLIR PENNAR FRÁ CROSS & LAMY

## 30% VILDARAFSLÁTTUR





Grágás
**VILDARVERÐ: 7.499.-**
Verð: 10.373.-




Birtan yfir ánni
**VILDARVERÐ: 4.699.-**
Verð: 5.899.-




Lífríki Íslands
**VILDARVERÐ: 14.499.-**
Verð: 17.999.-

## ÖLL HNATTLÍKÖN FRÁ emform

## 20% VILDARAFSLÁTTUR

**VILDARVERÐ FRÁ: 6.399.-**
Verð frá: 7.999.-

NÝ VARA!



travelite



FLEIRI LITIR Í BOÐI!

30% vildarafsláttur

Ferðataska KITE
með 4 hjólum (S/M/L)
**VILDARVERÐ FRÁ: 16.099.-**
Verð frá: 22.999.-



FLEIRI LITIR Í BOÐI!

vitra.

VITRA fatahengis-kúlur (3 stk.)
**VILDARVERÐ: 8.937.-**
Verð: 9.900.-



30% vildarafsláttur

FLEIRI LITIR Í BOÐI!

Skipulagstaska
**VILDARVERÐ FRÁ: 5.599.-**
Verð frá: 7.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími afsláttar á VITRA vörum er til og með 5. júlí, eða meðan birgðir endast. Gildistími vildarverða er til og með 18. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Herra Hnetusmjör elskar Kópavoginn meira en Gunnar Birgisson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Heiðrar heimabæinn með flennistóru flúri

Rapparinn **Herra Hnetusmjör** gerði sér lítið fyrir og lét flúra á magann á sér orðin Kóp Boi í sama stíl og Thug Life húðflúrið sem Tupac skartaði á sínum tíma og frægt er orðið. Herra Hnetusmjör vísar þar til heimabæjar síns Kópavogs, sem hann ber miklar tilfinningar til.

Ég og Joe Frazier vorum í galsa fyrir svona tveimur vikum og mér datt þetta svona í hug í djóki – út af því að Tupac var með Thug Life á maganum. Og svo einhvern veginn varð þetta bara að veruleika á mjög stuttum tíma,“ segir Kópavogsbúinn Árni Páll Árnason, sem er þekktur sem Herra Hnetusmjör, en hann fékk sér á þriðjudaginn flennistórt „Kóp Boi“ tattú þvert yfir magann á sér. Eins og hann segir er húðflúrið í svipuðum stíl og hið víðfræga Thug Life flúr sem rapparinn Tupac fékk sér á sínum tíma, en það er líklega ofarlega á lista yfir frægustu húðflúr allra tíma. Flúrið fékk Árni Páll á stofunni Reykjavík Ink og var það flúrarinn Ryan Campbell sem sá um að teikna þennan ódauðlega óð til Kópavogsbæjar á húð rapparans.

Herra Hnetusmjör hefur ekki verið feiminn við að heiðra heimabæ sinn, Kópavog, í gegnum tíðina en hann gerði meðal annars smellinn 203 stjórinn á síðasta ári, en útvarpsþátturinn Kronik valdi það fimmta besta íslenska rapplag ársins 2016, þar sem hann vísar til póstfangsins 203 í Kópavogi.

Herra Hnetusmjör spilar á Secret Solstice hátíðinni, í Valhöll, stóra sviðinu, á sunnudaginn klukkan hálf fjögur. Þar hitar hann upp fyrir ekki ómerkari listamenn en Rick Ross, Big Sean, Anderson Paak og Young M.A. Það er því eins gott að hann sé kominn með gott flúr til að sýna áhorfendum.

**EINHVERN VEGINN VARÐ ÞETTA BARA AÐ VERULEIKA Á MJÖG STUTTUM TÍMA.**

„Það er náttúrulega Rick Ross og allt íslenska rappið,“ svarar Herra Hnetusmjör þegar hann er spurður að því hverju hann sé spenntastur fyrir á Solstice.

stefanthor@frettabladid.is

# Hefðu líklega aldrei getað rambað á fullkomnara samstarf

Upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn Printz Board, sem unnið hefur með The Black Eyed Peas, John Legend, Fergie og fleirum, verður Stuðmönnum til halds og trausts í atriði þeirra á Secret Solstice-hátíðinni í dag. Þar verður áhorfendum gefin innsýn í nýjan tónlistarheim sem Printz og Stuðmenn hafa unnið með undanfarið undir yfirskriftinni Polar Beat.

„Polar Beat er ný íslensk tónlistarstefna sem kynnt verður til leiks í fyrsta sinn annað kvöld,“ segir Jakob Frímann Magnússon, einn meðlimur Stuðmanna.

Polar Beat byggir á aðferð sem bændur notuðu til að halda á sér hita forðum daga að sögn Jakobs. „Þetta hefst nú sennilega með því að bændur á miðöldum og sennilega fyrr, allt frá landnámi, byrjuðu að berja sér til hita með tilheyrandi hljóðum og þeir taktföstustu börðu

**MANNSLÍKAMINN GETUR FRAMKALLAÐ EIGINLEGA ALLT LITRÓF HLJÓÐANNA OG ÞAÐ ER GRUNNURINN Í ÞESSARI STEFNU.**

þannig að úr varð tónlist.“

Hann segir mannslíkamann gegna lykilhlutverki í Polar Beat-stefnunni en í henni er líkaminn notaður sem slagverkshljóðfæri. „Mannslíkaminn getur framkallað eiginlega allt litróf hljóðanna og það er grunnurinn í þessari stefnu. Að nota dýrðlegasta og fullkomnasta hljóðfæri sem skapað hefur verið á þessari jörðu sem þýðingarmikinn tóngjafa,“ segir Jakob.

Á tónleikunum verða svo taktkjaftar eða „beatboxarar“ sveitinni til halds og trausts, ásamt öðrum. „Þeir munu beita sinni tungulipurð og tanngörðum við hljóðmyndun af ýmsum toga.“

Eins og áður sagði verður Printz Board á svæðinu en Jakob segir samstarfið á milli Printz og Stuðmanna hafa gengið eins og í sögu. „Hann hefur verið með okkur í að þróa þetta og taka þetta fastari tökum. Við hefðum að líkindum aldrei getað rambað á fullkomnara samstarf fyrir þetta teymi. Það er bara eins og hjörtun hafi slegið sem eitt, sitthvorum megin á hnattkúlunni,“ útskýrir Jakob sem segir Printz vera mikinn meistara þegar kemur að taktsköpun.

Þess má geta að tónleikarnir hefjast klukkan 21.10 á morgun á Valhallarsviðinu. „Þetta er ákveðið áhættuatriði, því sumt af því sem þarna verður flutt er skrifað, útfært og flutt en annað verður samið á staðnum.“ – gha



Jakob Frímann og Printz Board munu halda uppi stuðinu ásamt fleirum á Secret Solstice í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Glæsilegt úrval á pier.is

GILDIR 15.–21. JÚNÍ







# FALLEGT Í SUMARHÚSIÐ

## 30% AFSLÁTTUR AF HLIÐARBORÐUM & LUKTUM





## 30–50% AFSLÁTTUR AF NÁTTBORÐUM



SOVANA NÁTTBORÐ
Áður 25.900,- NÚ 12.950,-
**50% AFSLÁTTUR**

CELAYA NÁTTBORÐ
Áður 17.990,- NÚ 12.593,-

LARVIK NÁTTBORÐ
Áður 22.990,- NÚ 16.030,-

NEW ENGLAND NÁTTBORÐ
Áður 22.900,- NÚ 11.450,-
**50% AFSLÁTTUR**

BOLLENE NÁTTBORÐ
Áður 15.990,- NÚ 11.193,-



VINTON KOMMÓÐA Áður 39.900,- NÚ 27.930,-



VINTON NÁTTBORÐ
Áður 19.990,- NÚ 13.993,-



ESSENCE NÁTTBORÐ
Áður 19.990,- NÚ 13.993,-



GARNI HLIÐARBORÐ Áður 29.900,- NÚ 20.930,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 5227890

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
## 07.05.17 – 13.06.17




**1** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park




**2** **Eftirlýstur**
Lee Child




**3** **Gestir utan úr geimnum**
Ævar Þór Benediktsson




**4** **Litla bakaríið við Strandgötu**
Jenny Colgan




**5** **Talin af**
Sara Blædel




**6** **Independent People**
Halldór Laxness




**7** **Morðið í Gróttu**
Stella Blómkvist




**8** **The Sagas of Icelanders**
Ýmsir höfundar




**9** **Brestir**
Fredrik Backman




**10** **Híf opp!**
Fredrik Backman

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






Thelma Rún og Keisuke Ooyama sjá framtíð sína fyrir sér í Japan.

# Er orðin fræg sem leiðsögumaður í Japan

**Thelma Rún Heimisdóttir** er búin að koma sér vel fyrir í Japan og talar reiprennandi japönsku. Hún tekur stundum að sér leiðsögumennsku og er meira að segja orðin fræg í Belgíu vegna þess.

Thelma Rún Heimisdóttir hefur verið búsett í Japan í um þrjú ár en þangað kom hún fyrst árið 2014 sem skiptinemi. „Ég fór til Tókýó þegar ég var að læra japönsku við Háskóla Íslands. Eftir eitt ár í Japan útskrifaðist ég síðan með BA-gráðu í japönsku 2015,“ segir Thelma sem varð ástfangin af Japan.

„Ég elskaði að vera í Japan svo ég ákvað að koma aftur til að læra leiklist í Tókýó.“ Thelma stundar leiklistarnám við Tokyo Film Center School of Arts og er fyrsti Íslendingurinn sem nemur við þann skóla.

Thelma talar reiprennandi japönsku en hún segir það hafa verið krefjandi að læra hana. „Það tók sinn tíma að geta tjáð sig almennilega í daglegu tali. En um leið og ég kom til landsins þá neyddist ég til að nota tungumálið því það tala svo fáir ensku. Ég einsetti mér líka strax að ná tökum á japönsku táknunum og skrifa þau og það hefur gengið alveg ágætlega.“

Thelma er búin að koma sér vel fyrir í Japan og hefur starfað þar sem hálfgerður leiðsögumaður og er meira að segja orðin fræg í Belgíu sem slíkur. Leiðsöguævintýrið byrjaði þegar hún tók að sér að aðstoða belgíska sjónvarpsstöð í Japan. „Ég aðstoðaði við dagskrárgerð, fann efni og viðmælendur, túlkaði og sá til þess að allt gengi snurðulaust fyrir sig.“

Í kjölfarið hafði önnur belgísk sjónvarpsstöð samband við Thelmu. „Þá hafði ég sama hlutverk og áður, og að þessu sinni var ég líka sérstakur gestur þáttarins, sem er mjög vinsæll í Belgíu. Þátturinn heitir Jani Gaat Naar Tokio og gengur út á það að þáttarstjórnandinn fer til hinna ýmsu landa í leit að furðulegum og skemmtilegum hlutum. Ég kom fyrir í flestum senum þáttarins og það hafði þau áhrif að síðan hef ég fengið fjölda tilboða frá enn fleiri framleiðslufyrirtækjum og sjónvarpsstöðvum í Belgíu. Þá hafa líka belgískar ferðaskrifstofur sett sig í samband við mig og boðið mér leiðsögumannsstarf. Svo hafa einstaklingar sem horfðu á þáttinn sett sig í samband og beðið mig um einkaleiðsögutúra í Japan. Það sem er líka svolítið fyndið og kom mér gjörsamlega á óvart var að hinir og þessir Belgar höfðu uppi á mér á Facebook og hófu að senda mér „fan-skilaboð“ og sögðu mér að ég væri bara orðin fræg í Belgíu!“

> **HINIR OG ÞESSIR BELGAR HÖFÐU UPPI Á MÉR Á FACEBOOK OG HÓFU AÐ SENDA MÉR „FAN-SKILABOÐ“ OG SÖGÐU MÉR AÐ ÉG VÆRI BARA ORÐIN FRÆG Í BELGÍU.**

### Sér fram á að búa áfram í Japan

Thelma á japanskan kærasta sem heitir Keisuke Ooyama og hann er að klára háskólanám í stærðfræði. Hún sér fram á að vera áfram í Japan. „Við stefnum á að búa hér. Ég held að ég komi ekki til Íslands í bráð. Við sjáum framtíð okkar hér í Japan. Í Japan er yndislegt að vera, enda landið fagurt, fólkið og menningin frábær, það er allt ótrúlega hreinlegt og Japan er að mörgu leyti til fyrirmyndar fyrir önnur samfélög.“

„Japanar eru það kurteisasta, hlýjasta og hjálplegasta fólk sem ég hef kynnst og til að sýna menningu þeirra virðingu væri gott að kynna sér siði þeirra áður en maður heldur til landsins,“ segir Thelma spurð út í hvort hún lumi á góðum ráðum fyrir þá sem ætla að ferðast til Japan.

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að átta sig á því að hér fer enginn fram með yfirgangi, frekju, dónaskap eða ókurteisi. Þá mæli ég með því að maður sýni alltaf tillitssemi og nærgætni því þannig eru Japanar sjálfir og þeir kunna mjög vel að meta það hjá útlendingum. Þeir eru stífir á reglum og ætlast til að farið sé eftir þeim enda gera þeir það sjálfir. Ekki hika við að biðja um aðstoð ef þú lendir í vandræðum. Japanar eru tilbúnir að ganga ansi langt til að hjálpa þér,“ útskýrir Thelma.

„Það sem mér finnst langbest við Japan er öryggið sem maður finnur fyrir hér í samfélaginu.“

Thelma segir Japana vera forvitna um Ísland. „Já, fólk verður mjög spennt þegar ég segi að ég sé frá Íslandi,“ segir Thelma sem hefur nokkrum sinnum komið fram í japönsku sjónvarpi og sagt frá Íslandi og íslenskri menningu.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

www.n1.is facebook.com/enneinn




ENNEMM / SÍA / NM82008

Alltaf til staðar

Nesti N1

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



## Íslenskt hugvit

Nýtt þjóðaröryggisráð kom saman á öruggum stað í vikunni.

Efni fundarins var svo eldfimt að nauðsynlegt þótti að halda hann í gömlu loftvarnarbyrgi bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Einhvern tíma hefði manni nú brugðið við slíkar fréttir en þetta er víst allt fullkomlega eðlilegt. „Varstu ekki búinn að heyra um hryðjuverkaárásirnar í London og Manchester? Þetta gæti allt eins gerst í Reykjavík,“ les maður í kommentakerfunum.

Nú er talað um vopnaða löggæslu á öllum stærri mannamótum í sumar. Ha? Er það ekki full róttækt? Nei, almenningur hefur verið að venjast því að sjá sérsveitina æ oftar vopnaða á undanförnum árum. Þetta er bara rökrétt framhald, segir ríkislögreglustjóri. Frábært. Get ég þá hætt að hafa áhyggjur af brjáluðum íslamistum á Þjóðhátíð eða Secret Solstice? Eru þið með einhverja áætlun?

Já, eftir að hafa fengið sérstakt mat greiningardeildar um málið komust sérfræðingar að þessari niðurstöðu: Í stað þess að sérsveitin væri með vopn inni í lögreglubílunum skyldu sérsveitarmenn nú bera byssur á lærunum. Þannig verða menn tilbúnir í mjög skjót viðbrögð ef einhver hætta stafar að almenningi sem kemur saman í stórum stíl. Þá þarf lögreglan ekki að hörfa af vettvangi, leita að vopnum sínum og koma svo aftur í dalinn sem þá er kannski lokaður með mörg þúsund manns á svæðinu. Skammbyssur á lærunum til að auka viðbragðstímann! Af hverju datt okkur þetta ekki í hug fyrr? Þvílík snilld.

Mér líður mun betur. Er búið að benda þeim hjá Scotland Yard á þetta? Þessir menn eru með allt á hreinu.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN
Krónan mælir með!
299 kr. pk.
Nektarínur 1 kg. Spánn

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gildir til 19. júní eða á meðan birgðir endast.

BYKO
1962-2017
55 ára
Skoðaðu tilboðin á byko.is
GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ TIL 19. JÚNÍ!

KVENHJÓL 26” 6 gíra, bretti, bögglaberi og karfa.
-31%
19.995 kr.
49620201
Almennt verð: 28.995kr.
#1 VINSÆLASTA HJÓLIÐ Í BYKO
PHOENIX
ÞÚ SPARAR 9.000kr.

GRILL PRO GASGRILL 7,3 kW.
-33%
19.995 kr.
50657522
Almennt verð: 29.995kr.
GRILLPRO
7,3 kw
2 brennarar
ÞÚ SPARAR 10.000kr.

SLATTUVÉL
GC-PM 46, 1,9kW.
27.995 kr.
748300652
Almennt verð: 39.995kr.
-30%
Einhell
ÞÚ SPARAR 12.000kr.

BLÓMAPOTTAR - 30% GARÐHÚSGÖGN -20% SUMARLEIKFÖNG - 30%
GRILLFYLGIHLUTIR -25% REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR -30% TJÖLD -30%
REIÐHJÓL -20% FERÐATÖSKUR -30% ÖLL VIÐARVÖRN -25% ÚTIMÁLNING -25%
JÁRNHILLUR -30% SONAX -20% TRÖPPUR OG STIGAR -30%
SNICKERS VINNUFÖT -20% PLASTBOX -30% VINNUVETTLINGAR -20%
GÆLUDÝRAVÖRUR -20% BARNABÍLSTÓLAR - 25%

Hæ, hó og jibbíjei!
LOKAÐ 17. JÚNÍ, OPIÐ Í BREIDD OG GRANDA SUNNUDAGINN 18. JÚNÍ

PALLA-LEIKUR BYKO
Vertu með!
1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!
Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 14. júlí.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN